

19. ársþing Héraðssambands Vestfirðinga 15. maí 2019

Haldið í Stjórnsýsluhúsinu Ísafirði kl. 17:00

Dagskrá:

1. Þingsetning.

Ásgerður Þorleifsdóttir, formaður HSV, setur þingið og býður gesti velkomna. Minnir á að skila inn kjörbréfum.

2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.

1. þingforseti er Birna Lárusdóttir og 2. þingforseti Ingi Björn Guðnason. Birna tekur við stjórn þingsins.

3. Kosning fyrsta og annars þingritara.

1. Salome Elín Ingólfssdóttir og 2. Bjarney Gunnarsdóttir

4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.

Ekki er gerð athugasemd við boðun þingsins og því haldið áfram og kosið í þriggja manna kjörbréfanefnd. Sigmundur Fríðar Þórðarson formaður, Marinó Hákonarson og Harpa Björnsdóttir. Nefndin tekur strax til starfa.

5. Skýrsla stjórnar lögð fram.

Ásgerður Þorleifsdóttir flutti skýrslu stjórnar.

Kæru félagar, fulltrúi UMFÍ og ÍSÍ og aðrir gestir.

Ég býð ykkur hjartanlega velkomin á þetta 19. ársþing HSV.

Skv 6.gr laga HSV er markmið sambandsins að sameina íbúa héraðsins og stuðla að sjálfstæði Íslendinga. Í lögum eru líka greint frá leiðum að þessum markmiðum en það er meðal annars að:

a) Að starfa í anda friðar, jafnréttis og menningarhugsjóna.

- b) Að vinna að útrýmingu skaðnautna og hafa samvinnu um bindindismál við bindindisfélög.
- c) Að vinna að náttúruvernd og bættri umgengni við landið.
- d) Að glæða með fólki áhuga fyrir verndun móðurmálsins og sögu þjóðarinnar.
- e) Að efla með fólki tryggð og rækt við heimili, áttuga og ættjörð.
- f) Að efla í hvívetna almenna fræðslu og uppeldisstarf.

Markmið Héraðssambands er í raun að vinna að sameiginlegum hagsmunum aðildafélagana, stuðla að auknu samstarfi meðal þeirra, vera málsvari þeirra og tengiliður við UMFÍ og ÍSÍ. Sterk staða og traust til sambandsins skiptir miklu fyrir allt íþróttalífið á svæðinu. Ábyrgðin er okkar allra, samvinna og góð samskipti okkar á milli hjálpar til við áframhaldandi uppbyggingu á okkar góða starfi og að öllum öðrum ólöstuðum þá verð ég að nefna það hversu lánsöm við erum með framkvæmdastjórann okkar hana Siggú Láru, sem er svo sannarlega iðin og öflug í því að halda samskiptum á lofti og að miðla upplýsingum til aðildafélaganna.

Það er óhætt að segja að síðasta ár hafi verið lærdómsríkt hjá mér eftir að ég tók að mér formennsku HSV. Ég hafði svo sem gert mér í hugarlund hversu öflug og mikil vinna er unnin í kringum öll þau íþróttafélög sem starfrækt eru hér á svæðinu, en nú hef ég kynnst því enn frekar. Það er í raun alveg magnað hvað við náum að halda úti fjölbreyttu íþróttalífi með ekki fleiri iðkendur og svo ekki sé minnst á þá sjálfboðaliða sem starfa innan hreyfingarinnar.

Ég held að það sé óhætt að segja að aldrei verður of oft þakkað fyrir þann gríðarlega öfluga hóp sem við höfum af sjálfboðaliðum sem halda starfinu gangandi.

Stjórn ásamt framkvæmdastjóra vann á árinu að hinum ýmsu verkefnum. Haldnir voru 10 stjórnarfundir og fjölmargir aðrir minni fundir í hinum ýmsu nefndum og með aðildarfélögum.

Á síðastliðnu þingi var samþykkt að HSV sækti um að vera fyrirmyndahérað ÍSÍ og segja má að það hafi verið rauði þráðurinn í verkefnum ársins. Fyrir þinginu í ár liggja fyrir samþykktir á nýjum stefnum HSV en það er Jafnréttisáætlun, Umhverfisstefna, Félagsmálafélag, Fræðslu- og forvarnarstefna sem og viðbragðsáætlun vegna m.a. eineltis, kynferðisbrota og agabrota. Þetta hefur verið töluverð vinna en samt sem áður nauðsynleg vinna fyrir sambandið. Með þessari vinnu er nú til skriflegir samningar, ráðningasamningar, upplýsingar um

Héraðsþing HSV 15. maí 2019

hlutverk stjórnar og starfsmanna og fleira og mun þessi vinna nýtast stjórn og starfsmönnum um ókomin ár.

Me too umræðan hefur verið áberandi á árinu og er það áhyggjuefni hvað í raun mikil og íþyngjandi ábyrgð leggst á þá sjálfbæðaliða sem halda starfsemi íþróttafélaga gangandi. Því hefur verið nauðsynlegt að leggjast í þessa miklu vinnu og er það von okkar að aðildafélögin geti gert allar þessar stefnur að sínum, og viti hvernig skuli bregðast við í alls skyns tilvikum sem upp geta komið en viðbragðsáætlunin sem nú er lögð fram er ansi víðtæk.

Sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn á Ísafirði í október en fulltrúar héraðssambanda allsstaðar af landinu mættu til fundarins. Þá sóttu framkvæmdastjóri og formaður vinnufund um framtíðarskipan íþróttamála. Fundurinn var haldinn að frumkvæði ÍSÍ og í samvinnu við UMFÍ og voru þar saman kominn fjöldi formanna og framkvæmdastjóra héraðssambanda, íþróttabandalaga og sérsambanda af öllu landinu. Segja má að megin niðurstöður þessa vinnufundar hafi verið sameining og samvinna. Það var í raun alveg sama hvað um var rætt, niðutstaðan var nánast undantekningalaust sameining UMFÍ og ÍSÍ og sameining héraðssambanda. Það verður að viðurkennast að það sem hefur komið mér hvað mest á óvart þetta fyrsta ár mitt sem formaður er hversu mikið er verið að vinna sömu vinnu á mörgum stöðum og hversu mikið væri hægt að sameina og samþætta störf innan hreyfingarinnar. Við höfum ekki heyrt neitt um áframhald á vinnu með niðurstöður þessa vinnuþings en vonandi verður e-ð áframhald á þessari vinnu.

Afrekssjóður

Tilgangur Afrekssjóðs er að styrkja þá einstaklinga innan HSV sem náð hafa umtalsverðum árangri í íþrótt sinni. Segja má að sjaldan eða aldrei hafa jafn margir iðkendur innan aðildafélaga HSV verið valin í verkefni á vegum sinna sérsambanda, hvort sem það séu í unglinglandslið, úrtakshópa, ólympíuleika æskunnar, ólympíuleika fatlaðra og landslið. Árið 2018 var gerður styrktarsamningur við fjóra iðkendur og fá þau samanlagt 1.260.000 kr en greitt er út mánaðarleg upphæð í eitt ár.

Í lok árs 2018 lagði HSV inn erindi til Íþrótt og tómstundaneftndar Ísafjarðabæjar þar sem HSV óskaði eftir því við Ísafjarðarbæ að komið yrði til móts við ungt afrekshólk í sveitarfélaginu á aldrinum 14-21 árs með sumarvinnu.

Héraðsþing HSV 15. maí 2019

Ungt afreksfólk í íþróttum sem valið hefur verið til að keppa fyrir landslið Íslands í sinni íþróttagrein er gjarnan upptekið stóran part sumars í æfinga og keppnisferðum. Sú fjarvera frá heimabyggð veldur þeim erfiðleikum við að stunda vinnu vegna fjarvista og einnig er erfitt að fá vinnu þegar fyrirséð er að viðkomandi þurfi mikið frí til að sinna ástundun og æfinga- og keppnisferðum. Það var svo í apríl sl sem Ísafjarðabær samþykkti erindið og er það von okkar að þetta komi afreksfólki okkar til góða. Það er gaman frá því að segja að önnur íþróttahéruð settu sig strax í samband við HSV þegar þetta var samþykkt og leituðu upplýsinga því þau hugðust óska eftir sambærilegum stuðningi á sínu svæði.

Svokallað afreksform hefur verið starfrækt undanfarin ár og er í boði fyrir iðkendur 12 -16 ára. Boðið hefur verið upp á styrktaræfingar í samvinnu við Sjúkraþjálfun Vestfjarða og er það von okkar að íþróttafélög verði dugleg að hvetja sína iðkendur að nýta þetta form, og jafnvel setja inn í æfngatöflu iðkenda. Í vetur bættist svo við hugræn þjálfun en Baldur Ingi Jónasson hélt fyrirlestra varðandi markmiðasetningu, sjálfstraust, leiðtogaþjálfun, liðsanda og fleira. Þetta er verkefni sem er í þróun og er stefnan sett á að efla þennan þátt sem og bæta við þriðja hattinum sem er næringarþjálfun.

Í síðustu ársskýrslum hefur þessi liður um afrekssjóð alltaf verið nefndur undir nafninu afrekisstefna. Í raun er HSV ekki með neina formlega afrekisstefnu og tel ég að það sé verðugt verkefni sem við ættum að fara í. Og í því samhengi komum við að íþróttaskólanum.

Íþróttaskóli HSV er að ljúka sínu níunda starfsári núna. Starfsemin hefur gengið vel en segja má þó að reksturinn sé ansi sveiflukenndur. Árið 2018 var töluverður rekstrarafgangur af skólanum sem í raun kemur ekki af góðu en skýringuna má helst finna í því að illa gekk að ráða þjálfara í minni byggðarlögin og erfiðalega gekk að ráða sundkennara. Það hófst þó að lokum en sundæfingar eru þó meira en helmingi færri en verið hefur. Þá hafa snjóalög líka áhrif á reksturinn vegna færri æfingadaga. Það er vilji okkar stjórnar að efla starfsemina á minni byggðalögum í samstarfi við aðildafélögin og gekk vorönn 2019 mjög vel hvað þjálfarmál varðar í byggðalögunum í kring.

Við viljum hafa skólann í stöðugri þróun og við viljum líka fá að vita hvernig foreldrum líkar við þjónustuna og ekki síst hvernig börnunum líður. Þrátt fyrir að allt hafi gengið vel og að við séum ákaflega stolt af þessu brautryðjanda verkefni sem íþróttaskólinn er þá er hann svo sannarlega ekki hafinn yfir

Héraðsþing HSV 15. maí 2019

gagnrýni og er þetta starf sem þarf að vera í stöðugri endurskoðun. Við sóttum um styrk og höfum sett okkur í samband við Háskóla Íslands varðandi það að gera gæðaúttekt á skólanum. Er hann að skila þeim árangri sem við viljum sjá? Er það gríðalega öfluga unglingastarf sem nú er í gangi, og allur sá fjöldi unglinga sem eru í úrtakshópum sinna landsliða, mögulega íþróttaskólanum að e-u leyti að þakka? Ég er sannfærð um að gildi íþróttaskólans sé mikið og rannsóknir sýna að börn sem iðka sem flestar íþróttagreinar langt fram eftir aldri skili sér í betri íþróttamanni síðar meir. Það er mér mjög minnisstætt og ég vitna oft í meistara Northaug. Petter Northaug, sem er einn af betri skíðagöngumönnum samtímans kom og tók þátt í Fossavatnsgöngunni 2017. Æfingakrakkar hjá SFÍ voru svo lánsöm að fá að hitta hann og ræða við hann og þar hvatti hann börnin til að æfa sem fjölbreyttast, ekki vera bara á gönguskíðum, hann hafi ekki valið skíðagönguna fyrr en hann var 16 ára gamall, en fram að því prófaði hann allar mögulegar íþróttir.

Mig langar líka að minnast á styrktarsjóð þjálfara en honum er ætlað að auka þekkingu og færni þjálfara og með því móti auka gæði þjálfunar og efla íþróttastarf í sveitarfélaginu. Það á að vera markmið okkar allra að vilja auka faglega umgjörð íþróttastarfs á svæðinu og hvetjum við félög til að nýta sér þennan sjóð. Einnig langar mig að þakka Skaginn 3x og starfsmönnum þess en þeir hafa stutt dyggilega við barna- og unglingastarf en Styrkur Skagans 3X fyrir árið 2018 er kr. 1.500.000 en fyrirtækið gefur jafnháann styrk til aðildarfélaga HSV 2019.

Rekstur sambandsins gekk vel síðastliðið ár. Skýringar á rekstrarafgangi er að hluta til rakin hér að ofan, þá er hluti þessa afgangs vegna þjálfarasjóðs sem ekki náðist að úthluta á árinu 2018 en stefnt er að úthluta öllum þeim sjóð á árinu 2019. Þá hefur hluti verkefnasjóðs safnast upp síðastliðin ár og verður þeim fjármunum einnig úthlutað árið 2019. Árið 2018 er því rekið með miklum hagnaði, en fjárhagsáætlun sem lögð hefur verið fram núna fyrir árið 2019 sýnir að sama skapi mikið tap til að koma út þessum peningum.

En framundan er krefjandi ár, með tilheyrandi launahækkunum og verður það verkefni nýrrar stjórnar að endurnýja samning við Ísafjarðabæ en núverandi samstarfssamningur rennur út í árslok. Það er að sjálfsögðu vilji stjórnar HSV að endurnýja þennan samning og halda áfram því góða samstarfi sem HSV hefur átt við bæjarfélagið. Það má segja að við séum sannarlega fyrirmyndahérað þegar kemur að þessum samningi en hann hefur vakið athygli hjá öðrum Íþróttahéruðum, sveitarfélögum og Íþróttafélögum um land allt og

Héraðsþing HSV 15. maí 2019

hefur hann verið öðrum hvatning til frekara samstarfs milli grasrótar og bæjarfélags.

Breytingar á starfsmönnum og stjórn.

Salome Elín Ingólfssdóttir sem starfað hefur sem yfirþjálfari íþróttaskólans sagði starfi sínu lausu í lok árs 2018 og lætur af störfum núna í júní. Ráðinn var nýr yfirþjálfari en það er Bjarney Gunnarsdóttir íþróttifræðingur og kom hún til starfa núna 1.maí og mun starfa við hlið Salome fram í júní. Vil ég fyrir hönd stjórnar þakka Salome fyrir einstaklega gæfuríkt og gott samstarf og óska henni velfarnaðar á nýjum vettvangi. Á sama tíma býð ég Bjarneyju velkomna til starfa.

Fyrir þetta þing hefur einn stjórnarmaður ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu og þakka ég Inga Birni Guðnasyni fyrir framlag sitt til HSV og aðildarféлага þess. Að lokum vill ég þakka öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóginn við að gera þetta samfélag sem við lifum í að betri stað til að búa á, með því að stuðla að öflugu og kraftmiklu íþróttalífi.

6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.

Karl Ásgeirsson gjaldkeri HSV leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins. Reikningar eru í ársskýrslunni. Lagðir fram sem þingskjal nr.1.

7. Ávörp gesta.

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, ávarpar þingið fyrir hönd UMFÍ og flytur kveðju frá Hauki Valgeirssyni formanni UMFÍ. Þakkar fyrir góðar móttökur í október og þar stendur hæst uppúr óformlegt spjall sem hún átti við stjórnendur HSV. Áhugavert að skoða ársreikninginn, að sjá hversu mikil áhrif stærsta verkefni UMFÍ hefur, þ.e.a.s hinn daglegi rekstur íþróttafélaga um allt land. UMFÍ mun halda áfram að standa vörð um það að UMFÍ og ÍSÍ haldi utanum um úthlutun lottótekna. Ræðir verkefni um börn af erlendum uppruna sem UMFÍ er þátttakandi í. Nefnir ferð til Danmerkur þar sem UMFÍ fer ásamt föruneysi til að kynna sér það sem þar er á döfinni, t.a.m um rafíþróttir. Mikilvægi þess að meta hvar þarfir og samleiðin liggur. Stærstu verkefni UMFÍ eru flutningur búðanna frá Laugum í Sælingsdal og yfir á Laugarvatn.

Héraðsþing HSV 15. maí 2019

Auður afhendir tvö starfsmerki UMFÍ. Annarsvegar eru það hjónin Árni Aðalbjarnarson og Rósa Þorsteinsdóttir. Þau eru frumkvöðlar í almenningshlaupum á Ísafirði, stofnaðilar hlaupahópsins Riddara Rósu. Hafa verið iðin við að halda mikilvægi lýðheilsu á lofti auk þess að taka vel á móti nýjum félögum í hlaupastarfið. Í umsögn um þau hjón segir að það ættu allir að hafa eitt par af Rósu og Árna innan sinna banda.

Auður sæmir einnig Guðnýju Stefaníu Stefánsdóttur gullmerki UMFÍ fyrir hennar störf í þágu hreyfingarinnar. Hún sér yfirleitt um sín mál sjálf eins og flestir vita, er eldhugi í félagasmálastörfum sem og öðrum. Hefur verið formaður HSV, verið drífandi á vettvangi íþrótta, fyrrum formaður íþrótta- og tómstundarnefndar Ísafjarðarbæjar. Hefur staðið vaktina á landsmótum sem haldin hafa verið á svæðinu og er vel að þessu komin.

Ingi Þór Ágústsson, nýendurkjörinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ, tekur til máls fyrir hönd ÍSÍ. Tekur fram að alltaf sé gaman að koma heim. Færir kveður frá starfsfólki ÍSÍ, framkvæmdastjóra og formanni. Finnst gaman að sjá hversu gott og mikilvægt starf fer fram í HSV. Framundan hjá ÍSÍ eru smáþjóðaleikar í Svartfjallalandi þar sem sendir verða fjölmargir keppendur frá Íslandi. Erum að dragast á eftir þeim þjóðum sem keppa þar með okkur, en það er von hans að bæting verði á næstu árum. Stór þáttur þar er menntun þjálfara og efling héraðssambanda þannig að starfið verði enn öflugra. Þing ÍSÍ er nýafstaðið, mörg mál rædd og það sem brennur mest á þeim sem búa á landsbyggðinni er rekstur héraðssambanda og að það er erfitt að reka félög á landsbyggðinni. Það þarfa að leita leiða til þess að það fjármagn sem er til skiptanna skiptist sanngjarnt á milli þeirra sem eru um það. Félög á höfuðborgarsvæðinu geta notað um 60% af innkomu í laun þjálfara en það hlutfall fer í ferðakostnað félaga úti á landi. Íþróttabandalög vilja komst inn í UMFÍ til að fá úthlutað lottótekjum frá þeim líka. Sem formaður ferðasjóðs ræðir hann málefni sjóðsins. Sjóðurinn hefur til úthlutunar innan við 10% af því fé sem sótt er um. Einungis 40% af þeim sem skiluðu inn skýrslum skiluðu inn mati á kostnaði við gistingu. ÍSÍ hefur óskað eftir samstarfi þannig að íþróttahópar fái aðgang að skólahúsnæði eins og áður var svo að félög utan að landi geti verið með skólagistingu eins og t.d. tíðkast á Akureyri. HSV fær 10,6 milljónir úr ferðasjóðnum, um 27%, fjölgreinafélög fá meira en stöku félögin. Ingi ræðir einnig um afrekssjóður ÍSÍ, þaðan er úthlutað um 450 milljónum á ári. Hann hvetur HSV einnig til að halda áfram þeirri vinnu að verða fyrirmyndarsamband. Ræðir skýrslu formanns og hversu vel starf HSV er

Héraðsþing HSV 15. maí 2019

tíundað þar. Vonar að samvinna verði meiri milli ÍSÍ og UMFÍ á næstu árum. Hann er alltaf spurður út í nokkur atriðið varðandi HSV. Íþróttaskólinn er þar oft til umræðu. HSV sker sig úr varðandi iðkendur og hefur íþróttaskólinn þar mikið að segja. Hann er ekki gallalaus, en er mikil gullkista fyrir bæjarfélagið. Önnur héraðssambönd hafa ekki svona samninga við bæjarfélagið, rekstrasamning eða aðra samninga. Einnig spurður um sumarvinnu afreksfólks sem samið var um við Ísafjarðarbæ nú á vordögum. HSV vekur athygli annars staðar á landinu og hvetur til áframhaldandi góðra starfa.

Veittar voru viðurkenningar frá ÍSÍ fyrir vel unnin störf.

Tryggvi Sigtryggsson fær gullmerki ÍSÍ. Tryggvi hefur starfað lengi fyrir golfklúbbinn, starfað í nefndum og stjórn Golfklúbbsins en hefur nú látið af þeim störfum og er orðinn sjálfboðaliði. Hefur setið í öðrum nefndum og stjórnnum innan íþróttahreyfingarinnar.

Þröstur Jóhannesson fær gullmerki ÍSÍ. Þröstur hefur um langt árabil starfað fyrir Skíðafélagið, setið í stjórn og nefndum fyrir Skíðafélagið. Hefur unnið ötullega að eflingu og framgöngu Fossavatnsgöngunnar ásamt öðrum félögum. Að lokum þakkar Ingi Þór fyrir það mikla framlag sem lagt er til íþróttastarfs í bænum.

Gert var hlé á dagskrá til þess að veita starfsmerki HSV.

Ásgerður formaður og Sigríður Lára framkvæmdastjóri veita starfs- og heiðursmerki.

Silfurmerki HSV 2019:

Guðrún Ásbjörg Stefánsdóttir

Guðrún (Gósi) hefur unnið fyrir Golfklúbb Ísafjarðar um árabil. Hafa þau hjón hún og Tryggvi unnið samhliða að öllu starfi hjá klúbbnum. Guðrún hefur starfað í ýmsum nefndum fyrir klúbbinn meðal annars í mótanefnd og hefur þannig með ötulum hætti stuðlað að framgangi Golfklúbbsins hvort heldur er hvað varðar mótahald, rekstur golfskálans svo ekki sé talað um alla afkomendur þeirra hjóna.

Reynir Pétursson

Reynir er einn af máttarstólpum Golfklúbbs Ísafjarðar. Eftir að hann fór á eftirlaun má segja að hann hafi mætt upp á hvern einasta dag til að vinna í á vellinum og nánast hægt að ganga að honum öll sumur við vinnu á vellinum. Reyni er mjög umhugað um ræktun vallarins og lætur

sitt ekki eftir liggja í þeim málum. Hann hefur einnig lagt ómælda vinnu í þúttvöllinn á Torfnesi og fáir sinnt honum jafnvel og Reynir. Að auki má nefna að Reynir er góð fyrirmynd fyrir íbúa hvað varðar heilsueflingu en Reyni má gjarnan sjá á heilsubótagöngu víðsvegar í kring um bæinn.

Jón Hálfván Pétursson

Jón Hálfván hóf ungur iðkun knattspyrnu hjá BÍ88 og hélt því áfram upp alla yngri flokkana og alla leið upp í meistaraflokk. Þegar leikmannsferlinum lauk hóf hann nám í íþróttáfræðum og fljótlega varð ljóst að knattspyrnuþjálfun vakti talsverðan áhuga hjá honum. Hann hóf því að þjálfa yngri flokka og telst nú hafa þakið allt sviðið: hann hefur þjálfað svo til alla flokka BÍ88 og Vestra, frá fjögurra ára krökkum allt upp í meistaraflokk þar sem hann var um tíma aðalþjálfari en hefur auk þess verið aðstoðarþjálfari og liðsstjóri. Þá hefur hann verið stjórnarmaður í meistaraflokksráði um leið og hann hefur tekið að sér hin ýmsu trúnaðarstörf fyrir félagið.

Vandfundinn er jafn skilvirkur og áhugasamur liðsmaður og Jón Hálfván. Það er skoðun okkar sem til þekkja að án krafta hans og elju væri staða deildarinnar talsvert önnur og lakari. Það er því með mikilli ánægju sem Vestri tilnefnum Jón Hálfván til móttöku silfurmerkis Héraðssambands Vestfirðinga þó að við vitum líka að það kemst hvergi náðarnærri því að sýna störfum hans fullan og verðskuldaðan sóma.

Heimir Hansson

Heimir hefur stundað skíðagöngu frá unga aldri og keppt fyrir hönd Skíðafélagsins bæði á unglingsmeistaramótum, Skíðamótum Íslands sem og almenningsgöngum um víða veröld. Hann hefur einnig starfað sem þjálfari hjá SFÍ og sat í göngunefnd um árabil þar til að hann lét af störfum í fyrra. Heimir er einnig lykilaðili í mótahald í skíðagöngu á Ísafirði og hefur verið í mótanefnd SFÍ og komið að skipulagningu nær allra þeirra skíðagöngumóta sem haldin hafa verið hér s.l. áratug. Einnig er hann stjórnarmaður í Fossavatnsgöngunni og átt stóran þátt í velgengni hennar. Heimir er þó ekki bara sjálfboðaliði heldur hefur hann einnig keppt í öðrum íþróttum s.s. hlaupum, sundi og þríþraut.

Gullmerki HSV:

Finnur Magnússon

Finnur Magnússon hefur starfað í Golfklúbbi Ísafjarðar í nokkra áratugi, en aldrei meira en eftir hann komst á eftirlaunaaldur fyrir nokkrum árum síðan. Finnur sat einnig um tíma í stjórn HSV

Hann hefur séð um rekstur Golfskálans í einu og öllu, bæði hvað varðar veitingasölu og þrif og umsjón. Er hans vinna þar ómetanleg fyrir klúbbinn. Auk þess hefur hann verið ötull verkmaður á öllum vinnukvöldum klúbbsins. Finnur hefur einnig ásamt Reyni Pétursyni séð um hirðingu púttvallarins sem er staðsettur á Torfnesssvæðinu og er mikið notaður af eldri borgurum. Finnur er enn að, er varaformaður Kubba íþróttafélags eldri borgara og er mjög virkur í þeirra starfi bæði sem iðkandi og sjálfboðaliði. HSV þakkar hér með Finni öll hans góðu störf og hvetur til áframhaldandi starfs fyrir íþróttahreyfinguna í Ísafjarðarbæ.

Marinó Hákonarson

Marinó hefur unnið dyggilega fyrir íþróttahreyfinguna á Ísafirði um áratuga skeið og er enn að. Hann var lengi í stjórn ÍBÍ þar af sem formaður síðust ár bandalagsins. Marinó var einnig formaður undirbúningsnefndar um stofnun HSV.

Þegar gluggað er í fundargerðir HSV í gegnum tíðina sést nafn Marinós að ég tel oftast en nokkuð annað; Marinó Hákonarson þingforseti, Marinó fundarstjóri, Marinó leggur áherslu á, Marinó telur, Marinó ítrekar, Marinó kallaður til ráðgjafar. Það má líka segja um Nóa að hann vill halda í hefðir og hafa formfestu á hlutunum og þó það hafi á köflum tekið á þá hefur það jafnframt veitt gott aðhald og tryggt góða starfshætti stjórnar.

Marinó er nú formaður hestamannafélagsins Hendingar og hefur verið um langa hríð. Hefur hann ötullega barist fyrir hönd félagsins að fá bættu aðstoðu sem félagið missti við gerð Bolungarvíkurganga. Nú hefur sú deild loksins verið leyst og hefur reiðhöll nú spröttið upp í Engidal að milku leiti í sjálfboðavinnu Marinós og félaga í Hendingu. HSV þakkar Marinó öll hans góðu störf og hlakkar til áframhaldandi samstarfs.

8. Álit kjörbréfanefndar.

Héraðsþing HSV 15. maí 2019

Sigmundur Fríðar Þórðarson skilar álit kjörbréfanefndar.

Félag	Fjöldi félagsmanna 18 ára og eldri	Fjöldi fulltrúa	Mættir fulltrúar
G.Í.	126	3	2
Geisli	182	4	
Gláma*	0	1	
Grettir	98	2	
Hending	35	1	1
Höfrungur	240	5	5
Hörður	284	6	
Ívar	40	1	1
Kubbi	59	1	1
SFÍ	409	8	5
Skotfélag	196	4	
Stefnir	111	2	2
Stormur	90	2	
Sæfari	260	5	
TBÍ*	0	1	
Vestri	951	9	9
Víkingur*	0	1	
	3081	56	26

**Félög sem ekki hafa skilað inn starfs- og ársskýrslum og hafa því ekki atkvæðisrétt á þingi.*

Hestamannafélagið Hending: Marínó Hákonarson

Golfklúbbur Ísafjarðar: Kristinn Þórir Kristjánsson og Salmar Jóhannsson

Íþróttafélagið Höfrungur: Arnar Sigurðsson, Guðmundur Helgi Jónsson, Jóhanna Jörgensen Steinsdóttir, Lísbet Óla Steinsdóttir, Sigmundur Fríðar Þórðarson

Íþróttafélagið Ívar: Harpa Björnsdóttir

Íþróttafélagið Kubbi: Finnur Magnússon

Skíðafélag Ísfirðinga: Díana Jóhannsdóttir, Sif Huld Albertsdóttir, Heimir Hansson, Elísa Stefánsdóttir, Elísabet Samúelsdóttir

Íþróttafélagið Stefnir: Þorgerður Karlsdóttir, Tara Óðinsdóttir

Vestri: Hjalti Karlsson, Birna Lárusdóttir, Svavar Þór Guðmundsson, Ragnar Sigtryggsson, Jónas Gunnlaugsson, Jóna Lind Kristjánsdóttir, Harpa Grímsdóttir, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Guðfinna Hreiðarsdóttir

9. Umræður um skýrslu stjórnar.

Orðið er laust um skýrslu stjórnar og reikninga. Marinó Hákonarson biður um orðið og ávarpar þingið. Vill halda fólki við efnið meðan hann getur. Óskar HSV til hamingju með reksturinn, ánægður með það þegar reksturinn er réttu megin við núllið. Staða á bankareikningum er frekar há og það lætur hann fara í taugarnar á sér. Það var ekki meiningin við stofnun að HSV væri sparisjóður. Hefur skorað á formann og framkvæmdastjóra að greiða út þá styrki sem á legðust á árinu í stað þess að liggja með þessa peninga. Vill að félögin eigi ekki innistæðu hjá HSV á áramótum. Hefði viljað að ársskýrsla HSV hefði fylgt gögnum sem send voru út fyrir þetta þing. Því sem þarf að taka afstöðu til er vísað til fjárhagsnefndar.

10. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.

Umræður teknar með lið 9.

Reikningar samþykktir samhljóða.

11. Skipað í nefndir til starfa á þinginu:

Fjárhagsnefnd: Karl Kristján Ásgeirsson formaður, Heimir Hansson ritari

Allsherjarnefnd: Hildur Elísabet Pétursdóttir formaður og Ingi Björn Guðnason ritari

Laganefnd: Guðný Stefanía Stefánsdóttir formaður, Baldur Ingi Jónasson ritari

Kjörnefnd: Svavar Þór Guðmundsson formaður, Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir ritari.

12. Fjárhagsáætlun lögð fram.

Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir framkvæmdastjóri HSV leggur fram fjárhagsáætlun HSV fyrir árið 2019. Reiknað er með halla þetta ár sem á sér skýringar. Verkefnasamningar og Styrktarsjóður þjálfara gefur þær skýringar þar sem í þeim sjóðum liggja upphæðir.

Karl Kristján gjaldkeri HSV tekur til máls og er sammála því að þetta samband sé ekki hugsað til að geyma peninga og vill leggja áherslu á að það er stefna

Héraðsþing HSV 15. maí 2019

stjórnar HSV að svo sé ekki. Marinó Hákonarson kveður sér hljóðs og óskaði eftir því að fjárhagsáætlun væri lögð fram með jöfnuði, hann er ánægður með niðurstöðu stjórnar um að peningarnir séu að fara út úr sjóði HSV inn til félaganna. Hefði viljað sjá lið eins og inneign í verkefnasjóði, inneign í þjálfarasjóði o.s.fr., þá hefði verið skilgreining á því hvaðan þessir peningar eru komnir.

Þingforseti vísar fjárhagsáætlun til fjárhagsnefndar sem tillögu nr.1 þingskjali nr. 2.

13. Laga- og reglugerðabreytingar lagðar fram.

Guðný Stefanía Stefánsdóttir leggur fram tillögu til breytinga á reglugerð Afreksmannasjóðs HSV.

Tillaga nr. 2, þingskjal nr. 3

Stjórn Afreksmannasjóðs HSV leggur til að 19. ársþing HSV, haldið á Ísafirði 15. maí 2019 samþykki eftirfarandi breytingar á reglugerð sjóðsins:

Sjá tillögu í fylgiskjali 1.

Greinagerð:

Nú hefur tvisvar verið unnið eftir nýrri og breyttri reglugerð Afreksmannasjóðs HSV. Þær breytingar sem hér koma fram eru fyrst og fremst til að einfalda texta og auðvelda vinnuferil varðandi umsóknir. Ekki er um efnislegar breytingar að ræða.

Tillögunni vísað til laganefndar sem þingskjal nr. 3

14. Aðrar tillögur lagðar fram

Ásgerður Þorleifsdóttir leggur fram aðrar tillögur stjórnar HSV fyrir ársþing HSV 2019.

Tillaga nr. 3 þingskjal nr. 4

Þakkartillögur



19. ársþing HSV haldið á Ísafirði 15. maí 2019, samþykkir að fela stjórn að senda eftirfarandi aðilum þakkir:

- Ísafjarðarbæ, bæjarstjórn og íþrótta- og tómstundanefnd þakkir fyrir stuðning við HSV á liðnum árum og hvetur til þess að haldið verði áfram á sömu braut.
- Bæjarstjórn Bolungarvíkur þakkir fyrir gott samstarf og afnot aðildarfélaga HSV að íþróttamannvirkjum í Bolungarvík.
- Starfsmönnum íþróttamannvirkja Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur fyrir gott samstarf og þjónustu við iðkendur aðildarfélaga HSV.
- Starfsmönnum Sjúkrahjálfunar Vestfjarða fyrir gott samstarf um afreksform HSV, styrktarþjálfun fyrir unglunga.

Tillögunni vísað til allsherjarnefndar sem þingskjal nr 4

Tillaga nr. 4 þingskjal nr. 5

Hvatningartillögur

19. ársþing HSV haldið á Ísafirði 15. maí 2019, samþykkir að fela stjórn að senda eftirfarandi aðilum hvatningarkveðju:

- Til Ísafjarðarbæjar, Súðavíkurrepps og Bolungarvíkur um að styðja áfram dyggilega við íþrótta- og æskulýðsstarf.
- Til aðildarfélaga um að fjölmenna á landsmót UMFÍ 50+ á Neskaupsstað í lok júní og á Unglingalandsmót UMFÍ haldið á Höfn í Hornafirði í byrjun ágúst.
- Til aðildarfélaga sambandsins um að beita sér af alefli gegn allri tóbaksnotkun og annarri notkun fíkniefna hjá félagsmönnum sínum. Sérstaklega hjá iðkendum og þjálfurum. Á meðan að það er vöntun á rannsóknum á skaðsemi rafsígarettu ætti að takmarka notkun þeirra við sömu svæði og reykingar.

Tillögunni vísað til allsherjarnefndar sem þingskjal nr. 5

Tillaga nr. 5 þingskjal nr. 6



19. ársþing HSV haldið á Ísafirði 15. maí 2019, samþykkir að vísa eftirfarandi félögum úr HSV vegna vanhalda á skýrsluskilum:

Hnefaleikafélag Ísafjarðar

Knattspyrnufélagið Ernir

Kraftlyftingafélagið Víkingur

Reynir Hnífsdal

Ungmennafélag Mýrahrepps

Ungmennafélagið Vorblómið

Ungmennafélagið Önundur

Greinagerð:

Í 5. grein laga HSV segir:

Starfsskýrslur/ársskýrslur

Hverju aðildarfélagi innan HSV er skylt að skila starfsskýrslu eigi síðar en 15. apríl ár hvert. Starfsskýrslur skulu innihalda félagatal, iðkendatal og ársreikninga. Í starfsskýrslum skal aðgreina meistaraflokk frá barna- og unglingastarfi.

Aðildarfélög skuli skila ársskýrslum til sambandsins að loknum aðalfundum sínum eða eigi síðar en 31. maí. Ársskýrslur skulu innihalda skýrslu stjórnar með árituðum ársreikningi.

*Verði vanhöld á skýrsluskilum er HSV heimilt að halda eftir styrkjum til viðkomandi félags. Geri viðkomandi félag ekki skil á ársskýrslum á réttum tíma tvö ár í röð hefur stjórn HSV heimild til að taka viðkomandi félag af úthlutunarlista. Það fjármagn sem þegar hefur safnast upp skal renna til afreksmannasjóðs HSV. **Að auki getur ársþing HSV tekið ákvörðun um að félaginu skuli vikið úr sambandinu. Ákveði þing að víkja félagi úr sambandinu skal tilkynna það til félagsins, ÍSÍ, UMFÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.***

Félag sem fellt hefur verið úr sambandinu getur óskað eftir aðild að HSV að nýju. Skal þá fara með umsóknina samkvæmt 3. grein þessara laga, að undanskilinni kröfu um framlagningu stofnfélagaskrár.

Þar sem ofantalin félög hafa ekki sinnt skýrsluskilum samkvæmt lögum HSV og flest ekki verið með starfsemi í áratugi er hér gerð tillaga um að vísa þeim úr



HSV. Starfsemi HSV miðast við félög sem eru starfandi og sinna þeim kvöðum sem lög og reglur setja þeim. ÍSÍ hefur lagt aukna áherslu á að ofangreint lagaákvæði sé virkt hjá héraðssamböndum og íþróttabandalögum svo ekki safnist upp félög með enga starfsemi.

Tillögunni vísað til allsherjarnefndar sem þingskjal nr. 6

Tillaga nr.6 þingskjal nr. 7

19. ársþing HSV haldið á Ísafirði 15. maí 2019, samþykkir eftirfarandi stefnur og áætlanir HSV:

- Félagsmálastefna HSV
- Fræðslu- og forvarnarstefna HSV
- Umhverfisstefna HSV
- Jafnréttisáætlun HSV
- Viðbragðsáætlun HSV

Greinagerð:

Á síðasta ársþingi var samþykkt tillaga stjórnar HSV um að sambandið öðlist gæðavottun íþróttahreyfingarinnar og gerist fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Til að gerast fyrirmyndarhérað þarf HSV að sýna að það geri raunhæfar kröfur í sínu starfi hvað varðar gæði og innihald. Þessar stefnur og áætlanir eru hluti af því starfi sem unnið hefur verið til að uppfylla skilyrði sem sett eru fyrir fyrirmyndarhéruð. Aðildarfélög HSV geta síðan nýtt sér þessar stefnur og áætlanir í sínu starfi.

Sjá tillögur að stefnum og áætlunum í fylgiskjali 2, 3, 4, 5 og 6.

Vísað til allsherjarnefndar sem þingskjal nr. 7

Nú var gert var hlé á dagskrá og tekið matarhlé.

Að loknu matarhléi var þingstörfum framhaldið samkvæmt dagskrá.

15. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.

Nefndir vinna sín störf undir stjórn formanna nefnda.

16. Afgreiðsla á álitum nefnda.

Laganefnd

Guðný Stefanía Stefánsdóttir talar máli laganefndar. Ein tillaga sem lá fyrir laganefnd. Samstaða í nefndinni og góðar umræður um þær breytingar sem ræddar voru. Í grein 8.1 var gerð breyting á orðalagi. Í grein 8.3 var einnig gerð orðalagsbreyting.

Reglugerðin borin upp í heild sinni með þeim breytingum sem lagðar voru fram. Samþykkt samhljóða.

Samþykkt reglugerð Afrekssjóðs HSV má sjá í fylgiskjali nr. 7

Fjárhagsnefnd:

Karl Kristján Ásgeirsson talar máli fjárhagsnefndar. Líflegar umræður að venju í fjárhagsnefnd. Ágreiningur í nefndinni sem var ekki leystur, snýst um hvenær skal greiða út peninga til aðildafélaga. Ein breytingatillaga kom fram um fjárhagsáætlun ársins og það er í gjaldaliðunum. Nefndin er sammála um að undir verkefnasamningum í verði bætt við liðnum „ónotað framlag frá fyrri árum“ og hins vegar að á sama hátt að slík lína verði færð í gjöld þjálfarasjóðsins „ónotað framlag frá fyrra ári“. Þetta hefur ekki áhrif á lokaniðurstöðu fjárhagsáætlunar.

Tvær viðbætur inn í fjárhagsáætlun samþykktar samhljóða.

Ársskýrsla HSV fyrir árið 2018 samþykkt.

Allsherjarnefnd

Ingi Björn ritari allsherjarnefndar fylgir tillögum nefndarinnar úr hlaði. Tillögur 3, 4 og 5 eru samþykktar breytingalaust. Vissulega væri eftirsjá af þeim félögum sem væru að fara úr HSV en rætt að endurkoma þessarra félaga væri sjálfsögð ef vilji væri fyrir hendi.



Allsherjarnefnd ræddi mikið tillögu 6, þingskjal 7 um stefnur og áætlanir HSV.

Umhverfisstefna: Þar leggur nefndin til að einn liður í stefnunni verði felldur niður: „Öllum sé tryggt jafn aðgengi að íþróttasvæðum og íþróttamannvirkjum á starfssvæðinu. Gott aðgengi íbúa að útivistarsvæðum hvetur til almennrar hreyfingar sem er um leið heilsueflandi.“ Nefndinni finnst þessi punktur ekki eiga heima í umhverfisstefnunni og leggur til að þetta verði fellt út en hugað að því að þetta eigi mögulega betur heima annars staðar.

Félagsmálastefna: Ekki kom fram breytingartillaga um hana í nefndinni.

Umræður en engar athugasemdir sem komu fram.

Viðbragðsáætlun: Nokkuð rædd en engar athugasemdir gerðar við hana.

Jafnréttisstefna: Um hana sköpuðust miklar umræður. Fjallar eingöngu um kynjajafnrétti þ.e.a.s markmiðin og aðgerðirnar, en í textanum á undan markmiðunum er talað um að taka mið af öðrum þjóðfélagshópum. Huga að jafnrétti með tilliti til annarra þátta en bara kynjajafnréttis.

Fræðslu- og forvarnastefna: Þar var ósamræmi á milli stefnuyfirlýsinga og markmiða, of mikið vantar uppá til að hægt sé að samþykkja. Nefnd leggur til að gera breytingatillögu á tillögu nr.6 þingskjali nr.7.

Tillagan myndi þá standa svona:

19. ársþing HSV haldið á Ísafirði 15. maí 2019, samþykkir eftirfarandi stefnur og áætlanir HSV:

- Félagsmálastefna HSV
- Umhverfisstefna HSV
- Viðbragðsáætlun HSV

Jafnframt samþykkir þingið að vísa framlagðri tillögu að Jafnréttisáætlun HSV til stjórnar að nýju til frekari vinnslu. Vel er tekið á kynjajafnrétti en nánari útfærslu vantar varðandi jafnrétti milli ólíkra þjóðfélagshópa, t.d. fólks af erlendum uppruna. Sömuleiðis verði framlagðri Fræðslu- og forvarnarstefnu HSV vísað til stjórnar til frekari vinnslu með tilliti til samræmis á milli stefnuyfirlýsingar og markmiða, einkum með það í huga hvort einhver markmið eigi betur heima í framlagðri Viðbragðsáætlun. Samþykkt þessara tveggja stefna verði endanlega afgreidd á formannafundi.

Orðið er laust um vinnu allsherjarnefndar. Ingi Þór Ágústsson kveður sér hljóðs. Varðandi jafnréttisáætlun að hafa í huga að umræða um transbörn er orðin



áberandi í umræðu íþróttahreyfingarinnar. Gefa því gaum að þetta þarf að vera til staðar inni í áætlun. Á borði ÍSÍ liggur fyrir tillaga um transbörn Í textanum er mikilvægt að huga betur að orðalagi því að „við framkvæmum ekki rannsóknir á börnum og unglingum“.

Þingforseti afgreiðir tillögur og ber undir þingið.

Tillaga nr. 3 þingskjal nr. 4 samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 4 þingskjal nr. 5 samþykkt samhljóða. Breyta orðalagi í Neskaupstað og Bolungarvíkurkaupstað.

Tillaga nr. 5 þingskjal nr. 6 samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 6 þingskjal nr. 7. Lagt er til að felld sé út sjötta málsgrein í

Umhverfisstefnunni og er það samþykkt samhljóða. Önnur tillaga um breytingu á tillögu nr. 6, þingskjali nr. 7; nefndin leggur til að Fræðslu- og forvarnarstefna HSV og Jafnréttisáætlun sé vísað til stjórnar HSV til frekari vinnslu og síðar lögð fyrir formannafund til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

Samþykkt Umhverfisáætlun HSV er í fylgiskjali 8.

Félagsmálastefna HSV (fylgiskjal 2) og Viðbragðsáætlun HSV (fylgiskjal 6) voru samþykktar óbreyttar.

Kjörnefnd

Vísar til stjórnar HSV að kjósa fulltrúa sambandsins á þing UMFÍ

17. Önnur mál.

Engin mál rædd undir þessum lið.

18. Kosningar.

a. Kosning formanns.

Formaður Ásgerður Þorleifsdóttir gefur áfram kost á sér, gerð er tillaga um Ásgerði Þorleifsdóttur. Ásgerður fær lófaklapp og er kjörin formaður stjórnar Héraðssamband Vestfirðinga til eins árs.

b. Kosning tveggja stjórnarmanna til 2 ára.

Úr stjórn ganga Ingi Björn Guðnason og Hildur Elísabet Pétursdóttir. Hildur Elísabet gefur kost á sér til áframhaldandi starfa í stjórn og Heimir Hansson sem verið hefur varamaður í stjórn gefur kost á sér í sæti aðalmanns. Hildur og Heimir hljóta kosningu í stjórn HSV til tveggja ára.

Stjórn HSV er nú þannig skipuð:



Ásgerður Þorleifsdóttir formaður
Hildur Elísabet Pétursdóttir
Heimir Hansson
Karl Ásgeirsson
Baldur Ingi Jónasson

Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi.

c. **Kosning þriggja manna í varastjórn til 1 árs.**

Fyrir voru Karlotta Dúfa Markan, Elísa Stefánsdóttir og Heimir Hansson. Karlotta og Elísa gefa kost á sér áfram. Margrét Arnardóttir gefur kost á sér í varastjórn. Karlotta, Elísa og Margrét hljóta kosningu í varastjórn HSV til eins árs.

d. **Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.**

Guðmundur Kjartansson og Bjarki Bjarnason aðalmenn.

Óðinn Gestsson og Einar Pétursson varamenn.

Allir kosnir með lófaklappi.

e. **Kosning þriggja stjórnarmanna Afreksmannasjóðs HSV.**

Jakob Einar Jakobsson, Guðný Stefanía Stefándóttir og Yngvi Páll Gunnlaugsson og tveir til vara Gísli Jón Hjaltason og Salome Elín Ingólfssdóttir.

f. **Kosning þriggja stjórnarmanna Styrktarsjóðs þjálfara HSV.**

Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Baldur Ingi Jónasson og Jóhann Króknes Torfason, tveir til vara Hildur Elísabet Pétursdóttir og Heiðrún Tryggvadóttir.

19. Þingslit.

Birna Lárusdóttir þingforseti tæpir á þeim atriðum sem komið hafa fram á þinginu. Það vakti athygli hennar að árangur á smáþjóðaleikum hefur dalað undanfarin ár. Mikilvægt að bæta úr aðstöðuleysi íþróttaiðkenda á landinu, hvort sem er á höfuðborgarsvæðinu sem og annars staðar á landinu. Ferðakostnaður til umræðu, upp undir 80% af allri keppni fer fram á höfuðborgarsvæðinu og iðkendur utan af landi þurfa að leggja á sig heilmikið ferðalag í þeim tilfellum og einnig er gisting töluverður hluti af kostnaði liða utan af landi. Mikilvægt að nýta þá sjóði sem hægt er að sækja í.

Ásgerður formaður HSV ræðir að mikilvægt sé að hafa samstöðu um þær stefnur sem lagðar voru fyrir á þinginu. Ræðir það sem Ingi Þór kom inná að iðkendafjöldi hefur stóraukist hjá HSV og í lýðheilsuvísi landlæknis kemur fram að langmestur fjöldi unglunga stundar íþróttir á Vestfjörðum. Hún bendir á að



bæði hjá HSV og Hrafnafloka er starfræktur íþróttaskóli sem mögulega hefur sitt að segja.

Þakkar fyrir þingið, gestum fyrir komuna og slítur 19. héraðsþingi HSV.

Þingslit kl. 21:15



Fylgiskjal 1, Tillaga til Héraðsþings að breytingu á reglugerð Afreksmannasjóðs HSV

Núverandi reglugerð:

Afreksmannasjóður Héraðssambands Vestfirðinga

Reglugerð fyrir afreksmannasjóð Héraðssambands Vestfirðinga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Afreksmannasjóður Héraðssambands Vestfirðinga. Varnarþing hans skal vera starfssvæði HSV.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja þá einstaklinga innan HSV sem náð hafa umtalsverðum árangri í íþrótt sinni.

3. gr.

Eingöngu félagar innan HSV, sem stunda íþróttir sem viðurkenndar eru af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí), geta sótt um styrk úr sjóðnum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur einstaklingum auk tveggja varamanna.

Í stjórn sjóðsins skal skipa á héraðsþingi ár hvert. Eigi má velja einstaklinga til stjórnarsetu í sjóðnum er gegna stjórnarsetu í aðildarfélagi innan HSV.

Varsla sjóðsins skal vera í höndum gjaldkera HSV.

Framkvæmdastjóri HSV er starfsmaður sjóðsins.

Tillögur um breytingar:

Afreksmannasjóður Héraðssambands Vestfirðinga

Reglugerð fyrir afreksmannasjóð Héraðssambands Vestfirðinga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Afreksmannasjóður Héraðssambands Vestfirðinga. Varnarþing hans skal vera starfssvæði HSV.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja þá einstaklinga innan HSV sem náð hafa umtalsverðum árangri í íþrótt sinni.

3. gr.

Eingöngu íðkendur aðildar félaga ~~innan~~ HSV, sem stunda íþróttir sem viðurkenndar eru af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí), geta sótt um styrk úr sjóðnum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur einstaklingum auk tveggja varamanna.

Í stjórn sjóðsins skal skipa á héraðsþingi ár hvert. Eigi má velja einstaklinga til stjórnarsetu í sjóðnum er gegna stjórnarsetu í aðildarfélagi innan HSV.

Varsla sjóðsins skal vera í höndum gjaldkera HSV.

Framkvæmdastjóri HSV er starfsmaður sjóðsins.

5. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:
10% af óskiptum lottótekjum.
Styrkir og gjafir til sjóðsins.
Árlegt framlag Ísafjarðarbæjar.
Árlegt framlag fyrirtækja.
Vaxtatekjur.

5. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:
10% af óskiptum lottótekjum.
Styrkir og gjafir til sjóðsins.
Árlegt framlag Ísafjarðarbæjar.
Árlegt framlag fyrirtækja.
Vaxtatekjur.

6. gr.

Framlög er sjóðnum berast og óskað er eftir að gangi til ákveðins íþróttamanns skulu ganga þannig til viðkomandi aðila beint (að uppfylltum skilyrðum í gr. 3).

6. gr.

Framlög er sjóðnum berast og óskað er eftir að gangi til ákveðins íþróttamanns skulu ganga þannig til viðkomandi aðila beint (að uppfylltum skilyrðum í gr. 3). Framlög frá einstaklingum eða lögaðilum er sjóðnum berast og óskað er eftir að gangi til ákveðins íþróttamanns skulu ganga til viðkomandi aðila beint að uppfylltum skilyrðum sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur veitt styrk ef viðkomandi uppfyllir eitthvert eftirtalinna skilyrða:

Hann keppir á eða hefur möguleika á þátttöku á Ólympíu-, Heims-, Evrópu- eða Norðurlandameistaramótum.

Hann er valinn í landslið eða úrtakshópa fyrir landslið.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur gert samning-veitt styrk ef íþróttamaður-viðkomandi uppfyllir eitthvert eftirtalinna skilyrða:

a) Viðkomandi ~~Hann~~ keppir á eða hefur möguleika á þátttöku á Ólympíu-, Heims-, Evrópu- eða Norðurlandameistaramótum.

b) Viðkomandi ~~Hann~~ er valinn í landslið eða úrtakshópa fyrir landslið.

8. gr.

Meginmarkmið sjóðsins er að styrkja unga og efnilega íþróttamenn sem líklegir eru til að verða afreksmenn í framtíðinni. Sjóðurinn skal ná því markmiði með því að gera 1-3 ára samning.

8. gr.

Meginmarkmið sjóðsins er að styrkja unga og efnilega íþróttamenn sem líklegir eru til að verða afreksmenn í framtíðinni. Sjóðurinn skal ná því markmiði með því að gera eins árs-1-3 ára samning við viðkomandi.

8.1 gr.

Samningsferli

Sæki afrekismaður um að koma í samningsferli með afreksmannasjóði, skal hann leggja fram heildstæða og rökstudda áætlun til 1-3 ára um markmið og æfingaáætlun. Stjórn sjóðsins og umsækjandi ljúka samningsgerð. Samningarnir eru endurskoðaðir á hverju ári og eru uppsegjanlegir ef vanefndir verða á þeim.

8.1 gr.

Samningsferli

~~Sæki afrekismaður um að koma í samningsferli með afreksmannasjóði, skal hann leggja fram heildstæða og rökstudda áætlun til 1-3 ára um markmið og æfingaáætlun. Stjórn sjóðsins og umsækjandi ljúka samningsgerð. Samningarnir eru endurskoðaðir á hverju ári og eru uppsegjanlegir ef vanefndir verða á þeim.~~

Sæki íþróttamaður um árssamning við afrekssjóð skal viðkomandi leggja fram yfirlit yfir árangur, skammtíma og langtíma markmið sem og heildstæða og rökstudda æfingaáætlun til að minnsta kosti eins árs. Framkvæmdastjóri HSV, fyrir hönd stjórnar sjóðsins, ásamt umsækjanda, ljúka samningsgerð. Sjóðsstjórn er heimilt að framlengja samning án formlegs umsóknarferlis að höfðu samráði stjórnar og íþróttamanns. Við vanefndir er stjórn heimilt að rifta samningi við íþróttamann einhliða.

8.2 gr.

Samningsgerð

Gera skal samning við íþróttamanninn, aðildarfélag hans, þjálfara og eftir atvikum aðstandendur

8.2 gr.

Samningsgerð

Gera skal samning við íþróttamanninn, ~~aðildarfélag hans, þjálfara og/eða~~ forráðamann eftir atvikum ~~aðstandendur~~.

8.3 gr.

Í samningi skal eftirfarandi koma fram:

- Bakgrunnsupplýsingar samningsaðila
- Markmið íþróttamanns
 - Skammtíma markmið
 - Langtímamarkmið
- Æfingaáætlun
- Yfirlit yfir stuðning afreksmannasjóðs
- Greiðsluáætlun
- Vörður og yfirlit yfir árangursfundi með stjórn afreksmannasjóðs

8.3 gr.

Við gerð samnings koma eftirfarandi þættir til grundvallar:

Í samningi skal eftirfarandi koma fram:

- Bakgrunnsupplýsingar samningsaðila
- Markmið íþróttamanns
 - Skammtíma markmið
 - Langtímamarkmið
- Æfingaáætlun
- Yfirlit yfir fyrri stuðning afreksmannasjóðs
- Greiðsluáætlun
- ~~Vörður og yfirlit yfir árangursfundi með stjórn afreksmannasjóðs~~

9. gr.

Heimilt er að úthluta úr Afreksjóðnum einu sinni á ári til þeirra íþróttamanna sem ekki falla undir skilyrði til langtímasamnings.

Íþróttamaður sem er framarlega í íþróttagrein sinni á landsvísu eða hefur sýnt mjög góðan árangur og er líklegur til að komast í hóp bestu íþróttamanna landsins í íþróttagrein sinni fellur þar undir.

10. gr.

Styrkurinn miðast við fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni og tilkostnað vegna þátttöku. Styrkveitingar úr sjóðnum fara fram einu sinni á ári og skulu úthlutanir auglýstar í maí, ár hvert. Umsóknarfrestur skal vera minnst 10 dagar. Berist engar umsóknir, er falla undir skilgreiningu 7 og 9. gr., skal færa þá fjármuni er ætlaðir voru til úthlutunar, til næstu úthlutunar.

11. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu berast sjóðsstjórn eigi síðar en 10 dögum fyrir styrkveitingu og vera undirritaðar af umsækjanda og formanni viðkomandi félaga/deilda með greinargerð um styrkþega.

12. gr.

Héraðsþing HSV getur lagt niður sjóðinn með 2/3 greiddra atkvæða. Sé sjóðurinn lagður niður skal fjármunum sem í honum eru úthlutað til aðildarfélaga HSV samkvæmt gildandi úthlutunarreglum almennra styrkja á vegum HSV.

Reglugerð samþykkt á ársþingi HSV 20. maí 2015, með breytingum á ársþingi 2017.

9. gr.

Heimilt er að úthluta úr Afreksjóðnum einu sinni á ári til þeirra íþróttamanna sem ekki falla undir skilyrði til langtímasamnings.

Íþróttamaður sem er framarlega í íþróttagrein sinni á landsvísu eða hefur sýnt mjög góðan árangur og er líklegur til að komast í hóp bestu íþróttamanna landsins í íþróttagrein sinni fellur þar undir.

10. gr.

Styrkurinn miðast við fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni og tilkostnað vegna þátttöku. Styrkveitingar úr sjóðnum fara fram einu sinni á ári og skal auglýst eftir umsóknum í október skulu úthlutanir auglýstar í maí, ár hvert. Umsóknarfrestur skal vera minnst 2010 dagar. Berist engar umsóknir, er falla undir skilgreiningu 7 og 9. gr., skal færa þá fjármuni er ætlaðir voru til úthlutunar, til næstu úthlutunar.

~~11. gr.~~

~~Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu berast sjóðsstjórn eigi síðar en 10 dögum fyrir styrkveitingu og vera undirritaðar af umsækjanda og formanni viðkomandi félaga/deilda með greinargerð um styrkþega.~~

~~12. gr.~~

Héraðsþing HSV getur lagt niður sjóðinn með 2/3 greiddra atkvæða. Sé sjóðurinn lagður niður skal fjármunum sem í honum eru úthlutað til aðildarfélaga HSV samkvæmt gildandi úthlutunarreglum almennra styrkja á vegum HSV.

Reglugerð samþykkt á ársþingi HSV 20. maí 2015, með breytingum á ársþingi 2017 og 2019.

Félagsmálastefna HSV

Héraðssamband Vestfirðinga, HSV, er umhugað um að efla og styrkja samfélagið sem það starfar í. Hluti af því er að efla félagsauð á svæðinu. Hverjum einstaklingi er það mjög mikilvægt að eiga sterkt og gott félagslegt net. Besta leiðin til að skapa það er að vera virkur í samfélaginu og að gefa til þess krafta sína og hæfileika. Til að stuðla að þessu vill HSV efla félagshæfni félagsmanna sinna og gefa þeim færi á að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Markmið:

- Stuðla að félagsfærni, jákvæðum samskiptum og fræðslu um verndandi þætti velferðar sem og áhættuþætti.
- Að allir hafi tækifæri til að leika og starfa í fjölskylduvænu og heilbrigðu samfélagi þar sem allir hafa jöfn tækifæri til að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl, vellíðan og sterka sjálfsmynd.
- Hlúa að umhverfi barna og unglunga þannig að þau búi við öruggt og uppbyggilegt umhverfi þar sem áhersla er á félagsleg samskipti og félagslega færni til jafns við íþróttæfingar og keppnir.
- Byggja upp sterka og jákvæða sjálfsmynd, félagsfærni og heilbrigða lífshætti. Við leggjum áherslu á samveru utan skipulagðra íþróttæfinga og fræðum iðkendur um heilbrigðan lífsstíl.
- Hvetja til þátttöku í skipulögðu starfi, að öllum líði vel í starfi á okkar vegum og að tekið sé sérstaklega vel á móti nýliðum.
- Efla sjálfsvirðingu og virðingu fyrir öðrum.

Fræðslu- og forvarnastefna HSV

Stefnuyfirlýsing:

Héraðssamband Vestfirðinga skal stuðla að því að fræðslu- og forvarnastefna sé til og virk innan íþróttafélaga sambandsins. Neysla vímuefna og íþróttir fara ekki saman og hefur skaðleg áhrif á árangur í íþróttum. Sýnt hefur verið fram á í rannsóknum á börnum og unglingum að þeim ungmennum sem eru virk í íþróttastarfi reiði betur af í daglegu lífi, standi sig betur í námi og neyta síður vímuefna. Sterk fræðslu- og forvarnastefna eykur fagmennsku innan íþróttahreyfingar á svæðinu og styrkir samfélagið.

Til að ná árangri hefur Héraðssambandið sett sér markmið.

Markmið:

Hjá HSV er lögð áhersla á vináttu, gagnkvæma virðingu og góð samskipti. Einelti er ekki liðið. Mikilvægt er að iðkendum þyki íþróttaiðkun skemmtileg og að þeim líði vel. Einnig er mikilvægt að þjálfarar hvetji iðkendur með jákvæðum hætti og að iðkendur hrósi hvor öðrum þegar vel er gert. Með félagsstarfi er stefna félagsins að byggja upp jákvæðan félagsanda, stuðla að vináttu og efla liðsanda auk þess að iðkendur hafi gaman af líðandi stund.

Mikilvægt er að gagnkvæm virðing einkenni öll samskipti innan félags, hvort sem um er að ræða samskipti milli eða innan stjórnar, deilda, þjálfara, iðkenda, foreldra/forráðamanna iðkenda, styrktaraðila eða annarra samstarfsaðila.

- Íþróttafélög skulu skapa aðstæður svo öll börn og unglingar geti stundað íþróttir.
- Áfengis- og eða tóbaksneysla á ekki að eiga sér stað í tengslum við íþróttastarf, s.s.:
 - Áfengissala í tengslum við íþróttakeppni.
 - Áfengisneysla í lokahófum þar sem börn og unglingar eru á.
 - Reykingar, þar með talið rafrettur og munntóbaksneysla á íþróttasvæðum.
 - Áfengisauklýsingar á eða við íþróttasvæði.
- Hvetja íþrótt- og ungmennafélög til þess að festa í lög sín ákvæði þar sem tekin er einröð afstaða gegn neyslu á áfengi og fíkniefnum.
- Móta sameiginlegar starfsreglur um hvernig tekið skuli á fíkniefnavanda ungs fólks á vettvangi íþróttahreyfingarinnar og hvernig unnið skuli að forvörnum og gera öll íþróttamannvirki algerlega reyklaus.

Hvetja til aukinnar þekkingar og menntunar þjálfara og annarra starfsmanna

- Kynna þjálfarasjóð HSV og hvetja til umsókna í hann.
- Fjölga námskeiðum og auka framboð á fyrirlestrum á starfssvæði HSV.

Stuðla að aukinni og almennari þátttöku ungs fólks í íþróttastarfi

- Hvetja íþrótt- og ungmennafélög til þess að vinna markvisst að því að fjölga iðkendum íþróttar meðal barna og unglinga, m.a. með því að auka fjölbreytni í iðkuninni og tryggja þannig að öll börn og unglingar fái tækifæri til að stunda íþróttir í samræmi við eigin þarfir, getu og áhuga.
- Nýta mannvirki og aðstöðu íþróttahreyfingarinnar til að festa íþróttastarf í sessi sem raunhæfan valkost til skemmtunar fyrir unglinga, t.d. með því að bjóða upp á iðkun óhefðbundinna greina.
- Halda opin hús í íþróttamannvirkjum, eða efna til annars konar íþróttastarfs fyrir þessa aldurshópa þar sem meiri áhersla er lögð á að koma til móts við þarfir þeirra fyrir afþreyingu og skemmtun, en keppni og afrek.

Auka þekkingu á skaðsemi fíkniefna og forvörnum innan hreyfingarinnar

- Fela þjálfurum að fræða þá iðkendur sem þeir þjálfa um áhrif áfengis, tóbaks og fíkniefna á heilbrigði þeirra og árangur í íþróttum.
- Hvetja sambandsaðila íþróttahreyfingarinnar til þess að fjalla um fíkniefni og forvarnir í málsgögnum sínum og ritum.

Einelti

Einelti er ekki liðið í starfi HSV.

Einelti er síendurtekið ofbeldi þar sem einn eða fleiri niðast á eða ráðast ítrekað á einhvern einstakling. Ofbeldið getur verið félagslegt, líkamlegt, efnislegt eða andlegt.

Félagslegt einelti:

Einstaklingur er skilinn útundan. Einstaklingi er strítt, gert lítið úr honum eða gerðar særandi athugasemdir (svipbrigði, andvörp, eftirherma o.fl.)

Líkamlegt einelti:

Einstaklingi er hrint, sparkað í hann, hann hárreittur, klipinn o.s.frv. Einstaklingi haldið föstum eða lokaður inni.

Efnislegt einelti:

Eigur viðkomandi (t.d. íþróttaföt, taska, skór eða föt) eru ítrekað eyðilagðar, faldar eða teknar.

Andlegt einelti:

Einstaklingur er þvingaður til að gera eitthvað sem stríðir gegn réttlætiskennd hans (t.d. girt niður um hann, hann þvingaður til að eyðileggja eigur annarra). Einstaklingur fær neikvæð SMS boð og hótanir.

Ef grunur um einelti vaknar skal það tilkynnt til yfirþjálfara viðkomandi félags og unnið í samræmi við viðbragðsáætlun HSV

Umhverfisstefna HSV

HSV leitast við að hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi í allri sinni starfsemi. Aðildarfélög HSV eru hvött til að taka mið af umhverfissjónarmiðum í sínu íþróttastarfi og samþætta umhverfissvæðunum inn í dagleg störf, enda þarf starf félaganna að fara fram í sátt við náttúruna og nánasta umhverfi.

Umhverfisstefna HSV felur það í sér að:

- Íþróttamót, ráðstefnur og fundir fari fram á eins umhverfisvænan hátt og kostur er. Tekið er mið af umhverfissjónarmiðum ekki síður en félagslegum þáttum þegar staðsetning funda og viðburða er ákvörðuð.
- Stuðla að því að setja upp sorpflokkun þar sem starfsemi félaganna fer fram. Flokka allan úrgang eins vel og hægt er og auðvelda endurvinnslumöguleika úrgangs sem til fellur.
- Félagsmenn tileinki sér almenningssamgöngur þegar þess er kostur og kjósi frekar umhverfisvænan og heilsusamlegan ferðamáta á borð við að hjóla eða ganga þegar slíkt er hægt.
- Hvetja félagsmenn til að samnýta bíla í ferðum á íþróttæfingar og aðra viðburði.
- Aðildarfélög leggi sig fram við að auka umhverfisvitund félagsmanna sinna, meðal annars með aukinni útivist og tómstundaiðkun í náttúrunni.
- Öllum sé tryggt jafnt aðgengi að íþróttasvæðum og íþróttamannvirkjum á starfsvæðinu. Gott aðgengi íbúa að útivistarsvæðum hvetur til almennrar hreyfingar sem er um leið heilsueflandi.
- Hvetja félagsmenn til að nýta matvæli og efni á hagkvæman máta og draga þannig úr sóun.
- Velja frekar umhverfisvænar rekstrarvörur þegar þær standa til boða og velja frekar endurvinnanlegan varning ef um einnota vörur er að ræða.
- Hvetja til umhverfissparandi aðgerða í rekstri á skrifstofum, svo sem með því að spara pappír og slökkva á ljósum og raftækjum þegar þau eru ekki í notkun.

Jafnréttisáætlun fyrir HSV

Jafnréttisáætlun HSV byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisáætlunin er jafnframt byggð á vinnu Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands og Jafnréttisstofu um gerð jafnréttisáætlana fyrir íþróttafélög og leiðbeiningar þess efnis.

Markmið jafnréttisáætlunar HSV er að tryggja að allir félagsmenn HSV séu meðvitaðir um ábyrgð sína og áhrifamátt í jafnréttismálum og fari að lögum um jafna stöðu ólíkra þjóðfélagshópa.

HSV leggur ríka áherslu á jafnrétti kynjanna og að allir iðkendur sambandsins geti iðkað íþrótt sína óháð kynferði, trúarbrögðum, skoðunum, þjóðerni, kynþætti, litarhætti, efnahag, kynhneigð eða stöðu að öðru leyti.

Bæði kyn eru hvött til áframhaldandi íþróttaiðkunar og kröfum beggja kynja til íþróttaiðkunar sé sinnt hvað varðar aðstöðu, fjármagn og félagsstarfs. Þetta skal haft í huga við skipulag mótahalds, skipulag æfinga eða æfingabúða auk úthlutunar styrkja.

HSV hvetur bæði konur og karla til þátttöku í innra starfi sambandsins og að í ábyrgðarstörf innan þess veljist sem jafnast hlutfall karla og kvenna hverju sinni. Í stjórn HSV og aðildarfélögum þess skal reynt að fá einstaklinga af báðum kynjum.

Jafnréttisstefnan skal vera samofin öllu starfi og markvisst fléttuð inn í alla stefnumótun og verklag innan sambandsins. Gæta skal þess að ýta ekki undir staðalímyndir kynjanna.

IÐKENDUR

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Bæði kyn, í sömu íþróttagrein og á sama aldri, fái jafn marga og sambærilega æfingatíma. Kynin hafi sambærilega aðstöðu/aðbúnað.	Úttekt á æfingatíma kynja í sömu íþróttagrein og á sama aldri. Úttekt á aðbúnaði og aðstöðu kynja í sömu grein og á sama aldri. Leiðrétt kynbundinn mun ef er.	Stjórn eða framkvæmdastjóri.	Árlega
Samræmi í fjárveitingum til íþróttagreina eftir kynjum. Kynjunum er ekki mismunað í fréttum eða í öðru efni sem félagið sendir frá sér.	Úttekt á því hvernig fjármagni er skipt milli íþróttagreina eftir kynjum. Úttekt á fréttum og öðru efni sem félagið sendir frá sér m.t.t. kyns. Leiðrétt kynbundinn mun ef er.	Stjórn eða framkvæmdastjóri.	Árlega
Verðlaun beggja kynja innan allra flokka og greina eru sambærileg. Samstarfsaðilar þekki stefnu félagsins í jafnréttismálum.	Úttekt á verðlaunum eftir kyni. Leiðrétt kynbundinn mun ef er. Jafnréttisstefna félagsins kynnt fyrir samstarfsaðilum.	Stjórn eða framkvæmdastjóri.	Árlega
Vinna gegn staðalmyndum kynjanna.	Úttekt á fjölda iðkenda innan hvernar íþróttagreinar eftir kyni. Gæta þess að bæði kynin eigi jafna möguleika til iðkunar íþróttagreinar/-greina.	Stjórn eða framkvæmdastjóri.	Árlega
Koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni innan félagsins.	Fræðsla fyrir þjálfara. Vinna forvarnar- og viðbragðsáætlun. Forvarnar og viðbragðsáætlunin kynnt fyrir starfsfólki.	Stjórn félagsins.	Árlega

ÞJÁLFAVARAR

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Þjálfarar eru vel menntaðir og vel að sér um jafnrétti kynjanna. Þjálfarar njóta sömu launa og kjara fyrir sömu eða sambærileg störf og hafa sömu tækifæri til að afla sér þekkingar.	Fræðsla um jafnrétti kynjanna fyrir þjálfara, stjórn og starfsfólk félagsins. Úttekt á menntun, launum og launakjörum þjálfara m.t.t. kyns. Leiðrétt kynbundinn mun ef er.	Stjórn eða framkvæmdastjóri.	Árlega

NEFNDIR OG RÁÐ

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Hlutfall kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnnum félagsins er sem jafnast og endurspeglar hlutfall iðkenda í viðkomandi íþróttagrein.	Úttekt á nefndum, ráðum og stjórnnum félagsins m.t.t. kyns.	Stjórn	Árlega
Bæði kynin koma fram fyrir hönd félagsins.	Úttekt á hverjir koma fram fyrir hönd félagsins m.t.t. kyns.	Stjórn	
	Leiðrétt kynbundinn mun ef er.		

EFTIRFYLGNI/ENDURSKOÐUN

Jafnréttisáætlunin á að vera virk í öllu starfi félagsins, hún á að vera lifandi plagg sem tekur breytingum þegar þurfa þykir. Árlega fer stjórn félagsins yfir jafnréttisáætlunina og metur árangur verkefna. Hvað gerum við vel? Hvað getum við gert betur?

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafnréttisáætlunin sé virk í öllu starfi félagsins.	Áætlunin og árangur verkefna kynnt innan félagsins og birt á heimasíðu.	Stjórn	Árlega
Jafnréttisáætlunin er í sífelldri þróun.	Fara yfir jafnréttisáætlunina og uppfæra m.t.t. árangurs og reynslu.		
Jafnréttisáætlunin er endurskoðuð á fjögurra ára fresti.	Tillaga að nýrri jafnréttisáætlun lögð fram byggð á fyrri reynslu.		Fjórða hvert ár
	Ný jafnréttisáætlun til næstu fjögurra ára samþykkt og tekur gildi.		

Viðbragðsáætlun HSV

Efnisyfirlit

Inngangur	35
Skilgreiningar	35
Ferli tilkynninga	35
Tilkynningarskylda:	35
2. Viðbrögð við atvikum sem upp kunna að koma í félagsstarfi	36
2.1 Agabrot	36
2.1.1 Agabrot á fundum, æfingum og styttri viðburðum	36
2.1.2 Agabrot í ferðum	36
2.1.3 Ávana- og vímuefni	37
2.2 Einelti	38
2.2.1 Skilgreining á einelti	38
2.2.2 Fyrirbyggjandi aðgerðir	38
2.2.3 Fagráð Æskulýðsvettvangsins	39
2.2.4 Aðgerðaráætlun í eineltismálum	39
2.3 Kynferðisbrot	41
2.3.1 Barn eða ungmenni verður fyrir kynferðisbroti	41
2.3.2 Ábyrgðaraðili verður fyrir kynferðisbroti	42
2.3.3 Ábyrgðaraðili grunaður um kynferðisbrot	43
2.4 Ábyrgðaraðili verður fyrir hótun, áreitni eða ofbeldi	43
3. Viðbrögð við áföllum sem börn, ungmenni og ábyrgðaraðilar verða fyrir í starfi	44
3.1 Alvarleg veikindi barns eða ungmennis	44
3.1.1 Bráðaofnæmi	45
3.1.2 Sykursýki	45
3.1.3 Flogaveiki	45
3.1.4 Astmi	46
3.2 Langvinnir sjúkdómar	46
3.3 Viðbrögð við slysum sem verða í félagsstarfi	47

<u>3.3.1 Smávægilegir áverkar</u>	47
<u>3.3.2 Minniháttar slys</u>	47
<u>3.3.3 Alvarlegt slys á barni eða ungmenni</u>	48
<u>3.4 Andlát barns eða ungmennis</u>	48
<u>3.5 Alvarlegt slys ábyrgðaraðila</u>	49
<u>3.6 Andlát ábyrgðaraðila</u>	50
<u>4. Viðbrögð við áföllum sem börn, ungmenni og ábyrgðaraðilar verða fyrir utan félagsstarfs</u>	51
<u>4.1 Félagslegar breytingar</u>	51
<u>4.2 Alvarleg veikindi eða slys aðstandenda</u>	52
<u>4.3 Andlát aðstandenda</u>	52
<u>4.4 Alvarleg veikindi eða slys barns eða ungmennis</u>	52
<u>4.5 Andlát barns eða ungmennis</u>	53
<u>4.6 Alvarleg veikindi eða slys ábyrgðaraðila</u>	54
<u>4.7 Andlát ábyrgðaraðila</u>	54
<u>4.8 Vanræksla/ofbeldi</u>	55
<u>5. Að vinna úr áfalli</u>	56
<u>5.1 Viðbrögð félags ef barn eða ungmenni verður fyrir áfalli</u>	56
<u>5.2 Viðbrögð félags ef ábyrgðaraðili verður fyrir áfalli</u>	57
<u>6. Reglur um ferðir</u>	57
<u>6.1 Áður en lagt er af stað</u>	57
<u>6.2 Upplýsingar til foreldra</u>	57
<u>7. Samskipti við fjölmiðla</u>	58
<u>6. Fylgiskjöl</u>	58

Inngangur

HSV og aðildarfélög þess leitast við að bæta menningu í íþróttahreyfingunni og tryggja með öllum leiðum öruggt umhverfi fyrir sína félagsmenn. Allir eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu. Einelti, kynferðisleg og kynbundin áreitni og ofbeldi, í hvaða mynd sem það birtist, má ekki viðgangast. Það er á ábyrgð okkar allra að fyrirbyggja og bregðast við slíkri hegðun. Í minni samfélögum getur verið vandasamt að taka á málum þar sem nálægð, frændskapur og vinskapur er mikill. Því er nauðsynlegt að hægt sé að fara með svona mál til hlutlausra aðila til skoðunar og úrvinnslu. HSV sem aðili að UMFÍ hefur aðgang að Æskulýðsvettvangnum og mun nýta sér viðbragðsáætlun hans. Á vegum Æskulýðsvettvangsins starfar fagráð sem tekur til umfjöllunar kynferðisbrotamál og eineltismál sem koma upp innan þeirra félagasamtaka sem mynda Æskulýðsvettvagninn og aðildarfélaga þeirra.

Viðbragðsáætlun HSV er staðfærð útgáfa af [Viðbragðsáætlun Æskulýðsvettvangsins](#).

Skilgreiningar

Börn og ungmenni:

Átt er við öll börn og ungmenni sem taka þátt í íþrótt- og/eða æskulýðsstarfi innan HSV og aðildarfélaga þess.

Iðkendur og þátttakendur í félagsstarfi:

Einnig átt er við öll börn og ungmenni sem taka þátt í íþrótt- og/eða æskulýðsstarfi HSV og aðildarfélaga þess.

Ábyrgðaraðili:

Á við alla starfsmenn og sjálfboðaliða sem eru 18 ára eða eldri og gegna ábyrgðarhlutverki innan HSV og aðildarfélaga þess, sama hvaða heiti þeir bera.

Yfirmaður:

Næsti yfirmaður viðkomandi ábyrgðaraðila.

Ferli tilkynninga



Ef um kynferðisbrot er að ræða skal einnig tilkynna það strax til fagráðs Æskulýðsvettvangsins.

Tilkynningarskylda:

Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu gæta fyllsta trúnaðar og þagmælsku um allt það sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum og ber að fara með sem trúnaðarmál. Þagnarskylda á þó aldrei við

þegar starfsfólk eða sjálfboðaliðar verða þess áskynja að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða hvers konar ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Í slíkum tilfellum ber að fylgja ákvæðum IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002.

2. Viðbrögð við atvikum sem upp kunna að koma í félagsstarfi

Það eru ýmis atvik sem upp kunna að koma í íþrótt- og/eða æskulýðsstarfi og bregðast þarf við. Erfitt er að gera þeim öllum skil en mikilvægt að hafa ákveðnar grunnreglur til að fylgja til þess að tryggja rétt viðbrögð.

2.1 Agabrot

Með agabrotum er vísað til brota á lögum og reglum HSV og aðildarfélaga þess. Skipta má agabrotum í væg og alvarleg agabrot. Með vægum agabrotum er einkum vísað til almennrar óhlýðni við fyrirmælum og óláta. Alvarleg agabrot eru t.d. ofbeldi í öllum birtingarmyndum, svo sem líkamsmeiðingar, einelti og illmæli, neysla ávana- og vímuefna, svo sem áfengis, tóbaks og rafretta, og brot á landslögum.

2.1.1 Agabrot á fundum, æfingum og stytttri viðburðum

Væg agabrot

Við væg agabrot skal veita viðkomandi tiltal og ef nauðsyn krefur skal viðkomandi hlíta tímabundinni brottvísun frá verkefni viðburðarins.

Alvarleg agabrot

Við alvarleg agabrot skal vísa viðkomandi barni eða ungmenni af fundi, æfingu eða viðburði. Hafa skal samband við foreldri/forráðamann viðkomandi og sjá til þess að barnið eða ungmennið sé sótt hið fyrsta og þá skal ræða við foreldra eða forráðamenn um málavexti.

Ítrekuð agabrot

Ef um ítrekuð agabrot er að ræða skal viðkomandi barn eða ungmenni fá skriflega aðvörun og foreldrar/ forráðamenn upplýstir. Láti viðkomandi ekki af umræddri hegðun skal honum vísað skriflega tímabundið úr starfi og skulu foreldrar/forráðamenn upplýstir um þá ákvörðun. Ábyrgðaraðili tekur slíka ákvörðun aðeins í samráði við stjórn félags.

2.1.2 Agabrot í ferðum

Liggja þarf fyrir skriflegt eða rafrænt samþykki foreldra/forráðamanna áður en barn eða ungmenni yngra en 18 ára getur farið í ferð á vegum félags. Í leyfisbréfinu þarf að koma fram að foreldrar/forráðamenn skuldbindi sig til að sækja barn eða ungmenni, ef ekki þá greiða þann kostnað

sem fylgir því að senda viðkomandi heim, ef barn eða ungmenni verður uppvíst að agabrotum í ferð á vegum félagsins.

Væg agabrot

Við væg agabrot skal veita viðkomandi tiltal og ef nauðsyn krefur skal viðkomandi hlíta tímabundinni brottvísun úr dagskrá eða fyrirskipa skal að hann verði alltaf í fylgd ábyrgðaraðila.

Alvarleg agabrot

Við alvarlegt agabrot skal vísa viðkomandi úr ferð. Foreldrar/forráðamenn skulu sækja barn eða ungmenni eins og skrifað hefur verið undir og skulu upplýstir um málavexti.

Ítrekuð agabrot

Hafi viðkomandi ítrekað orðið uppvíst að alvarlegum agabrotum í ferðum skal honum meinuð þátttaka í ferðum eða öðrum viðburðum félagsins. Slík ákvörðun skal aðeins tekin af ábyrgðaraðila í samráði við stjórn félags. Foreldrar/forráðamenn skulu upplýstir um þá ákvörðun.

2.1.3 Ávana- og vímuefni

Íþrótt- og æskulýðsfélög gegna mikilvægu hlutverki í vímuvernum. Rannsóknir á högum barna og ungmenna sýna að þeim ungmennum sem eru virk í íþrótt- og æskulýðsstarfi farnast betur og þau neyta síður ávana- og vímuefna.

Ábyrgðaraðilar eru fyrirmyndir barna og ungmenna og því er öll neysla áfengis, tóbaks og annarra ávana- og vímuefna, bönnuð í starfi með börnum og ungmennum. Á þetta einnig við um notkun rafretta. Þá segir í 2. mgr. 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007 að forystufólki, leiðbeinendum, sjálfboðaliðum og öðru starfsfólki í skipulögðu æskulýðsstarfi og í ferðum með börnum og ungmennum sé óheimilt að neyta áfengis og annarra vímuefna.

HSV skal sjá ábyrgðaraðilum fyrir fræðsluefni um áhrif neyslu ávana- og vímuefna á ástundun og frammistöðu í félagsstarfi sem og á einkalíf. Einnig skal stjórn HSV sjá til þess að aðildarfélag og foreldrar séu upplýstir um stefnu sambandsins í ávana- og vímuefnavörnum og standa að góðu samstarfi við foreldra með fræðslu um neikvæð áhrif slíkra efna. Þá skal stjórn starfa með fagfólki í ávana- og vímuefnavörnum og hafa samráð við foreldra/forráðamenn þurfi að taka á neysluvandamáli barna undir sjálfræðisaldri.

Neysla ávana- og vímuefna

Einstaklingur skal aldrei taka þátt í íþrótt- eða æskulýðsstarfi undir áhrifum áfengis eða annarra ávana- og vímuefna. Öll neysla áfengis og annarra ávana- og vímuefna er bönnuð hvar sem skipulagt íþrótt- og æskulýðsstarf fer fram á vegum félaganna þar sem eru þátttakendur undir tvítugu.

Tóbaksnotkun

Reykingar og önnur tóbaksnotkun, þar á meðal rafrettur, er ávallt bönnuð í húsakynnum íþróttar- og æskulýðsstarfs. Þeim sem eru undir 18 ára aldri er óheimilt að reykja eða nota annað tóbak, svo sem í formi rafretta, í félagsstarfi. Bent skal á að ábyrgðaraðilar eru fyrirmyndir hinna yngri, því skulu þeir sem hafa náð 18 ára aldri ekki reykja eða nota annað tóbak í augsýn hinna yngri.

Viðbrögð félagsins við neyslu

Bregðast skal við allri neyslu í íþróttar- og æskulýðsstarfi. Viðbrögð félags skulu ávallt móttast af vilja til að aðstoða viðkomandi við að laga sig að reglunum og að hann haldi áfram að starfa innan félagsins. Foreldrar skulu ávallt upplýstir um neyslu ólögráða barna sinna í félagsstarfi.

Veita skal viðkomandi áminningu við fyrsta brot og hann aðstoðaður við að laga sig að reglum félags. Við annað brot skal viðkomandi vikið úr starfi félagsins, hvort sem um er að ræða iðkanda eða ábyrgðaraðila. Jafnframt skal félagið leitast við að hafa áhrif á að viðkomandi leiti sér aðstoðar. Hafi viðkomandi bætt ráð sitt má endurskoða brottvikninguna.

Til sömu ráðstafana má grípa ef félagsstjórn telur neyslu ávana- og vímuefna iðkanda eða ábyrgðaraðila utan félagsstarfs hafa áhrif á frammistöðu, ástundun eða ímynd félagsins.

2.2 Einelti

Einelti er ekki liðið innan HSV. Það er mjög mikilvægt að öllum líði vel í leik og starfi og að sá grundvallarréttur, að fá að vera óáreittur, sé virtur. Því er mikilvægt að bregðast strax við málum sem koma upp í starfinu og leita allra leiða til þess að leysa úr þeim hratt og vel.

2.2.1 Skilgreining á einelti

Einelti er endurtekin ótilhlýðileg og ámælisverð háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að.

Kynferðisleg áreitni og annað endurtekið andlegt, líkamlegt og stafrænt ofbeldi fellur hér undir. Hér er ekki átt við skoðanaágreiningu eða hagsmunaárekstur sem kann að koma upp í æskulýðs- og íþróttastarfi.

Einelti getur þrífist alls staðar þar sem samskipti eiga sér stað án tillits til aldurs fólks, vitsmunaproska, efnahags, stéttar, stöðu eða búsetu. Einelti getur því komið upp hjá öllum aldursflokkum, bæði börnum og fullorðnum. Þá hefur einelti margar mismunandi birtingarmyndir og getur verið andlegt, líkamlegt og/ eða stafrænt.

2.2.2 Fyrirbyggjandi aðgerðir

Allir þátttakendur í félagsstarfi og foreldrar/forráðamenn þeirra skulu fræddir um stefnu HSV í eineltismálum. Aðgerðaráætlun þessi skal því vera aðgengileg öllum ábyrgðaraðilum, þátttakendum

og foreldrum/forráðamönnum þeirra. Ábyrgðaraðilar skulu þekkja verkferlana og leitast við að leysa úr ágreiningi um leið og hann kemur upp.

Æskulýðsvettvangurinn skal bjóða ábyrgðaraðilum félaganna upp á fræðsluerindi um einelti þar sem er m.a. farið yfir hvernig á að koma auga á einelti og hvernig skal unnið úr eineltismálum.

Ábyrgðaraðilar sem starfa hjá félögum Æskulýðsvettvangsins þurfa því að kunna að þekkja einkenni eineltis og hvernig best sé að leysa úr slíkum vanda.

2.2.3 Fagráð Æskulýðsvettvangsins

Á vegum Æskulýðsvettvangsins starfar fagráð sem tekur við tilkynningum um öll eineltismál sem koma upp innan félagasamtaka Æskulýðsvettvangsins. Fagráðið er skipað þremur einstaklingum, tveimur tilnefndum af Æskulýðsvettvanginum auk fulltrúa félagasamtaka Æskulýðsvettvangsins.

Í fagráðinu sitja alltaf tveir óháðir sérfræðingar sem hafa þekkingu, menntun og reynslu sem nýtist við meðferð eineltismála. Þegar tilkynning kemur til fagráðsins frá HSV eða aðildarfélögum þess er framkvæmdastjóri UMFÍ kallaður inn í fagráðið og tekur hann þá sæti í fagráðinu við meðferð málsins. Sé framkvæmdastjóri UMFÍ vanhæfur skal annar yfirmaður innan samtakanna taka sæti í fagráðinu. Í ákveðnum tilvikum getur fagráðið ákveðið að fulltrúi UMFÍ taki ekki þátt í málsmeðferð. Í þeim tilvikum getur fagráðið kallað annan óháðan aðila inn í fagráðið ef þörf er á.

Hlutverk fagráðsins í eineltismálum er annars vegar að leita að viðunandi niðurstöðu í málum með sáttum sé þess nokkur kostur og hins vegar að veita félögum ráðgefandi álit á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga, sem fagráðinu hafa borist í viðkomandi máli. Telji fagráðið þörf á því skal það leita til óháðra sérfræðinga á sviði eineltismála við að leysa úr málinu. Fagráðið skal einnig sinna eftirfylgni í málum, sem það kemur að, í að minnsta kosti 12 mánuði frá því að úr máli er leyst.

Í hverju máli skal einn aðili úr teyminu valinn til að sinna hlutverki málastjóra. Málstjóri hefur yfirumsjón með málinu, sér um samskipti við málsaðila og foreldra/forráðamenn þeirra, ef við á. Einnig ber hann ábyrgð á því að skrá niður öll atvik sem upp koma, hvernig reynt er að leysa úr málinu og hvernig það gekk.

Allir geta tilkynnt mál til fagráðsins og skal það vera skriflegt á þar til gert eyðublað og sendast á netfangið fagrad@aev.is ásamt fylgigögnum.

2.2.4 Aðgerðaráætlun í eineltismálum

Allir ábyrgðaraðilar sem starfa innan HSV og aðildarfélaga þess þurfa að vera vakandi fyrir því hvernig þátttakendum í félagsstarfinu líður og grípa inn í um leið og upp kemur samskiptavandi. Hvetja þarf börn og ungmenni til að láta vita ef þau verða fyrir endurtekinni stríðni eða annars sem einkennir einelti, eða ef þau verða vör við slíkt á milli annarra einstaklinga. Einnig þarf að hvetja foreldra/forráðamenn til að láta vita ef börn og ungmenni segja þeim frá atvikum sem benda til þess að um einelti sé að ræða.

1. Tilkyning

Ábyrgðaraðili, sem verður var við samskiptavanda, skal reyna að leysa úr honum eins fljótt og unnt er. Um leið og ljóst er að vandinn er orðinn stærri en svo að hægt sé að leysa úr honum strax skal hann tilkynna um málið til stjórnar félags.

Fái starfsmaður eða sjálfboðaliði félags ábendingu eða tilkynningu um einelti skal hann koma henni áfram til stjórnar.

Öllum er heimilt að tilkynna um einelti innan HSV og aðildarfélaga þess og eru allar tilkynningar teknar alvarlega. Fylla skal út tilkynningu á þar til gert eyðublað (sjá fylgiskjal) og skal henni skilað til fagráðs Æskulýðsvettvangsins.

2. Könnunarþrep

Þegar stjórn HSV berst tilkyning um einelti í starfinu skal tilkynningunni komið áfram til fagráðs Æskulýðsvettvangsins. Ef að um börn er að ræða skulu foreldrar/forráðamenn aðila upplýstir um tilkynninguna. Framkvæmdastjóri félags byrjar á því að afla allra upplýsinga sem nauðsynlegar eru frá þolanda, meintum geranda/gerendum og foreldrum/ forráðamönnum þeirra, ábyrgðaraðilum, vinum og öðrum sem geta veitt upplýsingar um það mál sem liggur fyrir. Upplýsingaöflun skal ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til þess að meta umfang vandans.

Fagráð Æskulýðsvettvangsins metur þær upplýsingar sem fram eru komnar og setur saman áætlun um það hvernig skuli tekið á málinu.

3. Lausnaþrep

Fagráð Æskulýðsvettvangsins vinnur samkvæmt áætluninni að lausn vandans. Fundað er með þolanda og geranda, ásamt foreldrum/forráðamönnum þeirra, eins oft og nauðsynlegt er. Allir ábyrgðaraðilar sem vinna með þolanda og geranda eru upplýstir um eineltið og skulu þeir upplýsa fagráðið um öll atvik sem þeir verða vitni að.

Fagráðið skal reyna að komast að rót vandans og aðstoða aðila við að vinna úr málinu í samráði við foreldra/forráðamenn, ef við á. Eineltismál eru mjög ólík innbyrðis og því er ekki hægt að setja fram reglur um eitt ákveðið vinnuferli sem alltaf eigi að fara eftir. Fulltrúar í fagráði verða því að vega og meta hverju sinni hvaða leið sé líklegust til árangurs.

Nokkrar meginreglur eiga þó alltaf við:

- Tryggja þarf öryggi þolanda.
- Leggja skal áherslu á jákvæð samskipti og að virðing sé borin fyrir öllum aðilum máls.
- Bæði þolandi og gerandi/gerendur þurfa að fá stuðning og aðstoð við að vinna úr sínum málum.
- Ef gerendur eru fleiri en einn er árangursríkast að tala við gerendur einn og einn í einu.
- Leggja skal áherslu á að ná góðu samstarfi við foreldra/forráðamenn. Mikilvægt er að eiga góð samskipti við foreldra/forráðamenn og halda þeim upplýstum um það hvernig sé verið að vinna í málinu.

Ef grípa þarf til einhverra aðgerða til þess að aðskilja aðila í félagsstarfi skal gerandi/gerendur ávallt vera færðir til en ekki þolandi. Á þetta bæði við um börn og ungmenni sem og ábyrgðaraðila.

Í þeim tilfellum sem starfsmaður gerist sekur um að beita barn eða annan fullorðinn einstakling einelti skal stjórn félags víkja starfsmanni úr starfi tímabundið á meðan unnið er að lausn málsins ef viðvera hans hefur áhrif á daglegt starf innan íþrótt- eða æskulýðsfélags.

4. Eftirfylgni

Ábyrgðaraðilar sem vinna með þolanda og geranda fylgjast með þeim og eru vakandi fyrir því hvort eineltið taki sig upp aftur. Málstjóri skal einnig fylgjast með gangi mála í að minnsta kosti 12 mánuði frá því að úr því var leyst.

Ef mál tekur sig upp aftur skal fagráðið meta hvort það setji saman aðra áætlun um það hvernig skuli leyst úr málinu.

2.3 Kynferðisbrot

Kynferðisbrot líðast ekki innan félagasamtaka Æskulýðsvettvangsins. Allar tilkynningar um kynferðisbrot skal taka alvarlega og óheimilt er að afgreiða ætluð kynferðisbrot innan aðildarfélaga. Með hugtakinu kynferðisbrot er átt við þá háttsemi sem lýst er refsiverðri í XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og í barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Til að tryggja öryggi í samskiptum og draga úr hættu á tilhæfulausum ásökunum er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Ábyrgðaraðili og barn undir 18 ára aldri skulu aldrei vera tvö saman í lokuðu rými, ef hjá því verður komist.
- Koma skal í veg fyrir snertingar sem auðvelt er að mistúlka (t.d. snertingar á sundbolasvæði).
- Forðast skal óeðlileg vinasambönd ábyrgðaraðila og barna og ungmenna.

2.3.1 Barn eða ungmenni verður fyrir kynferðisbroti

Ef grunur vaknar um að barn eða ungmenni hafi orðið fyrir kynferðisbroti í félagsstarfi skal það tilkynnt til yfirmanns innan félags án tafar. Ef meintur gerandi er ábyrgðaraðili eða yfirmaður í starfi skal hafa beint samband við stjórn aðildarfélags, framkvæmdastjóra HSV eða fagráð Æskulýðsvettvangsins.

- Tryggja þarf öryggi barns/ungmennis.
- Yfirmaður gerir barnaverndaryfirvöldum og lögreglu viðvart í síma 112.
- Yfirmaður gerir fagráði Æskulýðsvettvangsins og framkvæmdastjóra HSV einnig viðvart.
- Framkvæmdastjóri eða fagráð Æskulýðsvettvangsins skal hafa samband við foreldra/forráðamenn barns eða ungmennis og greina þeim frá atburðum – nema að barnaverndaryfirvöld eða lögregla gefi fyrirmæli um annað.

Sé langt um liðið síðan meint brot átti sér stað eru líkur á því að brot geti verið fyrnt. Slík brot skal samt sem áður tilkynna til sömu aðila. Barnaverndarnefnd getur tekið slík mál til skoðunar á grundvelli 35. gr. barnaverndarlaga og komið með tillögum að niðurstöðu.

Ef ábyrgðaraðili er grunaður um að hafa beitt barn eða ungmenni kynferðislegu ofbeldi skal stjórn félags ávallt vísa viðkomandi tímabundið úr starfi á meðan rannsókn máls stendur yfir. Þegar niðurstöður liggja fyrir hjá viðeigandi yfirvöldum (lögreglu og/ eða barnaverndarnefnd eða öðrum aðilum) skal tekin ákvörðun um framhaldið, þ.e. hvort meintur gerandi fái að starfa áfram innan félags eða ekki. Leita skal álits barnaverndaryfirvalda, ef við á, og fagráðs Æskulýðsvettvangsins áður en viðkomandi er heimilað að koma aftur til starfa innan félags.

Eftir að mál hefur verið tilkynnt til réttra aðila sjá barnaverndaryfirvöld og lögregla alfarið um meðferð málsins og skulu hvorki ábyrgðaraðilar né HSV eða aðildarfélag hafa önnur afskipti af máli en óskað er eftir af barnaverndaryfirvöldum og lögreglu.

Fagráð Æskulýðsvettvangsins fylgir því eftir að mál fái viðhlítandi málsmeðferð samkvæmt landslögum og verklagsreglum um meðferð kynferðisbrotamála hjá Æskulýðsvettvanginum. Fagráðið sér einnig um að heyra umkvartanir þolenda, leiðbeina þeim um málsmeðferð og sjá til þess að þeir fái stuðning eftir því sem við á hverju sinni. Þá er fagráðið framkvæmdastjórum og stjórnnum aðildarfélaga til ráðgjafar varðandi mál er tengjast kynferðisbrotum.

2.3.2 Ábyrgðaraðili verður fyrir kynferðisbroti

Ef grunur vaknar um að ábyrgðaraðili hafi orðið fyrir kynferðisbroti í félagsstarfi skal það tilkynnt til yfirmanns innan félags án tafar. Ef meintur gerandi er ábyrgðaraðili eða yfirmaður í starfi skal hafa beint samband við HSV og/eða fagráð Æskulýðsvettvangsins.

- Yfirmaður gerir lögreglu viðvart í síma 112.
- Ef einhver hlutaðeigandi er yngri en 18 ára skal barnaverndaryfirvöldum einnig gert viðvart.
- Yfirmaður gerir fagráði Æskulýðsvettvangsins og framkvæmdastjóra HSV einnig viðvart.

Ef annar ábyrgðaraðili er grunaður um að hafa beitt samstarfsaðila kynferðislegu ofbeldi skal stjórn félags ávallt vísa viðkomandi tímabundið úr starfi á meðan rannsókn máls stendur yfir. Þegar niðurstöður liggja fyrir hjá viðeigandi yfirvöldum (lögreglu og/eða barnaverndarnefnd eða öðrum aðilum) skal tekin ákvörðun um framhaldið, þ.e. hvort viðkomandi meintur gerandi fái að starfa áfram innan félags eða ekki. Leita skal álits barnaverndaryfirvalda ef við á og fagráðs Æskulýðsvettvangsins áður en viðkomandi er heimilað að koma aftur til starfa innan félags.

Eftir að mál hefur verið tilkynnt til réttra aðila sér lögregla, og eftir atvikum barnaverndaryfirvöld, alfarið um meðferð málsins og skulu hvorki aðrir ábyrgðaraðilar né HSV eða aðildarfélag hafa önnur afskipti af máli en lögregla óskar eftir.

Fagráð Æskulýðsvettvangsins fylgir því eftir að mál fái viðhlítandi málsmeðferð samkvæmt landslögum og verklagsreglum um meðferð kynferðisbrotamála hjá Æskulýðsvettvanginum. Fagráðið sér einnig um að heyra umkvartanir þolenda, leiðbeina þeim um málsmeðferð og sjá til þess að þeir

fái stuðning eftir því sem við á hverju sinni. Þá er fagráðið framkvæmdastjórum og stjórnnum félagasamtaka og aðildarfélögum þeirra til ráðgjafar varðandi mál er tengjast kynferðisbrotum.

2.3.3 Ábyrgðaraðili grunaður um kynferðisbrot

Ef grunur vaknar um að ábyrgðaraðili hafi gerst sekur um að beita barn eða ungmenni kynferðislegu ofbeldi utan félagsstarfs skal næsta yfirmanni gert viðvart.

- Yfirmaður skal upplýsa framkvæmdastjóra HSV og/eða fagrád Æskulýðsvettvangsins.
- Framkvæmdastjóri UMFÍ skal leita eftir upplýsingum um kynferðisbrot úr sakaskrá viðkomandi ábyrgðaraðila. Hafi það verið gert áður skal samt sem áður gera það á nýjan leik.
 - Hafi ábyrgðaraðili verið dæmdur fyrir kynferðisbrot skal honum vikið út starfi tafarlaust.
- Séu engar upplýsingar um kynferðisbrot að finna í sakaskrá ábyrgðaraðila skal framkvæmdastjóri UMFÍ hafa samband við barnaverndaryfirvöld. Skal hann upplýsa barnaverndarnefnd um þær grunsemdir sem komið hafa upp og biðja nefndina um að kanna málið betur.
 - Barnaverndarnefnd getur tekið slík mál til skoðunar á grundvelli 35. gr. barnaverndarlaga og komið með tillögum að niðurstöðu.

Í hvert sinn sem upp koma sögusagnir þess efnis að ábyrgðaraðili hafi brotið gegn barni eða ungmenni þarf að meta hversu áreiðanlegar upplýsingarnar séu. Ákvörðun og mat um tilkynningu til barnaverndaryfirvalda er tekin af stjórn aðildarfélags og framkvæmdastjóra HSV í samstarfi við fagrád Æskulýðsvettvangsins. Alltaf skal hafa hagsmuni barns að leiðarljósi við slíka ákvörðunartöku. Heimilt er að hafa samband við Barnaverndarstofu og fá ráðleggingar hjá þeim varðandi það hvort mál sé þess efnis að tilkynna þurfi það til barnaverndarnefndar. Einnig geta félög alltaf leitað til fagráðs Æskulýðsvettvangsins og fengið ráðgjöf um mál af þessu tagi.

2.4 Ábyrgðaraðili verður fyrir hótun, áreitni eða ofbeldi

Ef ábyrgðaraðili verður fyrir hótun, áreitni eða ofbeldi í tengslum við félagsstarf, skal hann sem fyrst snúa sér til næsta yfirmanns og tilkynna um atvikið. Yfirmaður innan félags skal meta atvikið með ábyrgðaraðila, hugsanlegum vitnum og öðrum sem málið varðar og grípa til ráðstafana í samræmi við alvarleika þess.

Yfirmaður skal strax:

- Reyna að meta þörf ábyrgðaraðila fyrir stuðning og sjá til þess að hann verði veittur strax.
- Gera viðeigandi varúðarráðstafanir og ákveða viðbrögð gagnvart geranda til þess tryggja öryggi ábyrgðaraðila og að hindra að umrætt ofbeldi/ áreitni/hótanir haldi áfram.
- Sjá til þess að nákvæm lýsing á umræddu atviki sé skráð og haldið til haga.
- Tilkynna atvikið til framkvæmdastjóra HSV og fagráðs Æskulýðsvettvangsins.
- Fagráðið tekur málið í sínar hendur:
- Fundur fagráðs með viðkomandi ábyrgðaraðila.

- Metur alvarleika atviks og gengur úr skugga um að ábyrgðaraðili fái viðeigandi stuðning. Gerir tillögur um öryggisráðstafanir og önnur viðbrögð eftir atvikum.
- Fagráðið tilkynnir um atvik til lögreglu ef þörf er á.

Ef barn eða ungmenni undir 18 ára aldri beitir ábyrgðaraðila alvarlegu ofbeldi skal tilkynna það til foreldra/ forráðamanna barnsins eða ungmennisins og til lögreglu og barnaverndaryfirvalda.

Ef starfsmaður eða sjálfboðaliði félags beitir ábyrgðaraðila alvarlegu ofbeldi skal tilkynna það til lögreglu og víkja viðkomandi úr starfi á meðan rannsókn stendur.

3. Viðbrögð við áföllum sem börn, ungmenni og ábyrgðaraðilar verða fyrir í starfi

Þegar barn eða ungmenni verður fyrir áfalli í félagsstarfi er mikilvægt að bregðast rétt við. Sama á við ef ábyrgðaraðili verður fyrir áfalli. Ekki er hægt að gera grein fyrir öllum áföllum sem upp geta komið í félagsstarfi en hér á eftir verður meðal annars farið yfir fyrstu viðbrögð við slysum og alvarlegum veikindum.

Ætlast er til þess að allir ábyrgðaraðilar hafi lokið skyndihjálparþjálfun. Það er hlutverk ábyrgðaraðila að bregðast rétt við og fylgja þeim leiðbeiningum sem fram koma í viðbragðsáætlun. Ef upp kemur atvik sem engar leiðbeiningar er að finna um skal ábyrgðaraðili snúa sér til næsta yfirmanns eða beint til framkvæmdastjóra HSV. Framkvæmdastjóri, eða yfirmaður innan félags, hefur samband við fagráð Æskulýðsvettvangsins ef hann telur þörf á.

3.1 Alvarleg veikindi barns eða ungmennis

Veikist barn eða ungmenni alvarlega í félagsstarfi er mikilvægt að ábyrgðaraðili fylgi eftirfarandi skrefum:

- Hringja í Neyðarlínuna, 112. Gefa upp staðsetningu og eðli vanda.
- Veita fyrstu skyndihjálp með leiðbeiningum frá Neyðarlínunni.
- Ábyrgðaraðili kallar eftir aðstoð til að sinna öðrum börnum og ungmennum á vettvangi.
- Ábyrgðaraðili fylgir barni/ungmenni á slysadeild með sjúkrabíl ef kostur er og er hjá því þangað til foreldrar/forráðamenn eru komnir á staðinn.
- Ábyrgðaraðili eða annar ábyrgur aðili verður eftir á vettvangi til að sinna öðrum börnum og ungmennum.
- Ábyrgðaraðili skal hafa samband við foreldra/ forráðamenn og greina þeim frá atburðinum á hlutlausan og nærgætinn hátt við fyrsta tækifæri. Leitast skal við að svara spurningum á eins nákvæman hátt og kostur er.
- Ef um mjög alvarlega eða lífshættulega veikindi eða meðvitundarleysi er að ræða:
 - Ábyrgðaraðili skal hafa samband við næsta yfirmann og framkvæmdastjóra félags.

- Framkvæmdastjóri, eða yfirmaður innan félags, hefur samband við foreldra/forráðamenn þeirra barna/ungmenna sem voru á staðnum ef með þarf.
- Ábyrgðaraðili skal gæta þess að ekkert barn eða ungmenni fari af vettvangi nema búið sé að hafa samband við foreldra/forráðamenn.
- Æskilegt er að fá ráðleggingar eða aðstoð prests, sálfræðings, hjúkrunarfræðings eða annarra sérfræðinga við áfallahjálp eða sálgæslu.
- Ábyrgðaraðilum skal veitt áfallahjálp ef þörf er á.
- Fulltrúi frá félagi skal koma upplýsingum til þeirra sem voru ekki á staðnum en tilheyra starfinu, svo sem öðrum ábyrgðaraðilum, iðkendum og foreldrum/forráðamönnum, ef þörf er á.
- Ábyrgðaraðili fyllir út slysaskýrslu (sjá fylgiskjal).
- Ábyrgðaraðili í samstarfi við næsta yfirmann skráir niður allt um atburðinn og viðbrögðin til að meta það sem gert var og læra af því.

Viðbrögð við nokkrum algengum sjúkdómum:

3.1.1 Bráðaofnæmi

Einstaklingur í losti þarf að komast sem allra fyrst undir læknishendur. Ábyrgðaraðili skal hringja í 112 og nota EPI-penna (bráðasprautu/adrenalínsprautu) ef hann er til staðar. Ef ábyrgðaraðili sér að barn/ungmenni er að fá lost er hægt að draga úr eða afstýra lostinu með eftirfarandi aðgerðum:

- Leggja einstaklinginn niður og snúa höfðinu til hliðar.
- Losa um fatnað sem gæti þrengt að öndunarfærum.
- Setja hærra undir fætur.
- Koma í veg fyrir hitatap með því að breiða yfir einstaklinginn.
- Ekki gefa næringu.
- Hlúa að viðkomandi eftir föngum og ef einstaklingur er meðvitundarlaus á að leggja hann á hliðina (í læsta hliðarlegu).
- Beita skal skyndihjálpi ef við á.

3.1.2 Sykursýki

Brugðist er við blóðsykursfalli með því að gefa viðkomandi strax kolvetni, til dæmis:

- Glas af mjólk og brauðsneið.
- 2-3 sykurmola leysta upp í vatni og brauðsneið.
- Gosdrykk/ávaxtasafa og brauðsneið.

Aldrei má yfirgefa einstakling með einkenni blóðsykursfalls. Ef einkenni hverfa ekki á 2-5 mínútum skal hringt í 112.

3.1.3 Flogaveiki

Mjög mikilvægt að allir starfsmenn/sjálfbóðaliðar þekki einkenni flogakasts hjá flogaveiku barni/ungmenni og fái upplýsingar um viðbrögð frá foreldrum/ forráðamönnum. Við flog þarf að koma barninu/ungmenninu í rólegar aðstæður þar sem barnið/ungmennið getur jafnað sig.

Ef floginu fylgir flogaveikiskast, t.d. krampi, skal fylgja eftirfarandi ferli:

- Halda ró sinni.
- Losa um föt sem gætu þrengt að öndunarvegi.
- Reyna að fyrirbyggja meiðsl.
- Ekki setja neitt upp í munn einstaklings með krampa.
- Hlúa að viðkomandi og leggja á hliðina/setja í læsta hliðarlegu.
- Ekki má yfirgefa einstakling sem hefur fengið krampa fyrr en hann hefur náð fullri meðvitund.

Ábyrgðaraðili skal hringja í 112 ef:

- Flogaveikiskast/krampi stendur lengur en í 1-2 mínútur.
- Ábyrgðaraðilar vita ekki af hverju krampinn stafar.
- Annar krampi fylgir í kjölfarið.
- Einstaklingur kemst ekki til meðvitundar eftir að kippirnir hætta.
- Einstaklingur fær krampa í vatni.

3.1.4 Astmi

Brugðist skal við astmakasti með eftirfarandi aðgerðum:

- Gefa innúðalyf.
- Róa viðkomandi og koma honum í rólegt umhverfi.
- Hlúa að viðkomandi, t.d. hjálpa honum að sitja uppi og láta hann anda að sér fersku lofti eða hvað annað sem viðkomandi finnst vera hjálp í.

Ábyrgðaraðili skal hringja í 112 ef einstaklingur:

- Á í verulegri andnauð.
- Er fölur og þvalur.
- Er blár í andliti og á vörum.

3.2 Langvinnir sjúkdómar

Þegar barn eða ungmenni sem tekur þátt í starfi HSV eða aðildarfélagi þess er með eða greinist með langvinnan sjúkdóm er mikilvægt að allir ábyrgðaraðilar sem starfa með barninu/ungmenninu fái allar upplýsingar um veikindin frá foreldrum/forráðamönnum til að hægt sé að bregðast við á réttan hátt.

Nauðsynlegt er að allir ábyrgðaraðilar kynni sér vel einkenni sjúkdómsins og hvernig bregðast eigi við þeim. Þá þurfa allir nýir ábyrgðaraðilar sem munu koma til með að starfa með langveiku barni að vera upplýstir um veikindin.

Ef upp kemur sú staða að ábyrgðaraðili þurfi að bregðast við einkennum sjúkdóms skal haft samband við foreldra/forráðamenn við fyrsta tækifæri.

Sömu atriði eiga við ef ábyrgðaraðili er með eða greinist með langvinnan sjúkdóm. Skal hann greina yfirmanni sínum frá veikindum. Allir ábyrgðaraðilar skulu vera meðvitaðir um veikindin og þekkja hvernig eigi að bregðast við þeim. Börn og ungmenni skulu einnig upplýst ef þörf er á.

3.3 Viðbrögð við slysum sem verða í félagsstarfi

Yfirmenn í félagsstarfi bera ábyrgð á því að viðeigandi sjúkragögn séu ætíð til í húsakynnum félagsstarfs. Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að viðeigandi sjúkragögn séu meðferðis í ferðum sem farnar eru á vegum félags. Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á að viðeigandi sjúkragögn séu meðferðis í ferðum félags.

Einn ábyrgðaraðili sem hefur gilt skyndihjálparpróf stýrir aðgerðum ef slys ber að höndum. Hann einbeittir sér að þeim einstaklingi sem hefur slasast og fær sér til aðstoðar, ef þarf, annan ábyrgðaraðila. Aðrir ábyrgðaraðilar koma öðrum börnum og ungmennum af slysstað, sefa ótta þeirra og fá þeim annað til að fást við.

Ef aðeins einn ábyrgðaraðili er viðstaddur þegar slys verður sinnir hann hinum slasaða eins og reynsla og þjálfun leyfir en reynir sem fyrst að fá utanaðkomandi aðstoð. Þegar öryggi hins slasaða er tryggt hefur ábyrgðaraðili samband við yfirmann sinn. Yfirmaðurinn ber ábyrgð á skýrslugerð og samskiptum við foreldra/forráðamenn í samráði við framkvæmdastjóra. Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á skýrslugerð til lögreglu.

3.3.1 Smávægilegir áverkar

- Ætíð ber að fylla út slysaskýrslu félags (sjá fylgiskjal) eftir að gert er að sárum barns eða ungmennis með búnaði úr sjúkrakassa og áverkar gætu vakið spurningar foreldra/forráðamanna, eins ef um höfuðhögg eða bakmeiðsli er að ræða.
- Segja á foreldrum/forráðamönnum frá tildrögum óhappsins í lok dagskrár.

3.3.2 Minniháttar slys

- Ef óhapp verður og barn eða ungmenni meiðist skal leita til læknis (slysadeild) ef minnsti grunur leikur á að þess sé þörf.
- Þegar leita þarf læknis á ætíð að hafa samband við foreldra eða forráðamenn eins fljótt og kostur er og leyfa þeim að velja hvort þeir fari með barnið eða ungmennið til læknis/á slysadeild eða hitti barnið eða ungmennið þar.
- Ætíð ber að fylla út slysaskýrslu félags (sjá fylgiskjal) og afhenda framkvæmdastjóra félags eða öðrum viðeigandi aðilum.

3.3.3 Alvarlegt slys á barni eða ungmenni

Undantekningarlaust á að leita til læknis ef um er að ræða: brunasár, andlitsáverka, tannáverka, þungt höfuðhögg, bakáverka, grun um innvortis meiðsl eða grun um beinbrot.

Verði alvarlegt slys á börnum eða ungmennum í félagsstarfi er mikilvægt að ábyrgðaraðili fylgi eftirfarandi skrefum:

- Tryggja öryggi á slysstað.
- Hringja í 112. Gefa upp staðsetningu og eðli vanda.
- Kanna áverka og veita fyrstu skyndihjálþ með leiðbeiningum frá Neyðarlínunni.
- Fjarlægja önnur börn/ungmenn af slysstaðnum.
- Ábyrgðaraðili kallar eftir aðstoð til að sinna öðrum börnum og/eða ungmennum á vettvangi.
- Ábyrgðaraðili fylgir barni/ungmenni á slysadeild með sjúkrabíl ef kostur er og er hjá því þar til foreldrar/forráðamenn eru komnir á staðinn.
- Ábyrgðaraðili eða annar ábyrgur aðili verður eftir á vettvangi til að sinna öðrum börnum og/eða ungmennum.
- Ábyrgðaraðili skal hafa samband við foreldra/ forráðamenn og greina þeim frá atburðinum á hlutlausan og nærgætinn hátt við fyrsta tækifæri. Leitast skal við að svara spurningum á eins nákvæman hátt og kostur er.
- Ef um lífshættulega áverka eða meðvitundarleysi er að ræða skal óska eftir aðstoð starfsmanna á slysadeild um að láta foreldra/forráðamenn viðkomandi barns vita af slysinu.
- Ef um mjög alvarlega eða lífshættulega áverka eða meðvitundarleysi er að ræða:
 - Ábyrgðaraðili skal hafa samband við næsta yfirmann og/eða framkvæmdastjóra HSV.
 - Yfirmaður innan félags eða framkvæmdastjóri HSV hefur samband við foreldra/forráðamenn þeirra barna/ungmenna sem voru á staðnum ef með þarf.
 - Ábyrgðaraðili skal gæta þess að ekkert barn eða ungmenni fari af vettvangi nema búið sé að hafa samband við foreldra/forráðamenn.
 - Æskilegt er að fá ráðleggingar eða aðstoð prests, sálfræðings, hjúkrunarfræðings eða annarra sérfræðinga við áfallahjálþ eða sálþæslu.
- Ábyrgðaraðilum skal veitt áfallahjálþ ef þörf er á.
- Fulltrúi HSV eða aðildarfélags skal koma upplýsingum til þeirra sem voru ekki á staðnum en tilheyra starfinu, svo sem öðrum ábyrgðaraðilum, iðkendum og foreldrum/forráðamönnum.
- Ætíð ber að fylla út slysaskýrslu félags (sjá fylgiskjal) og afhenda formanni félags og/eða framkvæmdastjóra HSV. Ábyrgðaraðili fyllir út slysaskýrslu.
- Ábyrgðaraðili í samstarfi við næsta yfirmann skráir niður allt um atburðinn og viðbrögðin til að meta það sem gert var og læra af því.

3.4 Andlát barns eða ungmennis

Mikilvægt er að ábyrgðaraðili fylgi eftirfarandi skrefum ef sá voðalegi viðburður á sér stað að barn eða ungmenni deyr í félagsstarfi:

- Hringt í 112 – áfallateymi á slysadeild tekur við málinu og hefur samband við foreldra eða forráðamenn.

- Fagráð Æskulýðsvettvangsins kallað til ef þörf er á.
- Ábyrgðaraðili eða annar ábyrgur aðili verður eftir á starfsstað til að sinna öðrum börnum og/eða ungmennum.
- Fulltrúi HSV eða aðildarfélags hefur samband við foreldra/forráðamenn þeirra barna og/eða ungmenna sem voru á staðnum.
- Ábyrgðaraðili gætir þess að ekkert barn/ungmenni fari af starfsstaðnum nema búið sé að hafa samband við foreldra/forráðamenn. Æskilegt er að fá prest, sálfræðing og/eða hjúkrunarfræðing til þess að veita áfallahjálp.
- Ábyrgðaraðilum skal veitt áfallahjálp.
- Fulltrúi frá félagi og eða HSV skal koma upplýsingum til þeirra sem voru ekki á staðnum en tilheyra starfinu, svo sem öðrum ábyrgðaraðilum, iðkendum og foreldrum/forráðamönnum.
- Fána skal flaggað í hálfa stöng þegar við á.
- HSV og/eða aðildarfélag skal sýna hluttekningu á nærgætinn hátt með því að senda samúðarkveðju til aðstandenda hins látna og/eða fara í heimsókn.
- Ábyrgðaraðili upplýsir foreldra/forráðamenn og börn/ungmenni um hvernig starfið verður næstu daga. Mikilvægt er að halda starfseminni áfram og gefa börnunum/ungmennunum tækifæri á að ræða upplifun sína og tilfinningar.
- Ef haldin er minningarstund skal HSV og viðkomandi aðildarfélag taka þátt.
- Ábyrgðaraðili fyllir út slysaskýrslu (sjá fylgiskjöl).
- Ábyrgðaraðili í samstarfi við næsta yfirmann skráir niður allt um atburðinn og viðbrögðin til að meta það sem gert var og læra af því.

Útför:

- Fulltrúar HSV og/eða aðildarfélags skrifi minningargrein og séu viðstaddir útförina ef við á.
- Aðstoða skal aðra þátttakendur í félagsstarfi við að skrifa minningargrein og færa aðstandendum blóm/teikningar ef við á.
- Sjálfsagt er að þeir ábyrgðaraðilar sem þess óska séu viðstaddir útförina.
- Hugað sé að því hvernig stuðningi við iðkendur og ábyrgðaraðila verði háttað í framhaldinu.

3.5 Alvarlegt slys ábyrgðaraðila

Verði ábyrgðaraðili fyrir slysi við félagsstörf skulu aðrir ábyrgðaraðilar gera eftirfarandi:

- Hringja í 112.
- Kanna áverka og veita fyrstu skyndihjálp með leiðbeiningum frá 112.
- Fjarlægja börn/ungmenni af slysstað.
- Engin börn eða ungmenni fá að fara af starfsstaðnum nema búið sé að hafa samband við foreldra/forráðamenn. Æskilegt er að fá ráðgjöf eða aðstoð prests, sálfræðings og/eða hjúkrunarfræðings varðandi áfallahjálp.
- Ef mögulegt er skal annar ábyrgðaraðili eða ábyrgur aðili fylgja hinum slasaða á slysadeild með sjúkrabíl og vera hjá honum meðan þörf krefur.
- Ábyrgðaraðili eða annar ábyrgur aðili verður eftir á starfsstað til að sinna börnum og ungmennum í félagsstarfinu.

- Hafa skal samband við aðstandendur og greina þeim frá atburðinum á hlutlausan og nærgættinn hátt. Leitast skal við að svara spurningum á eins nákvæman hátt og kostur er.
- Ef um lífshættulega áverka eða meðvitundarleysi er að ræða skal láta áfallateymi á slysadeild um að hafa samband við aðstandendur.
- Upplýsa skal yfirmenn um leið og tækifæri gefst.
- Ef um lífshættulega áverka eða meðvitundarleysi er að ræða:
 - Næsti yfirmaður hefur samband við foreldra/forráðamenn þeirra barna og ungmenna sem voru á staðnum ef með þarf.
 - Kalla til fagraðs Æskulýðsvettvangsins ef þörf er á.
- Ábyrgðaraðilum og öðrum viðstöddum skal veitt áfallahjálp.
- Yfirmaður í félagi kemur upplýsingum til þeirra sem voru ekki á staðnum en tilheyra starfinu, t.d. annarra ábyrgðaraðila og foreldra/forráðamanna, ef þörf er á.
- Ábyrgðaraðili sem var viðstaddur skrifar slysaskýrslu (sjá fylgiskjal). Skýrsluna skal senda til stjórnar félags, HSV og fagraðs Æskulýðsvettvangsins, eftir atvikum.
- Ábyrgðaraðili í samstarfi við næsta yfirmann skráir niður allt um atburðinn og viðbrögðin til að meta það sem gert var og læra af því.

3.6 Andlát ábyrgðaraðila

Mikilvægt er að ábyrgðaraðili eða annar ábyrgur aðili fylgi eftirfarandi skrefum ef sá voðalegi viðburður á sér stað að ábyrgðaraðili deyr í félagsstarfi:

- Hringt í 112 – áfallateymi á slysadeild tekur við málinu og hefur samband við aðstandendur.
- Fagrað Æskulýðsvettvangsins kallað til ef þörf er á.
- Ábyrgðaraðili eða annar ábyrgur aðili verður eftir/kemur á starfsstað til að sinna börnum og ungmennum.
- Fulltrúi HSV eða aðildarfélags hefur samband við foreldra/forráðamenn þeirra barna/ungmenna sem voru á staðnum.
- Ábyrgðaraðili gætir þess að ekkert barn/ungmenni fari af starfsstaðnum nema búið sé að hafa samband við foreldra/forráðamenn. Æskilegt er að fá prest, sálfræðing og/eða hjúkrunarfræðing til þess að veita áfallahjálp.
- Ábyrgðaraðilum skal veitt áfallahjálp.
- Ábyrgðaraðili fyllir út slysaskýrslu (sjá fylgiskjal).
- Ábyrgðaraðili, í samstarfi við næsta yfirmann, skráir niður allt um atburðinn og viðbrögðin til að meta það sem gert var svo að hægt sé að læra af því.
- Stjórn HSV og/eða aðildarfélags kemur saman eftir að tilkynning berst og aflar upplýsinga um andlátíð og aðdraganda þess.
- Stjórn aðildarfélags eða framkvæmdastjóri HSV tilkynnir öðrum ábyrgðaraðilum um andlátíð.
- Eins fljótt og auðið er skal tilkynna þeim börnum og ungmennum sem hafa unnið mikið með hinum látna um andlátíð. Betra er að gera það í minni hópum heldur en að kalla allan hópinn saman (t.d. aldursskipt eða eftir flokkum).
 - Gæta þarf þess að ræða einslega við þá sem eru tengdastir viðkomandi.

- Ef hinn látni er sérstaklega tengdur einhverjum hópi barna eða ungmenna þarf stjórn aðildarfélags eða framkvæmdastjóri HSV að ákveða sérstaklega hver tilkynnir hópnum um andlátíð.
- Mikilvægt er að leitast við að öll börn/ungmennni, sem þekktu ábyrgðaraðilann, fái sömu upplýsingar á sama tíma til að koma í veg fyrir sögusagnir.
- Mikilvægt er að fylgjast með líðan barnanna/ungmennanna sem og annarra ábyrgðaraðila og kalla til aðstoð fagaðila ef með þarf.
- Gefa skal bæði ábyrgðaraðilum og börnum og ungmennum kost á að láta í ljós líðan sína og vangaveltur, t.d. með því að bjóða upp á sérstaka samverustund.
- Æskilegt er að senda bréf/tölvupóst til foreldra/forráðamanna barnanna og ungmennanna þar sem greint er frá andlátinu og væntanlegum breytingum sem kunna að fylgja í kjölfarið.
- Mikilvægt er að koma upplýsingum til þeirra sem voru ekki á staðnum en tilheyra starfinu, svo sem öðrum ábyrgðaraðilum, iðkendum og foreldrum/ forráðamönnum. Mikilvægt er að halda starfseminni áfram og gefa börnunum/ungmennunum tækifæri á að ræða upplifun sína og tilfinningar. Ábyrgðaraðili upplýsir foreldra/forráðamenn og börn/ungmennni um hvernig starfið verði næstu daga.
- Sýna skal hinum látna virðingu. Félag skal sýna hluttekningu á nærgætinn hátt með því að senda samúðarkveðju til aðstandenda hins látna og/eða fara í heimsókn og flagga í hálfa stöng þegar við á.

Útför:

- Fulltrúar HSV og/eða aðildarfélags skrifi minningargrein og séu viðstaddir útförina ef við á.
- Aðstoða skal aðra þátttakendur í félagsstarfi við að skrifa minningargrein og færa aðstandendum blóm/teikningar ef við á.
- Sjálfsagt er að þeir ábyrgðaraðilar sem þess óska séu viðstaddir útförina.
- Huga skal að því hvernig stuðningi við iðkendur og ábyrgðaraðila verði háttað í framhaldinu.

4. Viðbrögð við áföllum sem börn, ungmenni og ábyrgðaraðilar verða fyrir utan félagsstarfs

Þegar barn eða ungmenni verður fyrir áfalli utan félagsstarfs tekur HSV og aðildarfélög þess þátt í viðbrögðum eftir því sem stjórn HSV/aðildarfélags telur nauðsynlegt. Ábyrgðaraðilar skulu vera til staðar og tilbúnir að spjalla við börnin/ungmennin enda getur félagsstarf verið vettvangur þar sem börn/ungmennni eiga sér skjól utan vettvangs sorgarinnar.

4.1 Félagslegar breytingar

Félagslegar breytingar eins og skilnaður foreldra, búferlaflutningar, vinaslit, ástarsorg eða misnotkun ávana- og vímuefna á heimilinu geta haft mikil áhrif á líðan barna og ungmenna. Í þessum tilvikum er

mikilvægt að tryggja góð samskipti við foreldra/forráðamenn og upplýsa þá um mikilvægi þess að ábyrgðaraðili viti af slíkum félagslegum breytingum í lífi barns eða ungmennis.

Ekki skal þvinga börn eða ungmenni til að tjá sig um slíkar félagslegar breytingar. Ábyrgðaraðili á frekar að leitast við að vera til staðar og tilbúinn að grípa tækifærið til umræðu ef barnið/ungmennið sýnir vilja til þess, þó aðstæður séu ekki eins og ábyrgðaraðili kysi helst. Ábyrgðaraðili skal þó ávallt meta það hvort hann sé í stakk búinn til að aðstoða barn eða ungmenni á hverjum tíma eða hvort málinu skuli vísað áfram, t.d. til skóla eða sérfræðinga.

Mögulega geta félagslegar breytingar leitt til vanrækslu á börnum, sjá ferli hér að neðan.

4.2 Alvarleg veikindi eða slys aðstandenda

Komi upp alvarleg veikindi eða slys í aðstandendahópi barns eða ungmennis skal ábyrgðaraðili fá staðfestingu á veikindum eða slysi hjá foreldri eða forráðamanni. Þá tekur ábyrgðaraðili ákvörðun í samráði við aðstandendur um hvaða ferli eigi að fara í gang og upplýsir samstarfsmenn sína.

Huga þarf að eftirfarandi:

- Líðan barns og umgengni við það í starfinu.
- Samskiptum og upplýsingaflæði við heimili barns/ ungmennis.
- Hvort og þá hvernig á að upplýsa aðra þátttakendur í félagsstarfinu.
- Halda ró sinni og gera ekki of mikið úr aðstæðum.

4.3 Andlát aðstandanda

Verði barn eða ungmenni fyrir því að missa aðstandanda skal eftirfarandi gert:

- Ábyrgðaraðili fær staðfestar upplýsingar um atburðinn hjá nánustu aðstandendum barns/ungmennis.
- Ábyrgðaraðili upplýsir næsta yfirmann og óskar eftir aðstoð fagráðs Æskulýðsvettvangsins ef þörf krefur.
- Ábyrgðaraðili tilkynnir hinum þátttakendum í félagsstarfi um andlátið. Hægt er að leita ráða og leiðsagnar hjá fagaðilum (t.d. sálægæluaðilum) ef þörf krefur.
- Samúðarkveðjur frá HSV viðkomandi aðildarfélagi útbúna og þeim komið til fjölskyldunnar.
- Ábyrgðaraðilar undirbúa hvernig tekið verði á móti barninu/ungmenninu þegar það mætir aftur til félagsstarfs.
- Mikilvægt er að hlúa að barninu/ungmenninu og vera vakandi yfir því hvernig það tekst á við sorgina.

4.4 Alvarleg veikindi eða slys barns eða ungmennis

Ef barn eða ungmenni sem er virkur þátttakandi í íþrótt- eða æskulýðsstarfi veikist alvarlega utan félagsstarfs skal ábyrgðaraðili hafa samband við foreldra/forráðamenn og fá allar upplýsingar um veikindin frá fyrstu hendi og fylgjast með framvindu málsins til að geta upplýst aðra í starfinu.

Ábyrgðaraðili skal sýna aðstæðum virðingu án þess að gera meira úr þeim en þarf og sýna hluttekningu á nærgætinn hátt. Hann skal einnig leita samráðs við foreldra/forráðamenn vegna heimsóknna.

Ef barnið/ungmennið heldur áfram að taka þátt í starfinu eða kemur til baka úr veikindafríi skal gæta þess að allir ábyrgðaraðilar séu upplýstir um stöðu mála og hugsanleg viðbrögð eftir því sem við á. Ef þörf er á eru önnur börn og ungmenni einnig upplýst um stöðu mála.

4.5 Andlát barns eða ungmennis

Sá sem fær fréttir af andláti barns eða ungmennis þarf að koma þeim upplýsingum til stjórnenda eins fljótt og auðið er. Fagráð Æskulýðsvettvangsins er kallað til ef þörf er á.

- Stjórn HSV og/eða aðildarfélags kemur saman eftir að tilkynning berst og aflar upplýsinga um andlátið og aðdraganda þess.
- Stjórn/framkvæmdastjóri HSV eða stjórn viðkomandi aðildarfélags í félagi tilkynnir öðrum ábyrgðaraðilum um andlátið.
- Eins fljótt og auðið er skal tilkynna þeim börnum og ungmennum sem hafa unnið mikið með hinum látna um andlátið. Betra er að gera það í minni hópum heldur en að kalla allan hópinn saman (t.d. aldursskipt eða eftir flokkum).
 - Gæta þarf þess að ræða einslega við þá sem eru tengdastir viðkomandi.
 - Ef hinn látni er sérstaklega tengdur einhverjum hópi barna eða ungmenna þarf stjórn félags, framkvæmdastjóri eða yfirmaður í félagi, að ákveða sérstaklega hver tilkynnir hópnum um andlátið.
- Mikilvægt er að leitast við að öll börnin/ungmennin sem þekktu barnið eða ungmennið sem lést fái sömu upplýsingar á sama tíma til að koma í veg fyrir sögusagnir.
- Mikilvægt er að fylgjast með líðan barna/ungmenna og ábyrgðaraðila og kalla til aðstoð fagaðila ef með þarf.
- Gefa skal bæði ábyrgðaraðilum og börnum og ungmennum kost á að láta í ljós líðan sína og vangaveltur, t.d. með því að bjóða upp á sérstaka samverustund.
- Æskilegt er að senda bréf/tölvupóst til foreldra/forráðamanna barnanna og ungmennanna þar sem greint er frá andláti og væntanlegum breytingum sem kunna að fylgja í kjölfarið.
- Mikilvægt er að starfsemin raskist sem minnst en sjálfsagt er að fresta öllum skemmtunum.
- Sýna skal hinum látna virðingu. Það er t.d. hægt að gera með því að fara í heimsókn til fjölskyldunnar, senda samúðarkveðju til aðstandenda hins látna og flagga í hálfu stöng þegar við á.

Útför:

- Fulltrúar HSV og/eða aðildarfélags skrifi minningargrein og séu viðstaddir útförina ef við á.

- Aðstoða skal aðra þátttakendur í félagsstarfi við að skrifa minningargrein og færa aðstandendum blóm/teikningar ef við á.
- Sjálfsagt er að þeir ábyrgðaraðilar sem þess óska séu viðstaddir útförina.
- Huga að því hvernig stuðningi við iðkendur og ábyrgðaraðila verði háttað í framhaldinu.

4.6 Alvarleg veikindi eða slys ábyrgðaraðila

Verði ábyrgðaraðili fyrir alvarlegu slysi utan félagsstarfs skal sá sem fær fréttir af slysinu koma þeim upplýsingum til framkvæmdastjóra HSV og stjórnar aðildarfélags eins fljótt og auðið er.

Greina skal öðrum ábyrgðaraðilum og iðkendum í félagsstarfi frá slysinu, ef þörf krefur. Stjórn/framkvæmdastjóri HSV eða ábyrgðaraðili aðildarfélags annast tilkynninguna til þeirra barna og ungmenna sem tengjast þeim sem varð fyrir slysinu, sem og foreldra eða forráðamanna þeirra.

- Gæta þarf þess að ræða einslega við þá sem eru tengdastir viðkomandi.
- Ábyrgðaraðilar þurfa að vera reiðubúnir að mæta viðbrögðum barna og ungmenna.

4.7 Andlát ábyrgðaraðila

Sá sem fær fréttir af andláti ábyrgðaraðila þarf að koma þeim upplýsingum til stjórnar HSV og aðildarfélags og fagraðs Æskulýðsvettvangsins eins fljótt og auðið er.

- Stjórn HSV og/eða aðildarfélags kemur saman eftir að tilkynning berst og aflar upplýsinga um andlátið og aðdraganda þess.
- Stjórn/framkvæmdastjóri HSV eða stjórn viðkomandi aðildarfélags í félagi tilkynnir öðrum ábyrgðaraðilum um andlátið.
- Eins fljótt og auðið er skal tilkynna þeim börnum og ungmennum sem hafa unnið mikið með hinum látna um andlátið. Betra er að gera það í minni hópum heldur en að kalla allan hópinn saman (t.d. aldursskipt eða eftir flokkum).
 - Gæta þarf þess að ræða einslega við þá sem eru tengdastir viðkomandi.
 - Ef hinn látni er sérstaklega tengdur einhverjum hópi barna eða ungmenna þarf stjórn félags, framkvæmdastjóri eða yfirmaður í félagi, að ákveða sérstaklega hver tilkynnir hópnum um andlátið.
- Mikilvægt er að leitast við að öll börnin/ungmennin sem þekktu ábyrgðaraðilann fái sömu upplýsingar á sama tíma til að koma í veg fyrir sögusagnir.
- Mikilvægt er að fylgjast með líðan barna/ungmenna og annarra ábyrgðaraðila og kalla til aðstoð fagaðila ef með þarf.
- Gefa skal bæði ábyrgðaraðilum og börnum og ungmennum kost á að láta í ljós líðan sína og vangaveltur, t.d. með því að bjóða upp á sérstaka samverustund.
- Æskilegt er að senda bréf/tölvupóst til foreldra/forráðamanna barnanna og ungmennanna þar sem greint er frá andlátinu og væntanlegum breytingum sem kunna að fylgja í kjölfarið.
- Mikilvægt er að starfsemin raskist sem minnst en sjálfsagt er að fresta öllum skemmtunum.

- Sýna skal hinum látna virðingu. Það er t.d. hægt að gera með því að fara í heimsókn til fjölskyldunnar, senda samúðarkveðju til aðstandenda hins látna og flagga í hálfra stöng þegar við á.

Útför:

- Fulltrúar HSV og/eða aðildarfélags skrifi minningargrein og séu viðstaddir útförina ef við á.
- Aðstoða skal aðra þátttakendur í félagsstarfi við að skrifa minningargrein og færa aðstandendum blóm/teikningar ef við á.
- Sjálfsagt er að þeir ábyrgðaraðilar sem þess óska séu viðstaddir útförina.
- Huga að því hvernig stuðningi við iðkendur og ábyrgðaraðila verði háttað í framhaldinu.

4.8 Vanræksla/ofbeldi

Eins og segir í kafla 2.3 hér að framan mæla barnaverndarlög nr. 80/2002 fyrir um að hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málum barna sé skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd ef hann hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Ætlast er til þess að ábyrgðaraðilar í íþrótt- og æskulýðsstarfi hafi hlotið fræðslu í barnavernd. Með börnum er í lögunum átt við einstaklinga yngri en 18 ára. Hér er talað um börn og/eða ungmenni.

Misjafnt er hvaða merkingar eru lagðar í orðin vanræksla og ofbeldi. Með orðinu vanræksla er til dæmis vísað til skorts á þrífnaði, umhyggju, börnin ítrekað ekki sótt á áætluðum tíma, útivistartími ekki virtur og svo framvegis.

Með orðinu ofbeldi er bæði átt við hvers kyns ofbeldi sem börn og ungmenni kunna að beita hvert annað og/eða það ofbeldi sem þau verða fyrir af hendi annarra, má þar nefna t.d. orðbragð, hótun, áreitni, einelti, líkamlegt/andlegt ofbeldi og fleira.

Ábyrgðaraðili sem telur að barn eða ungmenni hafi verið vanrækt eða beitt ofbeldi utan félagsstarfsins skal gera næsta yfirmanni sínum viðvart.

- Framkvæmdastjóri HSV eða yfirmaður í aðildarfélagi, skoðar málið nánar og metur hvort málið skuli tilkynnt til fagráðs Æskulýðsvettvangsins. Viðbrögð séu ákveðin eins fljótt og auðið er.
- Samráð við foreldra/forráðamenn. Ef grunur leikur á að foreldrar/forráðamenn beiti börn eða ungmenni ofbeldi er málið tilkynnt til barnaverndaryfirvalda án þess að hafa samráð við foreldra/ forráðamenn. Hlutverk barnaverndaryfirvalda er að kanna mál barnsins/ungmennisins. Ef um vanrækslu er að ræða er málið rætt við foreldra/ forráðamenn fyrst. Ef það ber ekki árangur er málið tilkynnt til barnaverndaryfirvalda.
- Ábyrgðaraðili metur nauðsyn þess að hafa samráð við skóla og aðra fagaðila.
- Ef búið er að vinna í málinu með foreldrum/forráðamönnum án árangurs, þarf að tilkynna málið til barnaverndaryfirvalda.

- Ef barn eða ungmenni beitir annað barn/ungmenni alvarlegu ofbeldi skal tilkynna það til barnaverndaryfirvalda og foreldra/forráðamanna viðkomandi barna/ungmenna (bæði polanda og geranda).

5. Að vinna úr áfalli

Þegar barn eða ungmenni sem er virkur þátttakandi í félagsstarfi verður fyrir alvarlegu áfalli skiptir miklu máli að félag bregðist rétt við.

5.1 Viðbrögð félags ef barn eða ungmenni verður fyrir áfalli

Þegar barn eða ungmenni sem er virkur þátttakandi í félagsstarfi verður fyrir alvarlegu áfalli skiptir miklu máli að bregðist rétt við.

Ábyrgðaraðili skal upplýsa næsta yfirmann sinn ef hann telur að barn eða ungmenni þurfi á aðstoð eða meðferð fagaðila að halda í kjölfar áfalls. Það á t.d. við í eftirfarandi tilvikum:

- Ef atferli barns/ungmennis breytist mikið eftir áfall, ef það t.d. einangrar sig eða verður mjög órólegt. Þó gæti óvenjuleg hegðun barns verið „eðlileg“ í ljósi sorgarferlisins.
- Ef minningar frá áfallinu sækja stöðugt á barnið/ungmennið.
- Ef barnið/ungmennið er miður sín lengi eftir áfall, heldur áfram að eiga í erfiðleikum í starfinu eða sjálfsvígshugsanir sækja á huga barns/ungmennis.
- Ef barn/ungmenni hættir skyndilega eða skrópar ítrekað í félagsstarfi þrátt fyrir mikinn áhuga á starfinu fyrir áfallið.

Stjórn félags og ábyrgðaraðilar skulu hafa eftirfarandi í huga:

- Stjórn HSV og/eða aðildarfélags, framkvæmdastjóri eða yfirmaður í félagi, metur hvort kalla skuli til fagráð Æskulýðsvettvangsins til samráðs.
- Meta skal, í samráði við fagráð Æskulýðsvettvangsins þegar við á, hvort hópur barna/ungmenna þurfi aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga inn á starfsstaðinn, t.d. áfallahjálþ eða sálgæslu.
- Sýna skal fjölskyldu í áfalli virðingu, fulltrúar félagsins (gæta þess að þeir aðilar sem tengjast barninu/ungmenninu mest séu í heim hópi) fara í heimsókn ef við á og félagið sendir fjölskyldunni eitthvað til að sýna hluttekningu.

Stjórn HSV og/eða aðildarfélags, í samráði við fagráð Æskulýðsvettvangsins þegar við á, skal:

- Undirbúa ábyrgðaraðila undir að vera ávallt tilbúnir til að ræða atburðinn þó þeir kysu að barnið/ungmennið spyrði út í atburðinn við aðrar aðstæður. Mikilvægt að segja ekki: “Við skulum ræða þetta seinna.”
- Ábyrgðaraðilar skulu hvattir til að fylgjast með líðan barna og ungmenna þegar frá líður og koma málum einstakra barna/ungmenna í réttan farveg ef eitthvað er.
- Stjórn HSV og/eða aðildarfélags, í samræmi við fagráð Æskulýðsvettvangsins þegar við á, skal hlúa að ábyrgðaraðilum og útvega sérfræðinga ef með þarf fyrir hópinn eða einstaklinga.

5.2 Viðbrögð félags ef ábyrgðaraðili verður fyrir áfalli

Þegar ábyrgðaraðili sem er virkur þátttakandi í félagsstarfi verður fyrir alvarlegu áfalli skiptir miklu máli að HSV/aðildarfélag bregðist rétt við og styðji ábyrgðaraðilann.

Stuðningur við ábyrgðaraðila:

- Yfirmenn sýni ábyrgðaraðila stuðning/umhyggju, séu til staðar fyrir hann og hafi reglulega samband við viðkomandi næstu daga á eftir.
- Sýna skal viðkomandi í áfalli virðingu, fulltrúar fari í heimsókn ef við á og sendi viðkomandi eitthvað til að sýna hluttekningu.
- Leyfa skal viðkomandi að hafa áhrif á hvaða upplýsingar séu gefnar þátttakendum í félagsstarfi.
- Ef einstaklingur á sérstaklega erfitt eftir atburðinn, ef hann t.d. hættir að mæta, mætir óreglulega eða segist vilja hætta, gæti viðkomandi þurft á utanaðkomandi hjálp að halda. Yfirmaður skal aðstoða hann við finna viðeigandi þjónustu, t.d. aðstoð hjá sérfræðingum, eða annars konar þjónustu sem ábyrgðaraðilinn telur sig þurfa.

6. Reglur um ferðir

Mikilvægt er að ákveðin skilyrði séu uppfyllt áður en farið í ferð, hvort sem um er að ræða stutta eða langa ferð, til þess að tryggja öryggi allra sem í ferðina fara.

6.1 Áður en lagt er af stað

Áður en lagt er upp í ferð er skylt að uppfylla neðangreind, hvort sem um er að ræða dagsferð eða ferð til lengri tíma:

- Ferðin þarf að vera með vitund og samþykki ábyrgðaraðila.
- Liggja skal fyrir skriflegt eða rafrænt samkomulag foreldra/forráðamanna.
- Fararstjórar skulu ávallt vera tveir ef mögulegt er. Ef um blandaðan hóp er að ræða skulu fararstjórar vera bæði karlmaður og kvenmaður. Þeir þurfa að hafa náð 18 ára aldri.
- Æskilegt er að fararstjóri eigi gilt skyndihjálparskírteini.
- Ef fleiri en 20 börn eða ungmenni fara í ferð bætist einn aðstoðarmaður við fararstjórana tvo, á hver sex börn eða ungmenni.
- Viðeigandi sjúkragögn verða að vera með í ferð.

Í ferðum þarf að skrá veikindi, slys (sjá fylgiskjal) og annað sem kemur upp á og gæti orkað tvímælis og tilkynna yfirmanni innan félags.

6.2 Upplýsingar til foreldra

Öll börn og ungmenni sem fara í ferðir á vegum félags skulu fá upplýsingablöð um ferðina. Meðal annars skal koma fram:

- Nafn og sími ábyrgðaraðila.
- Nafn og sími yfirmanns og/eða tengiliðar innanbæjar.
- Dagsetningar ferðar.
- Viðkomu- og gististaðir og aðbúnaður þar.
- Markmið ferðarinnar.
- Brottfararstaður og stund.
- Helstu dagskrárliðir.
- Áætlaður tími heimkomu.
- Ábendingar um útbúnað.
- Hvað telst innifalið í þátttökugjaldi.
- Ábendingar um óæskilegan farangur ef þess er þörf.
- Skriflegt/rafrænt samþykki foreldra/forráðamanna fyrir þátttöku barns eða ungmennis.

7. Samskipti við fjölmiðla

Grunnregla í samskiptum við fjölmiðla er sú að hafa aðeins einn talsmann í hverju máli. Ef fjölmiðill hefur samband og leitar upplýsinga vegna atviks sem upp hefur komið er brýnt að vísa málinu til þess talsmanns sem eftir atvikum er framkvæmdastjóri, upplýsingafulltrúi eða ákveðinn yfirmaður félagsins.

- Upplýsa skal talsmanninn strax um alla málavöxtu til að hann geti undirbúið viðbrögð og svör til fjölmiðla.
- Talsmaðurinn svarar fjölmiðli strax til þess að koma í veg fyrir að miðillinn leiti annað eftir upplýsingum.
- Ef talsmaðurinn hefur ekki nægar upplýsingar þegar fjölmiðillinn hringir svarar hann engu að síður með þeim orðum að hann þurfi að kynna sér málið betur og hafi samband innan stutts tíma, 10 til 20 mínútna. Þar með hefur hann gefið til kynna að hann muni svara fjölmiðlinum og dregur um leið úr líkum á því að fjölmiðillinn leiti annað eftir upplýsingum.

8. Fylgiskjöl

Slysaskýrslu og tilkynningu um einelti er hægt að hlaða niður af vef Æskulýðsvettvangsins, aev.is

Fylgiskjal 7, reglugerð Afrekssjóðs HSV samþykkt á Héraðsþingi 2019

Afrekssjóður Héraðssambands Vestfirðinga

Reglugerð fyrir Afrekssjóð Héraðssambands Vestfirðinga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Afrekssjóður Héraðssambands Vestfirðinga. Varnarþing hans skal vera starfssvæði HSV.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja einstaklinga innan HSV sem náð hafa umtalsverðum árangri í íþrótt sinni.

3. gr.

Eingöngu iðkendur aðildarfélaga HSV, sem stunda íþróttir sem viðurkenndar eru af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí), geta sótt um styrk úr sjóðnum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur einstaklingum auk tveggja varamanna.

Í stjórn sjóðsins skal skipa á héraðsþingi ár hvert. Eigi má velja einstaklinga til stjórnarsetu í sjóðnum er gegna stjórnarsetu í aðildarfélagi innan HSV.

Varsla sjóðsins skal vera í höndum gjaldkera HSV.

Framkvæmdastjóri HSV er starfsmaður sjóðsins.

5. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

10% af óskiptum lottótekjum.

Styrkir og gjafir til sjóðsins.

Árlegt framlag Ísafjarðarbæjar.

Árlegt framlag fyrirtækja.

Vaxtatekjur.

6. gr.

Framlög frá einstaklingum eða lögaðilum er sjóðnum berast og óskað er eftir að gangi til ákveðins íþróttamanns skulu ganga til viðkomandi aðila beint að uppfylltum skilyrðum sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur gert samning ef íþróttamaður uppfyllir eitthvert eftirtalinna skilyrði:

- a) Viðkomandi keppir á eða hefur möguleika á þátttöku á Ólympíu-, Heims-, Evrópu- eða Norðurlandameistaramótum.
- b) Viðkomandi er valinn í landslið eða úrtakshópa fyrir landslið.

8. gr.

Meginmarkmið sjóðsins er að styrkja unga og efnilega íþróttamenn sem líklegir eru til að verða afreksmenn í framtíðinni. Sjóðurinn skal ná því markmiði með því að gera eins árs samning við viðkomandi.

8.1 gr.

Samningsferli

Sæki íþróttamaður um árssamning við afrekssjóð skal viðkomandi leggja fram yfirlit yfir árangur, skammtíma og langtíma markmið sem og heildstæða og rökstudda æfingaáætlun til eins árs. Framkvæmdastjóri HSV, fyrir hönd stjórnar sjóðsins, ásamt umsækjanda, ljúka samningsgerð. Sjóðsstjórn er heimilt að framlengja samning án formlegs umsóknarferlis að höfðu samráði stjórnar og íþróttamanns. Við vanefndir er stjórn heimilt að rifta samningi við íþróttamann einhliða.

8.2 gr.

Samningsgerð

Gera skal samning við íþróttamanninn og/eða forráðamann eftir atvikum.

8.3 gr.

Við gerð samnings verða eftirfarandi þættir lagðir til grundvallar:

- Bakgrunnsupplýsingar samningsaðila
- Markmið íþróttamanns
 - Skammtíma markmið
 - Langtímamarkmið
- Æfingaáætlun
- Yfirlit yfir fyrri stuðning afrekssjóðs
- Greiðsluáætlun

9. gr.

Heimilt er að úthluta úr Afrekssjóðnum einu sinni á ári til þeirra íþróttamanna sem ekki falla undir skilyrði til langtímasamnings.

Íþróttamaður sem er framarlega í íþróttagrein sinni á landsvísu eða hefur sýnt mjög góðan árangur og er líklegur til að komast í hóp bestu íþróttamanna landsins í íþróttagrein sinni fellur þar undir.

10. gr.

Styrkurinn miðast við fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni og tilkostnað vegna þátttöku. Styrkveitingar úr sjóðnum fara fram einu sinni á ári og skal auglýst eftir umsóknum í október ár hvert. Umsóknarfrestur skal vera minnst 20 dagar. Berist engar umsóknir, er falla undir skilgreiningu 7. og 9. gr., skal færa þá fjármuni er ætlaðir voru til úthlutunar, til næstu úthlutunar.

11. gr.

Héraðsþing HSV getur lagt niður sjóðinn með 2/3 greiddra atkvæða. Sé sjóðurinn lagður niður skal fjármunum sem í honum eru úthlutað til aðildarfélaga HSV samkvæmt gildandi úthlutunarreglum almennra styrkja á vegum HSV.

Reglugerð samþykkt á ársþingi HSV 20. maí 2015, með breytingum á ársþingi 2017 og 2019.

Félagsmálastefna HSV

Héraðssamband Vestfirðinga, HSV, er umhugað um að efla og styrkja samfélagið sem það starfar í. Hluti af því er að efla félagsauð á svæðinu. Hverjum einstaklingi er það mjög mikilvægt að eiga sterkt og gott félagslegt net. Besta leiðin til að skapa það er að vera virkur í samfélaginu og að gefa til þess krafta sína og hæfileika. Til að stuðla að þessu vill HSV efla félagshæfni félagsmanna sinna og gefa þeim færi á að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Markmið:

- Stuðla að félagsfærni, jákvæðum samskiptum og fræðslu um verndandi þætti velferðar sem og áhættuþætti.
- Að allir hafi tækifæri til að leika og starfa í fjölskylduvænu og heilbrigðu samfélagi þar sem allir hafa jöfn tækifæri til að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl, vellíðan og sterka sjálfsmynd.
- Hlúa að umhverfi barna og unglinga þannig að þau búi við öruggt og uppbyggilegt umhverfi þar sem áhersla er á félagsleg samskipti og félagslega færni til jafns við íþróttæfingar og keppnir.
- Byggja upp sterka og jákvæða sjálfsmynd, félagsfærni og heilbrigða lífshætti. Við leggjum áherslu á samveru utan skipulagðra íþróttæfinga og fræðum iðkendur um heilbrigðan lífsstíl.
- Hvetja til þátttöku í skipulögðu starfi, að öllum líði vel í starfi á okkar vegum og að tekið sé sérstaklega vel á móti nýliðum.
- Efla sjálfsvirðingu og virðingu fyrir öðrum.

Umhverfisstefna HSV

HSV leitast við að hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi í allri sinni starfsemi. Aðildarfélög HSV eru hvött til að taka mið af umhverfissjónarmiðum í sínu íþróttastarfi og samþætta umhverfihugsun inn í dagleg störf, enda þarf starf félaganna að fara fram í sátt við náttúruna og nánasta umhverfi.

Umhverfisstefna HSV felur það í sér að:

- Íþróttamót, ráðstefnur og fundir fari fram á eins umhverfisvænan hátt og kostur er. Tekið er mið af umhverfissjónarmiðum ekki síður en félagslegum þáttum þegar staðsetning funda og viðburða er ákvörðuð.
- Stuðla að því að setja upp sorpflokkun þar sem starfsemi félaganna fer fram. Flokka allan úrgang eins vel og hægt er og auðvelda endurvinnslumöguleika úrgangs sem til fellur.
- Félagsmenn tileinki sér almenningssamgöngur þegar þess er kostur og kjósi frekar umhverfisvænan og heilsusamlegan ferðamáta á borð við að hjóla eða ganga þegar slíkt er hægt.
- Hvetja félagsmenn til að samnýta bíla í ferðum á íþróttæfingar og aðra viðburði.
- Aðildarfélög leggi sig fram við að auka umhverfisvitund félagsmanna sinna, meðal annars með aukinni útivist og tómstundaiðkun í náttúrunni.
- Hvetja félagsmenn til að nýta matvæli og efni á hagkvæman máta og draga þannig úr sóun.
- Velja frekar umhverfisvænar rekstrarvörur þegar þær standa til boða og velja frekar endurvinnanlegan varning ef um einnota vörur er að ræða.
- Hvetja til umhverfissparandi aðgerða í rekstri á skrifstofum, svo sem með því að spara pappír og slökkva á ljósum og raftækjum þegar þau eru ekki í notkun.

Viðbragðsáætlun HSV

Efnisyfirlit

Inngangur	35
Skilgreiningar	35
Ferli tilkynninga	35
Tilkynningarskylda:	35
2. Viðbrögð við atvikum sem upp kunna að koma í félagsstarfi	36
2.1 Agabrot	36
2.1.1 Agabrot á fundum, æfingum og styttri viðburðum	36
2.1.2 Agabrot í ferðum	36
2.1.3 Ávana- og vímuefni	37
2.2 Einelti	38
2.2.1 Skilgreining á einelti	38
2.2.2 Fyrirbyggjandi aðgerðir	38
2.2.3 Fagráð Æskulýðsvettvangsins	39
2.2.4 Aðgerðaráætlun í eineltismálum	39
2.3 Kynferðisbrot	41
2.3.1 Barn eða ungmenni verður fyrir kynferðisbroti	41
2.3.2 Ábyrgðaraðili verður fyrir kynferðisbroti	42
2.3.3 Ábyrgðaraðili grunaður um kynferðisbrot	43
2.4 Ábyrgðaraðili verður fyrir hótun, áreitni eða ofbeldi	43
3. Viðbrögð við áföllum sem börn, ungmenni og ábyrgðaraðilar verða fyrir í starfi	44
3.1 Alvarleg veikindi barns eða ungmennis	44
3.1.1 Bráðaofnæmi	45
3.1.2 Sykursýki	45
3.1.3 Flogaveiki	45
3.1.4 Astmi	46
3.2 Langvinnir sjúkdómar	46
3.3 Viðbrögð við slysum sem verða í félagsstarfi	47

3.3.1 Smávægilegir áverkar	47
3.3.2 Minniháttar slys	47
3.3.3 Alvarlegt slys á barni eða ungmenni	48
3.4 Andlát barns eða ungmennis	48
3.5 Alvarlegt slys ábyrgðaraðila	49
3.6 Andlát ábyrgðaraðila	50
4. Viðbrögð við áföllum sem börn, ungmenni og ábyrgðaraðilar verða fyrir utan félagsstarfs	51
4.1 Félagslegar breytingar	51
4.2 Alvarleg veikindi eða slys aðstandenda	52
4.3 Andlát aðstandanda	52
4.4 Alvarleg veikindi eða slys barns eða ungmennis	52
4.5 Andlát barns eða ungmennis	53
4.6 Alvarleg veikindi eða slys ábyrgðaraðila	54
4.7 Andlát ábyrgðaraðila	54
4.8 Vanræksla/ofbeldi	55
5. Að vinna úr áfalli	56
5.1 Viðbrögð félags ef barn eða ungmenni verður fyrir áfalli	56
5.2 Viðbrögð félags ef ábyrgðaraðili verður fyrir áfalli	57
6. Reglur um ferðir	57
6.1 Áður en lagt er af stað	57
6.2 Upplýsingar til foreldra	57
7. Samskipti við fjölmiðla	58
6. Fylgiskjöl	58

Inngangur

HSV og aðildarfélög þess leitast við að bæta menningu í íþróttahreyfingunni og tryggja með öllum leiðum öruggt umhverfi fyrir sína félagsmenn. Allir eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu. Einelti, kynferðisleg og kynbundin áreitni og ofbeldi, í hvaða mynd sem það birtist, má ekki viðgangast. Það er á ábyrgð okkar allra að fyrirbyggja og bregðast við slíkri hegðun. Í minni samfélögum getur verið vandasamt að taka á málum þar sem nálægð, frændskapur og vinskapur er mikill. Því er nauðsynlegt að hægt sé að fara með svona mál til hlutlausra aðila til skoðunar og úrvinnslu. HSV sem aðili að UMFÍ hefur aðgang að Æskulýðsvettvangnum og mun nýta sér viðbragðsáætlun hans. Á vegum Æskulýðsvettvangsins starfar fagráð sem tekur til umfjöllunar kynferðisbrotamál og eineltismál sem koma upp innan þeirra félagasamtaka sem mynda Æskulýðsvettvagninn og aðildarfélaga þeirra.

Viðbragðsáætlun HSV er staðfærð útgáfa af [Viðbragðsáætlun Æskulýðsvettvangsins](#).

Skilgreiningar

Börn og ungmenni:

Átt er við öll börn og ungmenni sem taka þátt í íþrótt- og/eða æskulýðsstarfi innan HSV og aðildarfélaga þess.

Iðkendur og þátttakendur í félagsstarfi:

Einnig átt er við öll börn og ungmenni sem taka þátt í íþrótt- og/eða æskulýðsstarfi HSV og aðildarfélaga þess.

Ábyrgðaraðili:

Á við alla starfsmenn og sjálfboðaliða sem eru 18 ára eða eldri og gegna ábyrgðarhlutverki innan HSV og aðildarfélaga þess, sama hvaða heiti þeir bera.

Yfirmaður:

Næsti yfirmaður viðkomandi ábyrgðaraðila.

Ferli tilkynninga



Ef um kynferðisbrot er að ræða skal einnig tilkynna það strax til fagráðs Æskulýðsvettvangsins.

Tilkynningarskylda:

Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu gæta fyllsta trúnaðar og þagmælsku um allt það sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum og ber að fara með sem trúnaðarmál. Þagnarskylda á þó aldrei við

Þegar starfsfólk eða sjálfboðaliðar verða þess áskynja að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða hvers konar ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Í slíkum tilfellum ber að fylgja ákvæðum IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002.

2. Viðbrögð við atvikum sem upp kunna að koma í félagsstarfi

Það eru ýmis atvik sem upp kunna að koma í íþrótt- og/eða æskulýðsstarfi og bregðast þarf við. Erfitt er að gera þeim öllum skil en mikilvægt að hafa ákveðnar grunnreglur til að fylgja til þess að tryggja rétt viðbrögð.

2.1 Agabrot

Með agabrotum er vísað til brota á lögum og reglum HSV og aðildarfélaga þess. Skipta má agabrotum í væg og alvarleg agabrot. Með vægum agabrotum er einkum vísað til almennrar óhlýðni við fyrirmælum og óláta. Alvarleg agabrot eru t.d. ofbeldi í öllum birtingarmyndum, svo sem líkamsmeiðingar, einelti og illmæli, neysla ávana- og vímuefna, svo sem áfengis, tóbaks og rafretta, og brot á landslögum.

2.1.1 Agabrot á fundum, æfingum og stytttri viðburðum

Væg agabrot

Við væg agabrot skal veita viðkomandi tiltal og ef nauðsyn krefur skal viðkomandi hlíta tímabundinni brottvísun frá verkefni viðburðarins.

Alvarleg agabrot

Við alvarleg agabrot skal vísa viðkomandi barni eða ungmenni af fundi, æfingu eða viðburði. Hafa skal samband við foreldri/forráðamann viðkomandi og sjá til þess að barnið eða ungmennið sé sótt hið fyrsta og þá skal ræða við foreldra eða forráðamenn um málavexti.

Ítrekuð agabrot

Ef um ítrekuð agabrot er að ræða skal viðkomandi barn eða ungmenni fá skriflega aðvörun og foreldrar/ forráðamenn upplýstir. Láti viðkomandi ekki af umræddri hegðun skal honum vísað skriflega tímabundið úr starfi og skulu foreldrar/forráðamenn upplýstir um þá ákvörðun. Ábyrgðaraðili tekur slíka ákvörðun aðeins í samráði við stjórn félags.

2.1.2 Agabrot í ferðum

Liggja þarf fyrir skriflegt eða rafrænt samþykki foreldra/forráðamanna áður en barn eða ungmenni yngra en 18 ára getur farið í ferð á vegum félags. Í leyfisbréfinu þarf að koma fram að foreldrar/forráðamenn skuldbindi sig til að sækja barn eða ungmenni, ef ekki þá greiða þann kostnað

sem fylgir því að senda viðkomandi heim, ef barn eða ungmenni verður uppvíst að agabrotum í ferð á vegum félagsins.

Væg agabrot

Við væg agabrot skal veita viðkomandi tiltal og ef nauðsyn krefur skal viðkomandi hlíta tímabundinni brottvísun úr dagskrá eða fyrirskipa skal að hann verði alltaf í fylgd ábyrgðaraðila.

Alvarleg agabrot

Við alvarlegt agabrot skal vísa viðkomandi úr ferð. Foreldrar/forráðamenn skulu sækja barn eða ungmenni eins og skrifað hefur verið undir og skulu upplýstir um málavexti.

Ítrekuð agabrot

Hafi viðkomandi ítrekað orðið uppvíst að alvarlegum agabrotum í ferðum skal honum meinuð þátttaka í ferðum eða öðrum viðburðum félagsins. Slík ákvörðun skal aðeins tekin af ábyrgðaraðila í samráði við stjórn félags. Foreldrar/forráðamenn skulu upplýstir um þá ákvörðun.

2.1.3 Ávana- og vímuefni

Íþrótt- og æskulýðsfélög gegna mikilvægu hlutverki í vímuvernum. Rannsóknir á högum barna og ungmenna sýna að þeim ungmennum sem eru virk í íþrótt- og æskulýðsstarfi farnast betur og þau neyta síður ávana- og vímuefna.

Ábyrgðaraðilar eru fyrirmyndir barna og ungmenna og því er öll neysla áfengis, tóbaks og annarra ávana- og vímuefna, bönnuð í starfi með börnum og ungmennum. Á þetta einnig við um notkun rafretta. Þá segir í 2. mgr. 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007 að forystufólki, leiðbeinendum, sjálfboðaliðum og öðru starfsfólki í skipulögðu æskulýðsstarfi og í ferðum með börnum og ungmennum sé óheimilt að neyta áfengis og annarra vímuefna.

HSV skal sjá ábyrgðaraðilum fyrir fræðsluefni um áhrif neyslu ávana- og vímuefna á ástundun og frammistöðu í félagsstarfi sem og á einkalíf. Einnig skal stjórn HSV sjá til þess að aðildarfélag og foreldrar séu upplýstir um stefnu sambandsins í ávana- og vímuefnavernum og standa að góðu samstarfi við foreldra með fræðslu um neikvæð áhrif slíkra efna. Þá skal stjórn starfa með fagfólki í ávana- og vímuefnavernum og hafa samráð við foreldra/forráðamenn þurfi að taka á neysluvandamáli barna undir sjálfræðisaldri.

Neysla ávana- og vímuefna

Einstaklingur skal aldrei taka þátt í íþrótt- eða æskulýðsstarfi undir áhrifum áfengis eða annarra ávana- og vímuefna. Öll neysla áfengis og annarra ávana- og vímuefna er bönnuð hvar sem skipulagt íþrótt- og æskulýðsstarf fer fram á vegum félaganna þar sem eru þátttakendur undir tvítugu.

Tóbaksnotkun

Reykingar og önnur tóbaksnotkun, þar á meðal rafrettur, er ávallt bönnuð í húsakynnum íþrótta- og æskulýðsstarfs. Þeim sem eru undir 18 ára aldri er óheimilt að reykja eða nota annað tóbak, svo sem í formi rafretta, í félagsstarfi. Bent skal á að ábyrgðaraðilar eru fyrirmyndir hinna yngri, því skulu þeir sem hafa náð 18 ára aldri ekki reykja eða nota annað tóbak í augsýn hinna yngri.

Viðbrögð félagsins við neyslu

Bregðast skal við allri neyslu í íþrótta- og æskulýðsstarfi. Viðbrögð félags skulu ávallt móttast af vilja til að aðstoða viðkomandi við að laga sig að reglunum og að hann haldi áfram að starfa innan félagsins. Foreldrar skulu ávallt upplýstir um neyslu ólögráða barna sinna í félagsstarfi.

Veita skal viðkomandi áminningu við fyrsta brot og hann aðstoðaður við að laga sig að reglum félags. Við annað brot skal viðkomandi vikið úr starfi félagsins, hvort sem um er að ræða iðkanda eða ábyrgðaraðila. Jafnframt skal félagið leitast við að hafa áhrif á að viðkomandi leiti sér aðstoðar. Hafi viðkomandi bætt ráð sitt má endurskoða brottvikninguna.

Til sömu ráðstafana má grípa ef félagsstjórn telur neyslu ávana- og vímuefna iðkanda eða ábyrgðaraðila utan félagsstarfs hafa áhrif á frammistöðu, ástundun eða ímynd félagsins.

2.2 Einelti

Einelti er ekki liðið innan HSV. Það er mjög mikilvægt að öllum líði vel í leik og starfi og að sá grundvallarréttur, að fá að vera óáreittur, sé virtur. Því er mikilvægt að bregðast strax við málum sem koma upp í starfinu og leita allra leiða til þess að leysa úr þeim hratt og vel.

2.2.1 Skilgreining á einelti

Einelti er endurtekin ótilhlýðileg og ámælisverð háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að.

Kynferðisleg áreitni og annað endurtekið andlegt, líkamlegt og stafrænt ofbeldi fellur hér undir. Hér er ekki átt við skoðanaágreiningu eða hagsmunaárekstur sem kann að koma upp í æskulýðs- og íþróttastarfi.

Einelti getur þrífist alls staðar þar sem samskipti eiga sér stað án tillits til aldurs fólks, vitsmunaproska, efnahags, stéttar, stöðu eða búsetu. Einelti getur því komið upp hjá öllum aldursflokkum, bæði börnum og fullorðnum. Þá hefur einelti margar mismunandi birtingarmyndir og getur verið andlegt, líkamlegt og/ eða stafrænt.

2.2.2 Fyrirbyggjandi aðgerðir

Allir þátttakendur í félagsstarfi og foreldrar/forráðamenn þeirra skulu fræddir um stefnu HSV í eineltismálum. Aðgerðaráætlun þessi skal því vera aðgengileg öllum ábyrgðaraðilum, þátttakendum

og foreldrum/forráðamönnum þeirra. Ábyrgðaraðilar skulu þekkja verkferlana og leitast við að leysa úr ágreiningi um leið og hann kemur upp.

Æskulýðsvettvangurinn skal bjóða ábyrgðaraðilum félaganna upp á fræðsluerindi um einelti þar sem er m.a. farið yfir hvernig á að koma auga á einelti og hvernig skal unnið úr eineltismálum.

Ábyrgðaraðilar sem starfa hjá félögum Æskulýðsvettvangsins þurfa því að kunna að þekkja einkenni eineltis og hvernig best sé að leysa úr slíkum vanda.

2.2.3 Fagráð Æskulýðsvettvangsins

Á vegum Æskulýðsvettvangsins starfar fagráð sem tekur við tilkynningum um öll eineltismál sem koma upp innan félagasamtaka Æskulýðsvettvangsins. Fagráðið er skipað þremur einstaklingum, tveimur tilnefndum af Æskulýðsvettvanginum auk fulltrúa félagasamtaka Æskulýðsvettvangsins.

Í fagráðinu sitja alltaf tveir óháðir sérfræðingar sem hafa þekkingu, menntun og reynslu sem nýtist við meðferð eineltismála. Þegar tilkynning kemur til fagráðsins frá HSV eða aðildarfélögum þess er framkvæmdastjóri UMFÍ kallaður inn í fagráðið og tekur hann þá sæti í fagráðinu við meðferð málsins. Sé framkvæmdastjóri UMFÍ vanhæfur skal annar yfirmaður innan samtakanna taka sæti í fagráðinu. Í ákveðnum tilvikum getur fagráðið ákveðið að fulltrúi UMFÍ taki ekki þátt í málsmeðferð. Í þeim tilvikum getur fagráðið kallað annan óháðan aðila inn í fagráðið ef þörf er á.

Hlutverk fagráðsins í eineltismálum er annars vegar að leita að viðunandi niðurstöðu í málum með sáttum sé þess nokkur kostur og hins vegar að veita félögum ráðgefandi álit á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga, sem fagráðinu hafa borist í viðkomandi máli. Telji fagráðið þörf á því skal það leita til óháðra sérfræðinga á sviði eineltismála við að leysa úr málinu. Fagráðið skal einnig sinna eftirfylgni í málum, sem það kemur að, í að minnsta kosti 12 mánuði frá því að úr máli er leyst.

Í hverju máli skal einn aðili úr teyminu valinn til að sinna hlutverki málastjóra. Málstjóri hefur yfirumsjón með málinu, sér um samskipti við málsaðila og foreldra/forráðamenn þeirra, ef við á. Einnig ber hann ábyrgð á því að skrá niður öll atvik sem upp koma, hvernig reynt er að leysa úr málinu og hvernig það gekk.

Allir geta tilkynnt mál til fagráðsins og skal það vera skriflegt á þar til gert eyðublað og sendast á netfangið fagrad@aev.is ásamt fylgigögnum.

2.2.4 Aðgerðaráætlun í eineltismálum

Allir ábyrgðaraðilar sem starfa innan HSV og aðildarfélaga þess þurfa að vera vakandi fyrir því hvernig þátttakendum í félagsstarfinu líður og grípa inn í um leið og upp kemur samskiptavandi. Hvetja þarf börn og ungmenni til að láta vita ef þau verða fyrir endurtekinni stríðni eða annars sem einkennir einelti, eða ef þau verða vör við slíkt á milli annarra einstaklinga. Einnig þarf að hvetja foreldra/forráðamenn til að láta vita ef börn og ungmenni segja þeim frá atvikum sem benda til þess að um einelti sé að ræða.

1. Tilkynning

Ábyrgðaraðili, sem verður var við samskiptavanda, skal reyna að leysa úr honum eins fljótt og unnt er. Um leið og ljóst er að vandinn er orðinn stærri en svo að hægt sé að leysa úr honum strax skal hann tilkynna um málið til stjórnar félags.

Fái starfsmaður eða sjálfboðaliði félags ábendingu eða tilkynningu um einelti skal hann koma henni áfram til stjórnar.

Öllum er heimilt að tilkynna um einelti innan HSV og aðildarfélaga þess og eru allar tilkynningar teknar alvarlega. Fylla skal út tilkynningu á þar til gert eyðublað (sjá fylgiskjal) og skal henni skilað til fagráðs Æskulýðsvettvangsins.

2. Könnunarþrep

Þegar stjórn HSV berst tilkynning um einelti í starfinu skal tilkynningunni komið áfram til fagráðs Æskulýðsvettvangsins. Ef að um börn er að ræða skulu foreldrar/forráðamenn aðila upplýstir um tilkynninguna. Framkvæmdastjóri félags byrjar á því að afla allra upplýsinga sem nauðsynlegar eru frá þolanda, meintum geranda/gerendum og foreldrum/ forráðamönnum þeirra, ábyrgðaraðilum, vinum og öðrum sem geta veitt upplýsingar um það mál sem liggur fyrir. Upplýsingaöflun skal ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til þess að meta umfang vandans.

Fagráð Æskulýðsvettvangsins metur þær upplýsingar sem fram eru komnar og setur saman áætlun um það hvernig skuli tekið á málinu.

3. Lausnaþrep

Fagráð Æskulýðsvettvangsins vinnur samkvæmt áætluninni að lausn vandans. Fundað er með þolanda og geranda, ásamt foreldrum/forráðamönnum þeirra, eins oft og nauðsynlegt er. Allir ábyrgðaraðilar sem vinna með þolanda og geranda eru upplýstir um eineltið og skulu þeir upplýsa fagráðið um öll atvik sem þeir verða vitni að.

Fagráðið skal reyna að komast að rót vandans og aðstoða aðila við að vinna úr málinu í samráði við foreldra/forráðamenn, ef við á. Eineltismál eru mjög ólík innbyrðis og því er ekki hægt að setja fram reglur um eitt ákveðið vinnuferli sem alltaf eigi að fara eftir. Fulltrúar í fagráði verða því að vega og meta hverju sinni hvaða leið sé líklegust til árangurs.

Nokkrar meginreglur eiga þó alltaf við:

- Tryggja þarf öryggi þolanda.
- Leggja skal áherslu á jákvæð samskipti og að virðing sé borin fyrir öllum aðilum máls.
- Bæði þolandi og gerandi/gerendur þurfa að fá stuðning og aðstoð við að vinna úr sínum málum.
- Ef gerendur eru fleiri en einn er árangursríkast að tala við gerendur einn og einn í einu.
- Leggja skal áherslu á að ná góðu samstarfi við foreldra/forráðamenn. Mikilvægt er að eiga góð samskipti við foreldra/forráðamenn og halda þeim upplýstum um það hvernig sé verið að vinna í málinu.

Ef grípa þarf til einhverra aðgerða til þess að aðskilja aðila í félagsstarfi skal gerandi/gerendur ávallt vera færðir til en ekki þolandi. Á þetta bæði við um börn og ungmenni sem og ábyrgðaraðila.

Í þeim tilfellum sem starfsmaður gerist sekur um að beita barn eða annan fullorðinn einstakling einelti skal stjórn félags víkja starfsmanni úr starfi tímabundið á meðan unnið er að lausn málsins ef viðvera hans hefur áhrif á daglegt starf innan íþrótt- eða æskulýðsfélags.

4. Eftirfylgni

Ábyrgðaraðilar sem vinna með þolanda og geranda fylgjast með þeim og eru vakandi fyrir því hvort eineltið taki sig upp aftur. Málstjóri skal einnig fylgjast með gangi mála í að minnsta kosti 12 mánuði frá því að úr því var leyst.

Ef mál tekur sig upp aftur skal fagráðið meta hvort það setji saman aðra áætlun um það hvernig skuli leyst úr málinu.

2.3 Kynferðisbrot

Kynferðisbrot líðast ekki innan félagasamtaka Æskulýðsvettvangsins. Allar tilkynningar um kynferðisbrot skal taka alvarlega og óheimilt er að afgreiða ætluð kynferðisbrot innan aðildarféлага. Með hugtakinu kynferðisbrot er átt við þá háttsemi sem lýst er refsiverðri í XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og í barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Til að tryggja öryggi í samskiptum og draga úr hættu á tilhæfulausum ásökunum er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Ábyrgðaraðili og barn undir 18 ára aldri skulu aldrei vera tvö saman í lokuðu rými, ef hjá því verður komist.
- Koma skal í veg fyrir snertingar sem auðvelt er að mistúlka (t.d. snertingar á sundbolasvæði).
- Forðast skal óeðlileg vinasambönd ábyrgðaraðila og barna og ungmenna.

2.3.1 Barn eða ungmenni verður fyrir kynferðisbroti

Ef grunur vaknar um að barn eða ungmenni hafi orðið fyrir kynferðisbroti í félagsstarfi skal það tilkynnt til yfirmanns innan félags án tafar. Ef meintur gerandi er ábyrgðaraðili eða yfirmaður í starfi skal hafa beint samband við stjórn aðildarfélags, framkvæmdastjóra HSV eða fagráð Æskulýðsvettvangsins.

- Tryggja þarf öryggi barns/ungmennis.
- Yfirmaður gerir barnaverndaryfirvöldum og lögreglu viðvart í síma 112.
- Yfirmaður gerir fagráði Æskulýðsvettvangsins og framkvæmdastjóra HSV einnig viðvart.
- Framkvæmdastjóri eða fagráð Æskulýðsvettvangsins skal hafa samband við foreldra/forráðamenn barns eða ungmennis og greina þeim frá atburðum – nema að barnaverndaryfirvöld eða lögregla gefi fyrirmæli um annað.

Sé langt um liðið síðan meint brot átti sér stað eru líkur á því að brot geti verið fyrnt. Slík brot skal samt sem áður tilkynna til sömu aðila. Barnaverndarnefnd getur tekið slík mál til skoðunar á grundvelli 35. gr. barnaverndarlaga og komið með tillögur að niðurstöðu.

Ef ábyrgðaraðili er grunaður um að hafa beitt barn eða ungmenni kynferðislegu ofbeldi skal stjórn félags ávallt vísa viðkomandi tímabundið úr starfi á meðan rannsókn máls stendur yfir. Þegar niðurstöður liggja fyrir hjá viðeigandi yfirvöldum (lögreglu og/ eða barnaverndarnefnd eða öðrum aðilum) skal tekin ákvörðun um framhaldið, þ.e. hvort meintur gerandi fái að starfa áfram innan félags eða ekki. Leita skal álits barnaverndaryfirvalda, ef við á, og fagráðs Æskulýðsvettvangsins áður en viðkomandi er heimilað að koma aftur til starfa innan félags.

Eftir að mál hefur verið tilkynnt til réttra aðila sjá barnaverndaryfirvöld og lögregla alfarið um meðferð málsins og skulu hvorki ábyrgðaraðilar né HSV eða aðildarfélag hafa önnur afskipti af máli en óskað er eftir af barnaverndaryfirvöldum og lögreglu.

Fagráð Æskulýðsvettvangsins fylgir því eftir að mál fái viðhlítandi málsmeðferð samkvæmt landslögum og verklagsreglum um meðferð kynferðisbrotamála hjá Æskulýðsvettvanginum. Fagráðið sér einnig um að heyra umkvartanir þolenda, leiðbeina þeim um málsmeðferð og sjá til þess að þeir fái stuðning eftir því sem við á hverju sinni. Þá er fagráðið framkvæmdastjórum og stjórnnum aðildarfélaga til ráðgjafar varðandi mál er tengjast kynferðisbrotum.

2.3.2 Ábyrgðaraðili verður fyrir kynferðisbroti

Ef grunur vaknar um að ábyrgðaraðili hafi orðið fyrir kynferðisbroti í félagsstarfi skal það tilkynnt til yfirmanns innan félags án tafar. Ef meintur gerandi er ábyrgðaraðili eða yfirmaður í starfi skal hafa beint samband við HSV og/ eða fagráð Æskulýðsvettvangsins.

- Yfirmaður gerir lögreglu viðvart í síma 112.
- Ef einhver hlutaðeigandi er yngri en 18 ára skal barnaverndaryfirvöldum einnig gert viðvart.
- Yfirmaður gerir fagráði Æskulýðsvettvangsins og framkvæmdastjóra HSV einnig viðvart.

Ef annar ábyrgðaraðili er grunaður um að hafa beitt samstarfsaðila kynferðislegu ofbeldi skal stjórn félags ávallt vísa viðkomandi tímabundið úr starfi á meðan rannsókn máls stendur yfir. Þegar niðurstöður liggja fyrir hjá viðeigandi yfirvöldum (lögreglu og/ eða barnaverndarnefnd eða öðrum aðilum) skal tekin ákvörðun um framhaldið, þ.e. hvort viðkomandi meintur gerandi fái að starfa áfram innan félags eða ekki. Leita skal álits barnaverndaryfirvalda ef við á og fagráðs Æskulýðsvettvangsins áður en viðkomandi er heimilað að koma aftur til starfa innan félags.

Eftir að mál hefur verið tilkynnt til réttra aðila sér lögregla, og eftir atvikum barnaverndaryfirvöld, alfarið um meðferð málsins og skulu hvorki aðrir ábyrgðaraðilar né HSV eða aðildarfélag hafa önnur afskipti af máli en lögregla óskar eftir.

Fagráð Æskulýðsvettvangsins fylgir því eftir að mál fái viðhlítandi málsmeðferð samkvæmt landslögum og verklagsreglum um meðferð kynferðisbrotamála hjá Æskulýðsvettvanginum. Fagráðið sér einnig um að heyra umkvartanir þolenda, leiðbeina þeim um málsmeðferð og sjá til þess að þeir

fái stuðning eftir því sem við á hverju sinni. Þá er fagráðið framkvæmdastjórum og stjórnnum félagasamtaka og aðildarfélögum þeirra til ráðgjafar varðandi mál er tengjast kynferðisbrotum.

2.3.3 Ábyrgðaraðili grunaður um kynferðisbrot

Ef grunur vaknar um að ábyrgðaraðili hafi gerst sekur um að beita barn eða ungmenni kynferðislegu ofbeldi utan félagsstarfs skal næsta yfirmanni gert viðvart.

- Yfirmaður skal upplýsa framkvæmdastjóra HSV og/eða fagrád Æskulýðsvettvangsins.
- Framkvæmdastjóri UMFÍ skal leita eftir upplýsingum um kynferðisbrot úr sakaskrá viðkomandi ábyrgðaraðila. Hafi það verið gert áður skal samt sem áður gera það á nýjan leik.
 - Hafi ábyrgðaraðili verið dæmdur fyrir kynferðisbrot skal honum vikið út starfi tafarlaust.
- Séu engar upplýsingar um kynferðisbrot að finna í sakaskrá ábyrgðaraðila skal framkvæmdastjóri UMFÍ hafa samband við barnaverndaryfirvöld. Skal hann upplýsa barnaverndarnefnd um þær grunsemdir sem komið hafa upp og biðja nefndina um að kanna málið betur.
 - Barnaverndarnefnd getur tekið slík mál til skoðunar á grundvelli 35. gr. barnaverndarlaga og komið með tillögur að niðurstöðu.

Í hvert sinn sem upp koma sögusagnir þess efnis að ábyrgðaraðili hafi brotið gegn barni eða ungmenni þarf að meta hversu áreiðanlegar upplýsingarnar séu. Ákvörðun og mat um tilkynningu til barnaverndaryfirvalda er tekin af stjórn aðildarfélags og framkvæmdastjóra HSV í samstarfi við fagrád Æskulýðsvettvangsins. Alltaf skal hafa hagsmuni barns að leiðarljósi við slíka ákvörðunartöku. Heimilt er að hafa samband við Barnaverndarstofu og fá ráðleggingar hjá þeim varðandi það hvort mál sé þess efnis að tilkynna þurfi það til barnaverndarnefndar. Einnig geta félög alltaf leitað til fagráðs Æskulýðsvettvangsins og fengið ráðgjöf um mál af þessu tagi.

2.4 Ábyrgðaraðili verður fyrir hótun, áreitni eða ofbeldi

Ef ábyrgðaraðili verður fyrir hótun, áreitni eða ofbeldi í tengslum við félagsstarf, skal hann sem fyrst snúa sér til næsta yfirmanns og tilkynna um atvikið. Yfirmaður innan félags skal meta atvikið með ábyrgðaraðila, hugsanlegum vitnum og öðrum sem málið varðar og grípa til ráðstafana í samræmi við alvarleika þess.

Yfirmaður skal strax:

- Reyna að meta þörf ábyrgðaraðila fyrir stuðning og sjá til þess að hann verði veittur strax.
- Gera viðeigandi varúðarráðstafanir og ákveða viðbrögð gagnvart geranda til þess tryggja öryggi ábyrgðaraðila og að hindra að umrætt ofbeldi/ áreitni/hótanir haldi áfram.
- Sjá til þess að nákvæm lýsing á umræddu atviki sé skráð og haldið til haga.
- Tilkynna atvikið til framkvæmdastjóra HSV og fagráðs Æskulýðsvettvangsins.
- Fagráðið tekur málið í sínar hendur:
- Fundur fagráðs með viðkomandi ábyrgðaraðila.

- Metur alvarleika atviks og gengur úr skugga um að ábyrgðaraðili fái viðeigandi stuðning. Gerir tillögur um öryggisráðstafanir og önnur viðbrögð eftir atvikum.
- Fagráðið tilkynnir um atvik til lögreglu ef þörf er á.

Ef barn eða ungmenni undir 18 ára aldri beitir ábyrgðaraðila alvarlegu ofbeldi skal tilkynna það til foreldra/ forráðamanna barnsins eða ungmennisins og til lögreglu og barnaverndaryfirvalda.

Ef starfsmaður eða sjálfboðaliði félags beitir ábyrgðaraðila alvarlegu ofbeldi skal tilkynna það til lögreglu og víkja viðkomandi úr starfi á meðan rannsókn stendur.

3. Viðbrögð við áföllum sem börn, ungmenni og ábyrgðaraðilar verða fyrir í starfi

Þegar barn eða ungmenni verður fyrir áfalli í félagsstarfi er mikilvægt að bregðast rétt við. Sama á við ef ábyrgðaraðili verður fyrir áfalli. Ekki er hægt að gera grein fyrir öllum áföllum sem upp geta komið í félagsstarfi en hér á eftir verður meðal annars farið yfir fyrstu viðbrögð við slysum og alvarlegum veikindum.

Ætlast er til þess að allir ábyrgðaraðilar hafi lokið skyndihjálparþjálfun. Það er hlutverk ábyrgðaraðila að bregðast rétt við og fylgja þeim leiðbeiningum sem fram koma í viðbragðsáætlun. Ef upp kemur atvik sem engar leiðbeiningar er að finna um skal ábyrgðaraðili snúa sér til næsta yfirmanns eða beint til framkvæmdastjóra HSV. Framkvæmdastjóri, eða yfirmaður innan félags, hefur samband við fagráð Æskulýðsvettvangsins ef hann telur þörf á.

3.1 Alvarleg veikindi barns eða ungmennis

Veikist barn eða ungmenni alvarlega í félagsstarfi er mikilvægt að ábyrgðaraðili fylgi eftirfarandi skrefum:

- Hringja í Neyðarlínuna, 112. Gefa upp staðsetningu og eðli vanda.
- Veita fyrstu skyndihjálp með leiðbeiningum frá Neyðarlínunni.
- Ábyrgðaraðili kallar eftir aðstoð til að sinna öðrum börnum og ungmennum á vettvangi.
- Ábyrgðaraðili fylgir barni/ungmenni á slysadeild með sjúkrabíl ef kostur er og er hjá því þangað til foreldrar/forráðamenn eru komnir á staðinn.
- Ábyrgðaraðili eða annar ábyrgur aðili verður eftir á vettvangi til að sinna öðrum börnum og ungmennum.
- Ábyrgðaraðili skal hafa samband við foreldra/ forráðamenn og greina þeim frá atburðinum á hlutlausan og nærgætinn hátt við fyrsta tækifæri. Leitast skal við að svara spurningum á eins nákvæman hátt og kostur er.
- Ef um mjög alvarlega eða lífshættulega veikindi eða meðvitundarleysi er að ræða:
 - Ábyrgðaraðili skal hafa samband við næsta yfirmann og framkvæmdastjóra félags.

- Framkvæmdastjóri, eða yfirmaður innan félags, hefur samband við foreldra/forráðamenn þeirra barna/ungmenna sem voru á staðnum ef með þarf.
- Ábyrgðaraðili skal gæta þess að ekkert barn eða ungmenni fari af vettvangi nema búið sé að hafa samband við foreldra/forráðamenn.
- Æskilegt er að fá ráðleggingar eða aðstoð prests, sálfræðings, hjúkrunarfræðings eða annarra sérfræðinga við áfallahjálp eða sálgæslu.
- Ábyrgðaraðilum skal veitt áfallahjálp ef þörf er á.
- Fulltrúi frá félagi skal koma upplýsingum til þeirra sem voru ekki á staðnum en tilheyra starfinu, svo sem öðrum ábyrgðaraðilum, iðkendum og foreldrum/forráðamönnum, ef þörf er á.
- Ábyrgðaraðili fyllir út slysaskýrslu (sjá fylgiskjal).
- Ábyrgðaraðili í samstarfi við næsta yfirmann skráir niður allt um atburðinn og viðbrögðin til að meta það sem gert var og læra af því.

Viðbrögð við nokkrum algengum sjúkdómum:

3.1.1 Bráðaofnæmi

Einstaklingur í losti þarf að komast sem allra fyrst undir læknishendur. Ábyrgðaraðili skal hringja í 112 og nota EPI-penna (bráðasprautu/adrenalínsprautu) ef hann er til staðar. Ef ábyrgðaraðili sér að barn/ungmenni er að fá lost er hægt að draga úr eða afstýra lostinu með eftirfarandi aðgerðum:

- Leggja einstaklinginn niður og snúa höfðinu til hliðar.
- Losa um fatnað sem gæti þrengt að öndunarfærum.
- Setja hærra undir fætur.
- Koma í veg fyrir hitatap með því að breiða yfir einstaklinginn.
- Ekki gefa næringu.
- Hlúa að viðkomandi eftir föngum og ef einstaklingur er meðvitundarlaus á að leggja hann á hliðina (í læsta hliðarlegu).
- Beita skal skyndihjálp ef við á.

3.1.2 Sykursýki

Brugðist er við blóðsykursfalli með því að gefa viðkomandi strax kolvetni, til dæmis:

- Glas af mjólk og brauðsneið.
- 2-3 sykursmola leysta upp í vatni og brauðsneið.
- Gosdrykk/ávaxtasafa og brauðsneið.

Aldrei má yfirgefa einstakling með einkenni blóðsykursfalls. Ef einkenni hverfa ekki á 2-5 mínútum skal hringt í 112.

3.1.3 Flogaveiki

Mjög mikilvægt að allir starfsmenn/sjálfbóðaliðar þekki einkenni flogakasts hjá flogaveiku barni/ungmenni og fái upplýsingar um viðbrögð frá foreldrum/ forráðamönnum. Við flog þarf að koma barninu/ungmenninu í rólegar aðstæður þar sem barnið/ungmennið getur jafnað sig.

Ef floginu fylgir flogaveikiskast, t.d. krampi, skal fylgja eftirfarandi ferli:

- Halda ró sinni.
- Losa um föt sem gætu þrengt að öndunarvegi.
- Reyna að fyrirbyggja meiðsl.
- Ekki setja neitt upp í munn einstaklings með krampa.
- Hlúa að viðkomandi og leggja á hliðina/setja í læsta hliðarlegu.
- Ekki má yfirgefa einstakling sem hefur fengið krampa fyrr en hann hefur náð fullri meðvitund.

Ábyrgðaraðili skal hringja í 112 ef:

- Flogaveikiskast/krampi stendur lengur en í 1-2 mínútur.
- Ábyrgðaraðilar vita ekki af hverju krampinn stafar.
- Annar krampi fylgir í kjölfarið.
- Einstaklingur kemst ekki til meðvitundar eftir að kippirnir hætta.
- Einstaklingur fær krampa í vatni.

3.1.4 Astmi

Brugðist skal við astmakasti með eftirfarandi aðgerðum:

- Gefa innúðalyf.
- Róa viðkomandi og koma honum í rólegt umhverfi.
- Hlúa að viðkomandi, t.d. hjálpa honum að sitja uppi og láta hann anda að sér fersku lofti eða hvað annað sem viðkomandi finnst vera hjálp í.

Ábyrgðaraðili skal hringja í 112 ef einstaklingur:

- Á í verulegri andnauð.
- Er fölur og þvalur.
- Er blár í andliti og á vörum.

3.2 Langvinnir sjúkdómar

Þegar barn eða ungmenni sem tekur þátt í starfi HSV eða aðildarfélagi þess er með eða greinist með langvinnan sjúkdóm er mikilvægt að allir ábyrgðaraðilar sem starfa með barninu/ungmenninu fái allar upplýsingar um veikindin frá foreldrum/forráðamönnum til að hægt sé að bregðast við á réttan hátt.

Nauðsynlegt er að allir ábyrgðaraðilar kynni sér vel einkenni sjúkdómsins og hvernig bregðast eigi við þeim. Þá þurfa allir nýir ábyrgðaraðilar sem munu koma til með að starfa með langveiku barni að vera upplýstir um veikindin.

Ef upp kemur sú staða að ábyrgðaraðili þurfi að bregðast við einkennum sjúkdóms skal haft samband við foreldra/forráðamenn við fyrsta tækifæri.

Sömu atriði eiga við ef ábyrgðaraðili er með eða greinist með langvinnan sjúkdóm. Skal hann greina yfirmanni sínum frá veikindum. Allir ábyrgðaraðilar skulu vera meðvitaðir um veikindin og þekkja hvernig eigi að bregðast við þeim. Börn og ungmenni skulu einnig upplýst ef þörf er á.

3.3 Viðbrögð við slysum sem verða í félagsstarfi

Yfirmenn í félagsstarfi bera ábyrgð á því að viðeigandi sjúkragögn séu ætíð til í húsakynnum félagsstarfs. Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að viðeigandi sjúkragögn séu meðferðis í ferðum sem farnar eru á vegum félags. Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á að viðeigandi sjúkragögn séu meðferðis í ferðum félags.

Einn ábyrgðaraðili sem hefur gilt skyndihjálparpróf stýrir aðgerðum ef slys ber að höndum. Hann einbeittir sér að þeim einstaklingi sem hefur slasast og fær sér til aðstoðar, ef þarf, annan ábyrgðaraðila. Aðrir ábyrgðaraðilar koma öðrum börnum og ungmönnum af slysstað, sefa ótta þeirra og fá þeim annað til að fást við.

Ef aðeins einn ábyrgðaraðili er viðstaddur þegar slys verður sinnir hann hinum slasaða eins og reynsla og þjálfun leyfir en reynir sem fyrst að fá utanaðkomandi aðstoð. Þegar öryggi hins slasaða er tryggt hefur ábyrgðaraðili samband við yfirmann sinn. Yfirmaðurinn ber ábyrgð á skýrslugerð og samskiptum við foreldra/forráðamenn í samráði við framkvæmdastjóra. Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á skýrslugerð til lögreglu.

3.3.1 Smávægilegir áverkar

- Ætíð ber að fylla út slysaskýrslu félags (sjá fylgiskjal) eftir að gert er að sárum barns eða ungmennis með búnaði úr sjúkrakassa og áverkar gætu vakið spurningar foreldra/forráðamanna, eins ef um höfuðhögg eða bakmeiðsli er að ræða.
- Segja á foreldrum/forráðamönnum frá tildrögum óhappsins í lok dagskrár.

3.3.2 Minniháttar slys

- Ef óhapp verður og barn eða ungmenni meiðist skal leita til læknis (slysadeild) ef minnsti grunur leikur á að þess sé þörf.
- Þegar leita þarf læknis á ætíð að hafa samband við foreldra eða forráðamenn eins fljótt og kostur er og leyfa þeim að velja hvort þeir fari með barnið eða ungmennið til læknis/á slysadeild eða hitti barnið eða ungmennið þar.
- Ætíð ber að fylla út slysaskýrslu félags (sjá fylgiskjal) og afhenda framkvæmdastjóra félags eða öðrum viðeigandi aðilum.

3.3.3 Alvarlegt slys á barni eða ungmenni

Undantekningarlaust á að leita til læknis ef um er að ræða: brunasár, andlitsáverka, tannáverka, þungt höfuðhögg, bakáverka, grun um innvortis meiðsl eða grun um beinbrot.

Verði alvarlegt slys á börnum eða ungmennum í félagsstarfi er mikilvægt að ábyrgðaraðili fylgi eftirfarandi skrefum:

- Tryggja öryggi á slysstað.
- Hringja í 112. Gefa upp staðsetningu og eðli vanda.
- Kanna áverka og veita fyrstu skyndihjálþ með leiðbeiningum frá Neyðarlínunni.
- Fjarlægja önnur börn/ungmenn af slysstaðnum.
- Ábyrgðaraðili kallar eftir aðstoð til að sinna öðrum börnum og/eða ungmennum á vettvangi.
- Ábyrgðaraðili fylgir barni/ungmenni á slysadeild með sjúkrabíl ef kostur er og er hjá því þar til foreldrar/forráðamenn eru komnir á staðinn.
- Ábyrgðaraðili eða annar ábyrgur aðili verður eftir á vettvangi til að sinna öðrum börnum og/eða ungmennum.
- Ábyrgðaraðili skal hafa samband við foreldra/ forráðamenn og greina þeim frá atburðinum á hlutlausan og nærgætinn hátt við fyrsta tækifæri. Leitast skal við að svara spurningum á eins nákvæman hátt og kostur er.
- Ef um lífshættulega áverka eða meðvitundarleysi er að ræða skal óska eftir aðstoð starfsmanna á slysadeild um að láta foreldra/forráðamenn viðkomandi barns vita af slysinu.
- Ef um mjög alvarlega eða lífshættulega áverka eða meðvitundarleysi er að ræða:
 - Ábyrgðaraðili skal hafa samband við næsta yfirmann og/eða framkvæmdastjóra HSV.
 - Yfirmaður innan félags eða framkvæmdastjóri HSV hefur samband við foreldra/forráðamenn þeirra barna/ungmenna sem voru á staðnum ef með þarf.
 - Ábyrgðaraðili skal gæta þess að ekkert barn eða ungmenni fari af vettvangi nema búið sé að hafa samband við foreldra/forráðamenn.
 - Æskilegt er að fá ráðleggingar eða aðstoð prests, sálfræðings, hjúkrunarfræðings eða annarra sérfræðinga við áfallahjálþ eða sálþæslu.
- Ábyrgðaraðilum skal veitt áfallahjálþ ef þörf er á.
- Fulltrúi HSV eða aðildarfélags skal koma upplýsingum til þeirra sem voru ekki á staðnum en tilheyra starfinu, svo sem öðrum ábyrgðaraðilum, iðkendum og foreldrum/forráðamönnum.
- Ætíð ber að fylla út slysaskýrslu félags (sjá fylgiskjal) og afhenda formanni félags og/eða framkvæmdastjóra HSV. Ábyrgðaraðili fyllir út slysaskýrslu.
- Ábyrgðaraðili í samstarfi við næsta yfirmann skráir niður allt um atburðinn og viðbrögðin til að meta það sem gert var og læra af því.

3.4 Andlát barns eða ungmennis

Mikilvægt er að ábyrgðaraðili fylgi eftirfarandi skrefum ef sá voðalegi viðburður á sér stað að barn eða ungmenni deyr í félagsstarfi:

- Hringt í 112 – áfallateymi á slysadeild tekur við málinu og hefur samband við foreldra eða forráðamenn.

- Fagráð Æskulýðsvettvangsins kallað til ef þörf er á.
- Ábyrgðaraðili eða annar ábyrgur aðili verður eftir á starfsstað til að sinna öðrum börnum og/eða ungmennum.
- Fulltrúi HSV eða aðildarfélags hefur samband við foreldra/forráðamenn þeirra barna og/eða ungmenna sem voru á staðnum.
- Ábyrgðaraðili gætir þess að ekkert barn/ungmenni fari af starfsstaðnum nema búið sé að hafa samband við foreldra/forráðamenn. Æskilegt er að fá prest, sálfræðing og/eða hjúkrunarfræðing til þess að veita áfallahjálp.
- Ábyrgðaraðilum skal veitt áfallahjálp.
- Fulltrúi frá félagi og eða HSV skal koma upplýsingum til þeirra sem voru ekki á staðnum en tilheyra starfinu, svo sem öðrum ábyrgðaraðilum, iðkendum og foreldrum/forráðamönnum.
- Fána skal flaggað í hálfa stöng þegar við á.
- HSV og/eða aðildarfélag skal sýna hluttekningu á nærgætinn hátt með því að senda samúðarkveðju til aðstandenda hins látna og/eða fara í heimsókn.
- Ábyrgðaraðili upplýsir foreldra/forráðamenn og börn/ungmenni um hvernig starfið verður næstu daga. Mikilvægt er að halda starfseminni áfram og gefa börnunum/ungmennunum tækifæri á að ræða upplifun sína og tilfinningar.
- Ef haldin er minningarstund skal HSV og viðkomandi aðildarfélag taka þátt.
- Ábyrgðaraðili fyllir út slysaskýrslu (sjá fylgiskjöl).
- Ábyrgðaraðili í samstarfi við næsta yfirmann skráir niður allt um atburðinn og viðbrögðin til að meta það sem gert var og læra af því.

Útför:

- Fulltrúar HSV og/eða aðildarfélags skrifi minningargrein og séu viðstaddir útförina ef við á.
- Aðstoða skal aðra þátttakendur í félagsstarfi við að skrifa minningargrein og færa aðstandendum blóm/teikningar ef við á.
- Sjálfsagt er að þeir ábyrgðaraðilar sem þess óska séu viðstaddir útförina.
- Hugað sé að því hvernig stuðningi við iðkendur og ábyrgðaraðila verði háttað í framhaldinu.

3.5 Alvarlegt slys ábyrgðaraðila

Verði ábyrgðaraðili fyrir slysi við félagsstörf skulu aðrir ábyrgðaraðilar gera eftirfarandi:

- Hringja í 112.
- Kanna áverka og veita fyrstu skyndihjálp með leiðbeiningum frá 112.
- Fjarlægja börn/ungmenni af slysstað.
- Engin börn eða ungmenni fá að fara af starfsstaðnum nema búið sé að hafa samband við foreldra/forráðamenn. Æskilegt er að fá ráðgjöf eða aðstoð prests, sálfræðings og/eða hjúkrunarfræðings varðandi áfallahjálp.
- Ef mögulegt er skal annar ábyrgðaraðili eða ábyrgur aðili fylgja hinum slasaða á slysadeild með sjúkrabíl og vera hjá honum meðan þörf krefur.
- Ábyrgðaraðili eða annar ábyrgur aðili verður eftir á starfsstað til að sinna börnum og ungmennum í félagsstarfinu.

- Hafa skal samband við aðstandendur og greina þeim frá atburðinum á hlutlausan og nærgættinn hátt. Leitast skal við að svara spurningum á eins nákvæman hátt og kostur er.
- Ef um lífshættulega áverka eða meðvitundarleysi er að ræða skal láta áfallateymi á slysadeild um að hafa samband við aðstandendur.
- Upplýsa skal yfirmenn um leið og tækifæri gefst.
- Ef um lífshættulega áverka eða meðvitundarleysi er að ræða:
 - Næsti yfirmaður hefur samband við foreldra/forráðamenn þeirra barna og ungmenna sem voru á staðnum ef með þarf.
 - Kalla til fagraðs Æskulýðsvettvangsins ef þörf er á.
- Ábyrgðaraðilum og öðrum viðstöddum skal veitt áfallahjálp.
- Yfirmaður í félagi kemur upplýsingum til þeirra sem voru ekki á staðnum en tilheyra starfinu, t.d. annarra ábyrgðaraðila og foreldra/forráðamanna, ef þörf er á.
- Ábyrgðaraðili sem var viðstaddur skrifar slysaskýrslu (sjá fylgiskjal). Skýrsluna skal senda til stjórnar félags, HSV og fagraðs Æskulýðsvettvangsins, eftir atvikum.
- Ábyrgðaraðili í samstarfi við næsta yfirmann skráir niður allt um atburðinn og viðbrögðin til að meta það sem gert var og læra af því.

3.6 Andlát ábyrgðaraðila

Mikilvægt er að ábyrgðaraðili eða annar ábyrgur aðili fylgi eftirfarandi skrefum ef sá voðalegi viðburður á sér stað að ábyrgðaraðili deyr í félagsstarfi:

- Hringt í 112 – áfallateymi á slysadeild tekur við málinu og hefur samband við aðstandendur.
- Fagrað Æskulýðsvettvangsins kallað til ef þörf er á.
- Ábyrgðaraðili eða annar ábyrgur aðili verður eftir/kemur á starfsstað til að sinna börnum og ungmennum.
- Fulltrúi HSV eða aðildarfélags hefur samband við foreldra/forráðamenn þeirra barna/ungmenna sem voru á staðnum.
- Ábyrgðaraðili gætir þess að ekkert barn/ungmenni fari af starfsstaðnum nema búið sé að hafa samband við foreldra/forráðamenn. Æskilegt er að fá prest, sálfræðing og/eða hjúkrunarfræðing til þess að veita áfallahjálp.
- Ábyrgðaraðilum skal veitt áfallahjálp.
- Ábyrgðaraðili fyllir út slysaskýrslu (sjá fylgiskjal).
- Ábyrgðaraðili, í samstarfi við næsta yfirmann, skráir niður allt um atburðinn og viðbrögðin til að meta það sem gert var svo að hægt sé að læra af því.
- Stjórn HSV og/eða aðildarfélags kemur saman eftir að tilkynning berst og aflar upplýsinga um andlátíð og aðdraganda þess.
- Stjórn aðildarfélags eða framkvæmdastjóri HSV tilkynnir öðrum ábyrgðaraðilum um andlátíð.
- Eins fljótt og auðið er skal tilkynna þeim börnum og ungmennum sem hafa unnið mikið með hinum látna um andlátíð. Betra er að gera það í minni hópum heldur en að kalla allan hópinn saman (t.d. aldursskipt eða eftir flokkum).
 - Gæta þarf þess að ræða einslega við þá sem eru tengdastir viðkomandi.

- Ef hinn látni er sérstaklega tengdur einhverjum hópi barna eða ungmenna þarf stjórn aðildarfélags eða framkvæmdastjóri HSV að ákveða sérstaklega hver tilkynnir hópnum um andlátíð.
- Mikilvægt er að leitast við að öll börn/ungmennni, sem þekktu ábyrgðaraðilann, fái sömu upplýsingar á sama tíma til að koma í veg fyrir sögusagnir.
- Mikilvægt er að fylgjast með líðan barnanna/ungmennanna sem og annarra ábyrgðaraðila og kalla til aðstoð fagaðila ef með þarf.
- Gefa skal bæði ábyrgðaraðilum og börnum og ungmennum kost á að láta í ljós líðan sína og vangaveltur, t.d. með því að bjóða upp á sérstaka samverustund.
- Æskilegt er að senda bréf/tölvupóst til foreldra/forráðamanna barnanna og ungmennanna þar sem greint er frá andlátinu og væntanlegum breytingum sem kunna að fylgja í kjölfarið.
- Mikilvægt er að koma upplýsingum til þeirra sem voru ekki á staðnum en tilheyra starfinu, svo sem öðrum ábyrgðaraðilum, iðkendum og foreldrum/ forráðamönnum. Mikilvægt er að halda starfseminni áfram og gefa börnunum/ungmennunum tækifæri á að ræða upplifun sína og tilfinningar. Ábyrgðaraðili upplýsir foreldra/forráðamenn og börn/ungmennni um hvernig starfið verði næstu daga.
- Sýna skal hinum látna virðingu. Félag skal sýna hluttekningu á nærgætinn hátt með því að senda samúðarkveðju til aðstandenda hins látna og/eða fara í heimsókn og flagga í hálfa stöng þegar við á.

Útför:

- Fulltrúar HSV og/eða aðildarfélags skrifi minningargrein og séu viðstaddir útförina ef við á.
- Aðstoða skal aðra þátttakendur í félagsstarfi við að skrifa minningargrein og færa aðstandendum blóm/teikningar ef við á.
- Sjálfsagt er að þeir ábyrgðaraðilar sem þess óska séu viðstaddir útförina.
- Huga skal að því hvernig stuðningi við iðkendur og ábyrgðaraðila verði háttað í framhaldinu.

4. Viðbrögð við áföllum sem börn, ungmenni og ábyrgðaraðilar verða fyrir utan félagsstarfs

Þegar barn eða ungmenni verður fyrir áfalli utan félagsstarfs tekur HSV og aðildarfélög þess þátt í viðbrögðum eftir því sem stjórn HSV/aðildarfélags telur nauðsynlegt. Ábyrgðaraðilar skulu vera til staðar og tilbúnir að spjalla við börnin/ungmennin enda getur félagsstarf verið vettvangur þar sem börn/ungmennni eiga sér skjól utan vettvangs sorgarinnar.

4.1 Félagslegar breytingar

Félagslegar breytingar eins og skilnaður foreldra, búferlaflutningar, vinaslit, ástarsorg eða misnotkun ávana- og vímuefna á heimilinu geta haft mikil áhrif á líðan barna og ungmenna. Í þessum tilvikum er

mikilvægt að tryggja góð samskipti við foreldra/forráðamenn og upplýsa þá um mikilvægi þess að ábyrgðaraðili viti af slíkum félagslegum breytingum í lífi barns eða ungmennis.

Ekki skal þvinga börn eða ungmenni til að tjá sig um slíkar félagslegar breytingar. Ábyrgðaraðili á frekar að leitast við að vera til staðar og tilbúinn að grípa tækifærið til umræðu ef barnið/ungmennið sýnir vilja til þess, þó aðstæður séu ekki eins og ábyrgðaraðili kysi helst. Ábyrgðaraðili skal þó ávallt meta það hvort hann sé í stakk búinn til að aðstoða barn eða ungmenni á hverjum tíma eða hvort málinu skuli vísað áfram, t.d. til skóla eða sérfræðinga.

Mögulega geta félagslegar breytingar leitt til vanrækslu á börnum, sjá ferli hér að neðan.

4.2 Alvarleg veikindi eða slys aðstandenda

Komi upp alvarleg veikindi eða slys í aðstandendahópi barns eða ungmennis skal ábyrgðaraðili fá staðfestingu á veikindum eða slysi hjá foreldri eða forráðamanni. Þá tekur ábyrgðaraðili ákvörðun í samráði við aðstandendur um hvaða ferli eigi að fara í gang og upplýsir samstarfsmenn sína.

Huga þarf að eftirfarandi:

- Líðan barns og umgengni við það í starfinu.
- Samskiptum og upplýsingaflæði við heimili barns/ ungmennis.
- Hvort og þá hvernig á að upplýsa aðra þátttakendur í félagsstarfinu.
- Halda ró sinni og gera ekki of mikið úr aðstæðum.

4.3 Andlát aðstandanda

Verði barn eða ungmenni fyrir því að missa aðstandanda skal eftirfarandi gert:

- Ábyrgðaraðili fær staðfestar upplýsingar um atburðinn hjá nánustu aðstandendum barns/ungmennis.
- Ábyrgðaraðili upplýsir næsta yfirmann og óskar eftir aðstoð fagráðs Æskulýðsvettvangsins ef þörf krefur.
- Ábyrgðaraðili tilkynnir hinum þátttakendum í félagsstarfi um andlátið. Hægt er að leita ráða og leiðsagnar hjá fagaðilum (t.d. sálægæluaðilum) ef þörf krefur.
- Samúðarkveðjur frá HSV viðkomandi aðildarfélagi útbúna og þeim komið til fjölskyldunnar.
- Ábyrgðaraðilar undirbúa hvernig tekið verði á móti barninu/ungmenninu þegar það mætir aftur til félagsstarfs.
- Mikilvægt er að hlúa að barninu/ungmenninu og vera vakandi yfir því hvernig það tekst á við sorgina.

4.4 Alvarleg veikindi eða slys barns eða ungmennis

Ef barn eða ungmenni sem er virkur þátttakandi í íþrótt- eða æskulýðsstarfi veikist alvarlega utan félagsstarfs skal ábyrgðaraðili hafa samband við foreldra/forráðamenn og fá allar upplýsingar um veikindin frá fyrstu hendi og fylgjast með framvindu málsins til að geta upplýst aðra í starfinu.

Ábyrgðaraðili skal sýna aðstæðum virðingu án þess að gera meira úr þeim en þarf og sýna hluttekningu á nærgætinn hátt. Hann skal einnig leita samráðs við foreldra/forráðamenn vegna heimsóknna.

Ef barnið/ungmennið heldur áfram að taka þátt í starfinu eða kemur til baka úr veikindafríi skal gæta þess að allir ábyrgðaraðilar séu upplýstir um stöðu mála og hugsanleg viðbrögð eftir því sem við á. Ef þörf er á eru önnur börn og ungmenni einnig upplýst um stöðu mála.

4.5 Andlát barns eða ungmennis

Sá sem fær fréttir af andláti barns eða ungmennis þarf að koma þeim upplýsingum til stjórnenda eins fljótt og auðið er. Fagráð Æskulýðsvettvangsins er kallað til ef þörf er á.

- Stjórn HSV og/eða aðildarfélags kemur saman eftir að tilkynning berst og aflar upplýsinga um andlátið og aðdraganda þess.
- Stjórn/framkvæmdastjóri HSV eða stjórn viðkomandi aðildarfélags í félagi tilkynnir öðrum ábyrgðaraðilum um andlátið.
- Eins fljótt og auðið er skal tilkynna þeim börnum og ungmennum sem hafa unnið mikið með hinum látna um andlátið. Betra er að gera það í minni hópum heldur en að kalla allan hópinn saman (t.d. aldursskipt eða eftir flokkum).
 - Gæta þarf þess að ræða einslega við þá sem eru tengdastir viðkomandi.
 - Ef hinn látni er sérstaklega tengdur einhverjum hópi barna eða ungmenna þarf stjórn félags, framkvæmdastjóri eða yfirmaður í félagi, að ákveða sérstaklega hver tilkynnir hópnum um andlátið.
- Mikilvægt er að leitast við að öll börnin/ungmennin sem þekktu barnið eða ungmennið sem lést fái sömu upplýsingar á sama tíma til að koma í veg fyrir sögusagnir.
- Mikilvægt er að fylgjast með líðan barna/ungmenna og ábyrgðaraðila og kalla til aðstoð fagaðila ef með þarf.
- Gefa skal bæði ábyrgðaraðilum og börnum og ungmennum kost á að láta í ljós líðan sína og vangaveltur, t.d. með því að bjóða upp á sérstaka samverustund.
- Æskilegt er að senda bréf/tölvupóst til foreldra/forráðamanna barnanna og ungmennanna þar sem greint er frá andlátinu og væntanlegum breytingum sem kunna að fylgja í kjölfarið.
- Mikilvægt er að starfsemin raskist sem minnst en sjálfsagt er að fresta öllum skemmtunum.
- Sýna skal hinum látna virðingu. Það er t.d. hægt að gera með því að fara í heimsókn til fjölskyldunnar, senda samúðarkveðju til aðstandenda hins látna og flagga í hálfu stöng þegar við á.

Útför:

- Fulltrúar HSV og/eða aðildarfélags skrifi minningargrein og séu viðstaddir útförina ef við á.

- Aðstoða skal aðra þátttakendur í félagsstarfi við að skrifa minningargrein og færa aðstandendum blóm/teikningar ef við á.
- Sjálfsagt er að þeir ábyrgðaraðilar sem þess óska séu viðstaddir útförina.
- Huga að því hvernig stuðningi við iðkendur og ábyrgðaraðila verði háttað í framhaldinu.

4.6 Alvarleg veikindi eða slys ábyrgðaraðila

Verði ábyrgðaraðili fyrir alvarlegu slysi utan félagsstarfs skal sá sem fær fréttir af slysinu koma þeim upplýsingum til framkvæmdastjóra HSV og stjórnar aðildarfélags eins fljótt og auðið er.

Greina skal öðrum ábyrgðaraðilum og iðkendum í félagsstarfi frá slysinu, ef þörf krefur. Stjórn/framkvæmdastjóri HSV eða ábyrgðaraðili aðildarfélags annast tilkynninguna til þeirra barna og ungmenna sem tengjast þeim sem varð fyrir slysinu, sem og foreldra eða forráðamanna þeirra.

- Gæta þarf þess að ræða einslega við þá sem eru tengdastir viðkomandi.
- Ábyrgðaraðilar þurfa að vera reiðubúnir að mæta viðbrögðum barna og ungmenna.

4.7 Andlát ábyrgðaraðila

Sá sem fær fréttir af andláti ábyrgðaraðila þarf að koma þeim upplýsingum til stjórnar HSV og aðildarfélags og fagraðs Æskulýðsvettvangsins eins fljótt og auðið er.

- Stjórn HSV og/eða aðildarfélags kemur saman eftir að tilkynning berst og aflar upplýsinga um andlátið og aðdraganda þess.
- Stjórn/framkvæmdastjóri HSV eða stjórn viðkomandi aðildarfélags í félagi tilkynnir öðrum ábyrgðaraðilum um andlátið.
- Eins fljótt og auðið er skal tilkynna þeim börnum og ungmennum sem hafa unnið mikið með hinum látna um andlátið. Betra er að gera það í minni hópum heldur en að kalla allan hópinn saman (t.d. aldursskipt eða eftir flokkum).
 - Gæta þarf þess að ræða einslega við þá sem eru tengdastir viðkomandi.
 - Ef hinn látni er sérstaklega tengdur einhverjum hópi barna eða ungmenna þarf stjórn félags, framkvæmdastjóri eða yfirmaður í félagi, að ákveða sérstaklega hver tilkynnir hópnum um andlátið.
- Mikilvægt er að leitast við að öll börnin/ungmennin sem þekktu ábyrgðaraðilann fái sömu upplýsingar á sama tíma til að koma í veg fyrir sögusagnir.
- Mikilvægt er að fylgjast með líðan barna/ungmenna og annarra ábyrgðaraðila og kalla til aðstoð fagaðila ef með þarf.
- Gefa skal bæði ábyrgðaraðilum og börnum og ungmennum kost á að láta í ljós líðan sína og vangaveltur, t.d. með því að bjóða upp á sérstaka samverustund.
- Æskilegt er að senda bréf/tölvupóst til foreldra/forráðamanna barnanna og ungmennanna þar sem greint er frá andlátinu og væntanlegum breytingum sem kunna að fylgja í kjölfarið.
- Mikilvægt er að starfsemin raskist sem minnst en sjálfsagt er að fresta öllum skemmtunum.

- Sýna skal hinum látna virðingu. Það er t.d. hægt að gera með því að fara í heimsókn til fjölskyldunnar, senda samúðarkveðju til aðstandenda hins látna og flagga í hálfa stöng þegar við á.

Útför:

- Fulltrúar HSV og/eða aðildarfélags skrifi minningargrein og séu viðstaddir útförina ef við á.
- Aðstoða skal aðra þátttakendur í félagsstarfi við að skrifa minningargrein og færa aðstandendum blóm/teikningar ef við á.
- Sjálfsagt er að þeir ábyrgðaraðilar sem þess óska séu viðstaddir útförina.
- Huga að því hvernig stuðningi við iðkendur og ábyrgðaraðila verði háttað í framhaldinu.

4.8 Vanræksla/ofbeldi

Eins og segir í kafla 2.3 hér að framan mæla barnaverndarlög nr. 80/2002 fyrir um að hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málum barna sé skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd ef hann hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Ætlast er til þess að ábyrgðaraðilar í íþrótt- og æskulýðsstarfi hafi hlotið fræðslu í barnavernd. Með börnum er í lögunum átt við einstaklinga yngri en 18 ára. Hér er talað um börn og/eða ungmenni.

Misjafnt er hvaða merkingar eru lagðar í orðin vanræksla og ofbeldi. Með orðinu vanræksla er til dæmis vísað til skorts á þrífnaði, umhyggju, börnin ítrekað ekki sótt á áætluðum tíma, útivistartími ekki virtur og svo framvegis.

Með orðinu ofbeldi er bæði átt við hvers kyns ofbeldi sem börn og ungmenni kunna að beita hvert annað og/eða það ofbeldi sem þau verða fyrir af hendi annarra, má þar nefna t.d. orðbragð, hótun, áreitni, einelti, líkamlegt/andlegt ofbeldi og fleira.

Ábyrgðaraðili sem telur að barn eða ungmenni hafi verið vanrækt eða beitt ofbeldi utan félagsstarfsins skal gera næsta yfirmanni sínum viðvart.

- Framkvæmdastjóri HSV eða yfirmaður í aðildarfélagi, skoðar málið nánar og metur hvort málið skuli tilkynnt til fagráðs Æskulýðsvettvangsins. Viðbrögð séu ákveðin eins fljótt og auðið er.
- Samráð við foreldra/forráðamenn. Ef grunur leikur á að foreldrar/forráðamenn beiti börn eða ungmenni ofbeldi er málið tilkynnt til barnaverndaryfirvalda án þess að hafa samráð við foreldra/ forráðamenn. Hlutverk barnaverndaryfirvalda er að kanna mál barnsins/ungmennisins. Ef um vanrækslu er að ræða er málið rætt við foreldra/ forráðamenn fyrst. Ef það ber ekki árangur er málið tilkynnt til barnaverndaryfirvalda.
- Ábyrgðaraðili metur nauðsyn þess að hafa samráð við skóla og aðra fagaðila.
- Ef búið er að vinna í málinu með foreldrum/forráðamönnum án árangurs, þarf að tilkynna málið til barnaverndaryfirvalda.

- Ef barn eða ungmenni beitir annað barn/ungmenni alvarlegu ofbeldi skal tilkynna það til barnaverndaryfirvalda og foreldra/forráðamanna viðkomandi barna/ungmenna (bæði polanda og geranda).

5. Að vinna úr áfalli

Þegar barn eða ungmenni sem er virkur þátttakandi í félagsstarfi verður fyrir alvarlegu áfalli skiptir miklu máli að félag bregðist rétt við.

5.1 Viðbrögð félags ef barn eða ungmenni verður fyrir áfalli

Þegar barn eða ungmenni sem er virkur þátttakandi í félagsstarfi verður fyrir alvarlegu áfalli skiptir miklu máli að bregðist rétt við.

Ábyrgðaraðili skal upplýsa næsta yfirmann sinn ef hann telur að barn eða ungmenni þurfi á aðstoð eða meðferð fagaðila að halda í kjölfar áfalls. Það á t.d. við í eftirfarandi tilvikum:

- Ef atferli barns/ungmennis breytist mikið eftir áfall, ef það t.d. einangrar sig eða verður mjög órólegt. Þó gæti óvenjuleg hegðun barns verið „eðlileg“ í ljósi sorgarferlisins.
- Ef minningar frá áfallinu sækja stöðugt á barnið/ungmennið.
- Ef barnið/ungmennið er miður sín lengi eftir áfall, heldur áfram að eiga í erfiðleikum í starfinu eða sjálfsvígshugsanir sækja á huga barns/ungmennis.
- Ef barn/ungmenni hættir skyndilega eða skrópar ítrekað í félagsstarfi þrátt fyrir mikinn áhuga á starfinu fyrir áfallið.

Stjórn félags og ábyrgðaraðilar skulu hafa eftirfarandi í huga:

- Stjórn HSV og/eða aðildarfélags, framkvæmdastjóri eða yfirmaður í félagi, metur hvort kalla skuli til fagráð Æskulýðsvettvangsins til samráðs.
- Meta skal, í samráði við fagráð Æskulýðsvettvangsins þegar við á, hvort hópur barna/ungmenna þurfi aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga inn á starfsstaðinn, t.d. áfallahjálpi eða sálgæslu.
- Sýna skal fjölskyldu í áfalli virðingu, fulltrúar félagsins (gæta þess að þeir aðilar sem tengjast barninu/ungmenninu mest séu í heim hópi) fara í heimsókn ef við á og félagið sendir fjölskyldunni eitthvað til að sýna hluttekningu.

Stjórn HSV og/eða aðildarfélags, í samráði við fagráð Æskulýðsvettvangsins þegar við á, skal:

- Undirbúa ábyrgðaraðila undir að vera ávallt tilbúin til að ræða atburðinn þó þeir kysu að barnið/ungmennið spyrði út í atburðinn við aðrar aðstæður. Mikilvægt að segja ekki: “Við skulum ræða þetta seinna.”
- Ábyrgðaraðilar skulu hvattir til að fylgjast með líðan barna og ungmenna þegar frá líður og koma málum einstakra barna/ungmenna í réttan farveg ef eitthvað er.
- Stjórn HSV og/eða aðildarfélags, í samræmi við fagráð Æskulýðsvettvangsins þegar við á, skal hlúa að ábyrgðaraðilum og útvega sérfræðinga ef með þarf fyrir hópinn eða einstaklinga.

5.2 Viðbrögð félags ef ábyrgðaraðili verður fyrir áfalli

Þegar ábyrgðaraðili sem er virkur þátttakandi í félagsstarfi verður fyrir alvarlegu áfalli skiptir miklu máli að HSV/aðildarfélag bregðist rétt við og styðji ábyrgðaraðilann.

Stuðningur við ábyrgðaraðila:

- Yfirmenn sýni ábyrgðaraðila stuðning/umhyggju, séu til staðar fyrir hann og hafi reglulega samband við viðkomandi næstu daga á eftir.
- Sýna skal viðkomandi í áfalli virðingu, fulltrúar fari í heimsókn ef við á og sendi viðkomandi eitthvað til að sýna hluttekningu.
- Leyfa skal viðkomandi að hafa áhrif á hvaða upplýsingar séu gefnar þátttakendum í félagsstarfi.
- Ef einstaklingur á sérstaklega erfitt eftir atburðinn, ef hann t.d. hættir að mæta, mætir óreglulega eða segist vilja hætta, gæti viðkomandi þurft á utanaðkomandi hjálp að halda. Yfirmaður skal aðstoða hann við finna viðeigandi þjónustu, t.d. aðstoð hjá sérfræðingum, eða annars konar þjónustu sem ábyrgðaraðilinn telur sig þurfa.

6. Reglur um ferðir

Mikilvægt er að ákveðin skilyrði séu uppfyllt áður en farið í ferð, hvort sem um er að ræða stutta eða langa ferð, til þess að tryggja öryggi allra sem í ferðina fara.

6.1 Áður en lagt er af stað

Áður en lagt er upp í ferð er skylt að uppfylla neðangreind, hvort sem um er að ræða dagsferð eða ferð til lengri tíma:

- Ferðin þarf að vera með vitund og samþykki ábyrgðaraðila.
- Liggja skal fyrir skriflegt eða rafrænt samkomulag foreldra/forráðamanna.
- Fararstjórar skulu ávallt vera tveir ef mögulegt er. Ef um blandaðan hóp er að ræða skulu fararstjórar vera bæði karlmaður og kvenmaður. Þeir þurfa að hafa náð 18 ára aldri.
- Æskilegt er að fararstjóri eigi gilt skyndihjálparskírteini.
- Ef fleiri en 20 börn eða ungmenni fara í ferð bætist einn aðstoðarmaður við fararstjórana tvo, á hver sex börn eða ungmenni.
- Viðeigandi sjúkragögn verða að vera með í ferð.

Í ferðum þarf að skrá veikindi, slys (sjá fylgiskjal) og annað sem kemur upp á og gæti orkað tvímælis og tilkynna yfirmanni innan félags.

6.2 Upplýsingar til foreldra

Öll börn og ungmenni sem fara í ferðir á vegum félags skulu fá upplýsingablöð um ferðina. Meðal annars skal koma fram:

- Nafn og sími ábyrgðaraðila.
- Nafn og sími yfirmanns og/eða tengiliðar innanbæjar.
- Dagsetningar ferðar.
- Viðkomu- og gististaðir og aðbúnaður þar.
- Markmið ferðarinnar.
- Brottfararstaður og stund.
- Helstu dagskrárliðir.
- Áætlaður tími heimkomu.
- Ábendingar um útbúnað.
- Hvað telst innifalið í þátttökugjaldi.
- Ábendingar um óæskilegan farangur ef þess er þörf.
- Skriflegt/rafrænt samþykki foreldra/forráðamanna fyrir þátttöku barns eða ungmennis.

7. Samskipti við fjölmiðla

Grunnregla í samskiptum við fjölmiðla er sú að hafa aðeins einn talsmann í hverju máli. Ef fjölmiðill hefur samband og leitar upplýsinga vegna atviks sem upp hefur komið er brýnt að vísa málinu til þess talsmanns sem eftir atvikum er framkvæmdastjóri, upplýsingafulltrúi eða ákveðinn yfirmaður félagsins.

- Upplýsa skal talsmanninn strax um alla málavöxtu til að hann geti undirbúið viðbrögð og svör til fjölmiðla.
- Talsmaðurinn svarar fjölmiðli strax til þess að koma í veg fyrir að miðillinn leiti annað eftir upplýsingum.
- Ef talsmaðurinn hefur ekki nægar upplýsingar þegar fjölmiðillinn hringir svarar hann engu að síður með þeim orðum að hann þurfi að kynna sér málið betur og hafi samband innan stutts tíma, 10 til 20 mínútna. Þar með hefur hann gefið til kynna að hann muni svara fjölmiðlinum og dregur um leið úr líkum á því að fjölmiðillinn leiti annað eftir upplýsingum.

8. Fylgiskjöl

Slysaskýrslu og tilkynningu um einelti er hægt að hlaða niður af vef Æskulýðsvettvangsins, aev.is